HRAFNHILDUR VIÐARSDÓTTIR

Fann árshátíðarkjólinn á uppboðssíðu á netinu

• tíska • heilsa • heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

SIGURÐUR VALDIMAR

Íslendingur á klámráðstefnunni

Keypti pakkann fyrir 100 þúsund krónur

FÓLK 50

BT
BT bæklingur fylgir Fréttablaðinu í dag

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. febrúar 2007 — 52. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

FIMMTUDAGUR

Samfélagsverðlaunin veitt í dag

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða afhent í dag. Þetta er í annað sinn sem verðlaunin eru veitt.

SÍÐA 16

Núllstigin út

Eiríkur Hauksson verður með í samnorrænu Eurovision-þáttunum

FÓLK 50

Óttaslegnir ójafnaðarmenn

„Í stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins síðan löngu fyrir aldamót hefur ójöfnuður í tekjuskiptingu hér innan lands aukizt meira og hraðar en nokkur þekkt dæmi eru um frá öðrum löndum," segir Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 26

Bikarmeistararnir í úrslit

Bikarmeistarar Stjörnunnar í karlaflokki og meistarar Hauka í kvennaflokki komust bæði í bikarúrslitaleikina í gærkvöldi.

ÍÞRÓTTIR 46

VEÐRIÐ Í DAG



BJART Í BORGINNI - Í dag verður austan stormur með suður- og suðausturströndnni annars hægari. Stöku él austan til en bjart veður á Suðvestur- og Vesturlandi. Hiti um eða undir frostmarki.

VEÐUR 4

Fleiri erlendar konur leita í Kvennaathvarf

Um fjörutíu prósent þeirra kvenna sem leita til Kvennaathvarfsins eru af erlendum uppruna. Framkvæmdastýra athvarfsins segir fé skorta til að sinna þeim. Ekki séu efni til að kaupa túlkaþjónustu nema í brýnustu tilvikum.

SAMFÉLAGSMÁL Af konum sem komu til dvalar í Kvennaathvarfið í fyrra voru fjörutíu prósent þeirra frá öðrum löndum en Íslandi.

„Maður verður stundum var við að fólki finnst minni vandi felast í því að útlenskar konur séu beittar ofbeldi," segir Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, og minnir á að konur sem verða fyrir ofbeldi séu ekki vandi, það séu ofbeldismennirnir. Tölfræðin sýni fram á að þeir séu í langflestum tilvikum íslenskir karlmenn.

HLUTFALL ERLENDRA KVENNA Í DVÖL Í KVENNAATHVARFINU

1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
27%	24%	26%	22%	38%	30%	39%	40%

Sigþrúður segir athvarfið þurfa meira fjármagn til að sinna þessum konum. Erlendar konur sem dvelja í Kvennaathvarfinu þarfnist oft meiri stuðnings og leiðbeininga vegna tungumálaörðugleika, takmarkaðrar þekkingar á réttarstöðu sinni og íslenska kerfinu. Ekki séu efni til að kaupa túlkaþjónustu nema í alvarlegustu tilvikum og því skorti mikið á að starfsmenn geti veitt þá hjálp sem þeir vildu með viðtölum. Hún bendir einnig á að hátt hlutfall erlendra kvenna miðað við fjölda útlendinga í landinu skýrist af því að erlendar konur eigi ekki í önnur hús að venda en Kvennaathvarfið þegar þær flýja heimili sitt vegna ofbeldis. Íslenskar konur geti líka leitað annað.

- kdk / sjá síðu 18

Átti að hjálpa til við rannsókn:

Ásökunum um samning hafnað

BAUGSMÁL Tryggvi Jónsson, einn sakborninga í Baugsmálinu, sagði í réttarsal í gær að hann hefði fengið þau skilaboð frá lögreglu við upphaf rannsóknar á málinu að ef hann hjálpaði til við að „ná" Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, forstjóra Baugs Group, myndi staða hans vegna rannsóknarinnar breytast.

Tryggvi sagði þetta hafa komið fram í samtali Arnars Jenssonar, fyrrverandi aðstoðaryfirlögregluþjóns hjá ríkislögreglustjóra, og lögmanns síns á þeim tíma, Andra Árnasonar hrl.

Arnar hafnar þessum ásökunum alfarið og segir slíkt úr lausu lofti gripið.

Af og frá sé að Tryggva, eða nokkrum öðrum í þessu máli, hafi verið boðið nokkurs konar samkomulag við yfirheyrslu hjá lögreglu.

- bj / sjá síðu 10

FÁÐU ÞÉR SKYR Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra leyfir bandarískra kokkinum Robert Gadsby að smakka íslenskt skyr. Gadsby verður gestakokkur á veitingahúsi Sigga Hall, sem stendur til hægri, en á hátíðinni setja tólf matreiðslumeistarar saman sérstakan matseðil á jafn mörgum veitingahúsum borgarinnar.

Food and Fun í sjötta sinn:

Kokkar sýna kúnstir sínar

MATUR Matar- og skemmtihátíðin Food and Fun var sett á Nordica-hóteli í gær, og stendur hún fram á sunnudag. Þetta er í sjötta skipti sem hátíðin er haldin í Reykjavík. Meðan á henni stendur munu tólf heimskunnir matreiðslumeistarar setja saman sérstaka matseðla á tólf veitingastöðum.

Robert Gadsby, yfirkokkur á Noé Restaurant & Bar í Los Angeles og Houston í Bandaríkjunum, er einn þeirra og mun hann reiða fram rétti á veitingahúsi Sigga Hall. Hann notaði tækifærið og smakkaði íslenskt skyr við setningu hátíðarinnar.

„Hátíðin leggst vel í okkur veitingamenn þetta árið," sagði Siggi Hall í gærkvöldi. „Ég er viss um að þessir góðu kokkar sem eru komnir til landsins eiga eftir að lífga upp á borgarlífið á meðan hátíðin stendur yfir."

- sþs

2. TÖLUBLAÐ ER KOMIÐ ÚT KRONIKAN.IS

Tæpur þriðjungur breska heraflans í Írak kallaður heim á næstu vikum:

Breskt og danskt herlið heim

BRETLAND, AP Tæplega þriðjungur af herafla Bretlands í Írak verður kallaður heim á næstu vikum. Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, greindi frá þessu á breska þinginu í gær.

Kvöldið áður skýrði Blair George W. Bush, forseta Bandaríkjanna, frá þessum áformum og tók hann vel í þau. Bush sagði þetta vera til marks um hvað Bretar hefðu náð góðum árangri á sínum svæðum í Írak. Blair setti þann fyrirvara á brottflutning breskra hermanna að tryggt væri að Írakar gætu tekið að sér yfirstjórn öryggismála á viðkomandi svæðum. Breskur herafli hefur einkum verið í fjórum héruðum í suðausturhluta landsins og fjarri átökunum í Bagdad.

Þegar mest var voru 40.000 breskir hermenn í Írak. Fyrir tveimur árum var fjöldinn kominn niður í níu þúsund og í dag eru rúmlega sjö þúsund breskir hermenn í Írak.

Á svipuðum tíma og Blair ræddi þessi áform í breska þinginu greindi Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, frá því að allur herafli Danmerkur í Írak verði kallaður heim fyrir haustið. Í staðinn verða sendar út fjórar þyrlur sem verða þar út árið.

- sdg / sjá síðu 8

SPURNING DAGSINS

Baldur, geta rafvirkjanemarnir ekki lagað andrúmsloftið?

„Jú, þeir eru svo miklir spennufíklar."

Andrúmsloftinu í Iðnskólanum í Reykjavík er lýst sem rafmögnuðu vegna deilna um fyrirhugaða sameiningu hans og Fjöltækniskólans í Reykjavík. Baldur Gíslason er skólameistari Iðnskólans.

Ekki útilokað að mál gegn Skeljungi verði útkljáð utan dómstóla:

Niðurstaðan er hálfur sigur

OLÍUSAMRÁÐ Sigurður Hreinsson, trésmiður frá Húsavík, er sáttur við að Ker hf., áður Olíufélagið hf., hafi verið dæmt til að greiða honum fimmtán þúsund króna skaðabætur í Héraðsdómi Reykjavíkur á föstudaginn. Olíufélagið tók þátt í ólögmætu verðsamráði olíufélaganna ásamt Olís og Skeljungi á árunum 1993 til 2001, Sigurður keypti bensín af Olíufélaginu fyrir um 1,1 milljón á árunum 1995 til 2001.

Með dómnum voru einstaklingi í fyrsta skipti dæmdar bætur vegna verðsamráðs olíufélaganna. Ker mun áfrýja dómnum til Hæstaréttar. Að sögn Sigurðar er leikurinn því aðeins hálfnaður. „Nú er búið að greiða leiðina fyrir frekari málaferlum einstaklinga gegn olíufélögunum," segir Sigurður.

SIGURÐUR HREINSSON Trésmiðurinn frá Húsavík er sáttur við niðurstöðuna í skaðabótamálinu gegn olíufélögunum en segir hana aðeins hálfan sigur.

Steinar Guðgeirsson, lögmaður Sigurðar, segir að um 150 einstaklingar, sem telja sig hafa beðið fjárhagslegan skaða vegna samráðsins, bíði eftir niðurstöðunni í máli Sigurðar.

Hörður Felix Harðarson, lögmaður Skeljungs, segir langt í að Skeljungur taki ákvarðanir um hvernig brugðist verði við því ef einstaklingar höfða skaðabótamál gegn félaginu. Hann segir að Skeljungur muni bíða eftir niðurstöðu Hæstaréttar í málinu. Hörður segir að ef til þess komi að einstaklingar ætli að höfða skaðabótamál gegn Skeljungi sé ekki útilokað að slík mál yrðu útkljáð utan dómstóla en að of snemmt sé að fullyrða um það.

- ifv

Þriðja útkallið á stuttum tíma:

Táningur tryllist vegna netbanns

LÖGREGLUMÁL Foreldrar unglings kölluðu í lögreglu í vikunni þegar unglingurinn sætti sig ekki við að nettenging hans hafði verið tekin úr sambandi. Þetta er í þriðja skiptið á nokkrum vikum sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu sinnir útkalli af þessum toga.

Í tilkynningu frá lögreglu segir að foreldrar drengsins hafi brugðið á það ráð að taka beini (router) úr sambandi til að takmarka tölvunotkun hans. Hann tók því mjög illa og kom til stimpinga.

Ekki hlutust neinir áverkar eða skemmdir af átökunum.

- sþs

Afdrifarík atkvæðagreiðsla:

Romano Prodi hefur sagt af sér

ÍTALÍA, AP Romano Prodi, forsætisráðherra Ítalíu, sagði af sér á sjöunda tímanum í gærkvöld eftir að stjórn hans hafði tapað atkvæðagreiðslu í þinginu í gær. Áætlunin snerist um utanríkisstefnu landsins og fól meðal annars í sér hernaðaraðgerðir í Afganistan. Alls 158 þingmenn greiddu atkvæði með utanríkisstefnu Prodis en 160 atkvæði þurfti til að ná meirihluta. Atkvæðagreiðslan var ekki bindandi en utanríkisráðherra Ítalíu, Massimo D´Alema, hafði sagt að ríkisstjórnin ætti að segja af sér ef hún tapaði atkvæðagreiðslunni. Eftir að úrslitin voru kunn kallaði stjórnarandstaðan strax eftir afsögn stjórnarinnar.

ROMANO PRODI

- sdg

Utandagskrárumræða:

Úrræðaleysi í málefnum fíkla

STJÓRNMÁL Margrét Frímannsdóttir var harðorð í garð stjórnvalda á Alþingi í gær og gerði meint úrræðaleysi stjórnvalda í málefnum langt leiddra fíkla að umtalsefni. Spurði hún hvort ekki væri vilji til að efla starfsemi fagaðila eins og SÁÁ, fremur en að styrkja stofnanir sem ekki veita viðurkennda meðferð.

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra sagðist ætla að beita sér fyrir eflingu SÁÁ og benti á að aðgengi að áfengismeðferð sé óvíða betra en hér á landi.

Margrét sagði þá Siv fara með þvaður. Byrgið hafi til dæmis verið stofnað af því að fíklarnir hafi verið á götunni.

- kóþ

Hvattir til að samþykkja stækkunina

Fyrrverandi starfsmanni Alcan boðin vinna við að hvetja Hafnfirðinga til að greiða atkvæði með stækkun álversins í Straumsvík. Alcan hefur stofnað kosningateymi starfsmanna sem á að fá Hafnfirðinga til að samþykkja stækkun.

STÓRIÐJA Starfsmaður fyrirtækisins Alcan, sem rekur álverið í Straumsvík, hringdi í fyrrverandi starfsmann álversins og bauð honum launaða vinnu hjá Alcan við að hringja í Hafnfirðinga til að biðja þá um að samþykkja stækkun álversins í Straumsvík. Fyrrverandi starfsmaðurinn vill ekki koma fram undir nafni.

Þegar maðurinn, sem er íbúi í Hafnarfirði og fór á eftirlaun fyrir tveimur árum, neitaði boði Alcan á þeim forsendum að hann væri á móti stækkun álversins var hann beðinn um að gera Alcan þann greiða að skila auðu í kosningunum.

Hafnfirðingar munu kjósa um fyrirhugaða stækkun álversins í Straumsvík 31. mars næstkomandi. Ef þeir samþykkja stækkunina mun framleiðslugeta álversins aukast úr 180 þúsund tonnum á ári í 460 þúsund.

> Alcan hvetur starfsmenn fyrirtækisins til að leggja sínum vinnustað lið, hvernig svo sem þeir gera það.
>
> **HRANNAR PÉTURSSON**
> UPPLÝSINGAFULLTRÚI ALCAN

Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan, segir að forráðamenn Alcan hvetji starfsmenn til að greiða atkvæði með stækkuninni. Hann segir einnig að Alcan hafi hvatt starfsmenn sína til að fá Hafnfirðinga til að greiða atkvæði með stækkuninni. Aðspurður staðfestir hann að stofnað hafi verið kosningateymi skipað starfsmönnum Alcan sem miðli upplýsingum um stækkunina.

ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan, segir eðlilegt að fyrirtækið hvetji starfsmenn sína og aðra til að samþykkja stækkun álversins í Straumsvík.

Hrannar neitar því að fyrrverandi starfsmönnum hafi verið boðin vinna við að hvetja Hafnfirðinga til að samþykkja stækkun. „Alcan hvetur starfsmenn fyrirtækisins til að leggja sínum vinnustað lið, hvernig svo sem þeir gera það. Starfsmönnum fyrirtækisins er svo frjálst að hringja í þá sem þeir vilja. Við munum hvetja hvern þann sem tekur þátt í kosningunum að greiða atkvæði Alcan í hag," segir Hrannar. Hann líkir aðferð fyrirtækisins við kosningabaráttu stjórnmálaflokka og segir hana ekki óeðlilega.

Tryggvi Skjaldarson, starfsmaður álversins og meðlimur í kosningateymi Alcan, segir að vinna teymisins gangi út á að fá fólk til að greiða atkvæði með stækkun. Tryggvi fær greidd laun fram að kosningunum fyrir vinnu sína í teyminu. Hann er sannfærður um að kosningateymið muni reyna að fá alla Hafnfirðinga og fyrrverandi starfsmenn álversins til að kjósa með stækkuninni en að það hafi enn ekki verið gert. „Þetta er kosningaslagur og við ætlum að taka hann," segir Tryggvi.

ingifreyr@frettabladid.is

SAUÐÁRKRÓKUR Ágreiningur er um fréttaflutning í Skagafirði. MYND/ÁSGEIR

Sveitarstjórn gagnrýnd:

Sögð misnota heimasíðu

SVEITARSTJÓRNIR Sjálfstæðismenn í sveitarstjórn Skagafjarðar segja meirihluta Samfylkingar og Framsóknarflokks nýta heimasíðu sveitarfélagsins sem áróðursvettvang. Tvö nýleg dæmi um þetta séu fréttir um skólamál og byggingu leikskóla þar sem hvergi sé getið afstöðu minnihlutans. Fulltrúi vinstri grænna segir meðferð meirihlutans á heimasíðu sveitarfélagsins vera forkastanlega. Fulltrúar meirihlutans segja á móti að jákvæðar fréttir virðist fara fyrir brjóstið á fulltrúum minnihlutans en að meirihlutinn ætli ekki að liggja á slíkum fréttum.

- gar

Sýknaður af kynferðisbroti:

Ósakhæfur vegna aldurs

DÓMSMÁL Ungur karlmaður var sýknaður af kynferðisbroti gegn stúlkubarni í Héraðsdómi Vesturlands í gær. Manninum var gefið að sök að hafa brotið gegn fimm ára gamalli stúlku sumarið 2003, þegar hann var sjálfur fjórtán ára, með því að stinga getnaðarlim sínum í munn hennar.

Stúlkan greindi frá atburðinum í fyrra og gekkst maðurinn við verknaðinum fyrir dómi. Hann hafði hins vegar ekki náð sakhæfisaldri þegar brotið átti sér stað og því var maðurinn sýknaður. Honum var hins vegar gert að greiða stúlkunni 300 þúsund krónur í miskabætur.

- þsj

BÍLL DAGSINS
TOYOTA COROLLA WAGON
Nýskr. 06.03 - Sjálfskiptur - Ekinn 59 þús. km. - Allt að 100% lán.

Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Kennarar í Fjöltækniskólanum jákvæðir í garð sameiningar við Iðnskólann:

Sameinaður skóli mun öflugri

MENNTAMÁL Gagnrýni á sameiningu Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskóla Íslands (FÍ) er byggð á misskilningi að mati Jóns B. Stefánssonar, skólameistara FÍ. Hann segir ótta kennara Iðnskólans um réttindamissi og að vissar iðngreinar komi til með að líða fyrir breytingarnar ástæðulausan þar sem réttindi kennara séu vel tryggð og námsframboð verði aukið.

„Við erum að reyna að fá meira frelsi inn í skólann og atvinnulífið með okkur sem stóreykur tækifæri nemenda," segir Jón og minnir á að öll skólastig séu nú í hraðri endurskoðun. „Ég bendi á að þegar Stýrimanna- og Vélskólanum var breytt í tækniskóla þá fjölgaði nemendum og vegna rekstrarformsins þá var aðstaða nemenda bætt stórlega," segir Jón. Hann segir að kennarar Fjöltækniskólans séu almennt ánægðir með sameiningaráformin enda tali þeir af reynslu þar sem þeir hafi starfað undir áþekku rekstrarformi og sameinaðir skólar muni starfa eftir.

JÓN B. STEFÁNSSON Segir að verið sé að stofna nýjan skóla á grunni tveggja skóla og ekki sé um yfirtöku að ræða. Ekki er verið að leggja annan hvorn skólann niður.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Sigurður Ingi Andrésson, trúnaðarmaður kennara í FÍ, segist halda að kennarar skólans séu spenntir fyrir sameiningu. „Við sjáum í þessu tækifæri frekar en neikvæðar breytingar. Helsta gagnrýnin sem ég hef heyrt er varðandi húsnæðismál og að kennt verði á tveimur stöðum. Það hafa vaknað spurningar um hvernig því verður blandað saman."

- shá

Vextir vega þyngra en kjöt!

Meðalheimilið hér á landi greiðir rúmar 8.000 krónur á mánuði í yfirdráttarvexti. Sama heimili ver rúmum 5.000 krónum til kaupa á kjúklinga- og svínakjöti á mánuði.

Raunlækkun kjúklinga- og svínakjötsverðs á síðustu 14 árum um 40-50% er staðreynd.

Til upplýsingar fyrir neytendur skýrir þessi jákvæða þróun að kostnaður vegna kjúklinga- og svínakjöts hefur lækkað niður í um 1,5% af heildarútgjöldum heimilanna.
Meðalheimilin verja nú rúmum 5.000 krónum á mánuði til kaupa á kjúklinga- og svínakjöti en í samanburði greiða þau um 8.000 krónur í yfirdráttarvexti mánaðarlega.

Sannleikurinn er sá að þó við gæfum neytendum allt kjúklinga- og svínakjötið munar meðalheimilið samt meira um 0,5% vaxtalækkun!

Umræða um verðlag á Íslandi verður að snúast um miklu fleiri þætti en innlenda búvöruframleiðslu, sem Íslendingar vita að er betri að gæðum og hreinleika en innflutt vara.
Okkar ósk er að kjúklinga- og svínarækt verði af hálfu ríkisvaldsins búið það umhverfi að greinin veikist ekki heldur hafi alla burði til áframhaldandi góðra verka fyrir íslensk heimili.

FÉLÖG KJÚKLINGA- OG SVÍNABÆNDA Á ÍSLANDI

Heimild: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands

GENGIÐ 21.02.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	66,15	66,47
Sterlingspund	128,99	129,61
Evra	86,93	87,41
Dönsk króna	11,658	11,726
Norsk króna	10,796	10,86
Sænsk króna	9,36	9,414
Japanskt jen	0,5474	0,5506
SDR	99,13	99,73

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
119,0029
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Aukin tengsl bræðraþjóðanna Íslands og Færeyja:

Eiður ræðismaður í Færeyjum

STJÓRNSÝSLA Eiður Guðnason sendiherra verður aðalræðismaður Íslands í Þórshöfn í Færeyjum á nýrri sendiráðsskrifstofu sem þar verður stofnuð í aprílmánuði.

„Þetta er auðvitað yfirlýsing um mikilvægi samskipta okkar við Færeyinga," segir Eiður, sem er mjög spenntur yfir þessu nýja starfi. Hann þekkir eyjarnar vel eftir margar heimsóknir vegna starfa sinna sem þingmaður og ráðherra. Hann segist kunna afar vel við „okkar næstu nágranna" og eiga þar ágæta kunningja.

RÆÐISMANNSHJÓNIN Eiður Svanberg Guðnason og Eygló Helga Haraldsdóttir.

Með nýrri skrifstofu Íslendinga á eyjunum skulu tengsl við Færeyinga efld á sviði viðskipta og menningar. Nýlega var undirritaður samningur milli þjóðanna, sem kenndur er við Hoyvík. Markmið hans er að koma á fót sameiginlegu efnahagssvæði Íslands og Færeyja, til að mynda er stefnt að fullri fríverslun með landbúnaðarvörur.

„Íslendingar stofna þessa skrifstofu í góðri samvinnu við Dani og Færeyinga," segir Eiður. Íslensk ræðismannsskrifstofa hefur verið í Færeyjum í sextíu ár. Hingað til hefur þar starfað ólaunaður kjörræðismaður.

Skrifstofan verður til húsa í Fógetastofunni, í hjarta Þórshafnar. - kóþ

Utandagskrárumræður:

Athygli vakin á tekjurannsókn

STJÓRNMÁL Guðjón Ólafur Jónsson þingmaður vakti í gær athygli á rannsóknum Ragnars Árnasonar um tekjur Íslendinga 1993 til 2005; að samkvæmt þeim hafi tekjur hinna lægst launuðu ekki minnkað. Sagði hann þögn stjórnarandstöðu um þetta „ærandi".

Þingmenn stjórnarandstöðu minntust þá á verðlag og „verðbólguskatt". Ögmundur Jónasson sagði það óumdeilt að kaupmáttur hefði aukist, miðað við meðaltal. Frekar en miða við meðaltal mætti þó spyrja hvort auðveldara væri að vera tekjulítill og húsnæðislaus nú, en áður. - kóþ

Róttæklingar stóðu fyrir skemmdunum

Erlendur hópur róttækra umhverfisverndarsinna hefur lýst sig ábyrgan á skemmdum á vinnuvélum Ístaks í Hraunsvík fyrr á árinu. Taldi hópurinn sig vera að vinna gegn stækkun álversins í Straumsvík. Tjón hleypur á milljónum króna.

LÖGREGLUMÁL Hópur róttækra umhverfissinna sem kallar sig Earth Liberation Front (ELF) hefur játað á sig skemmdarverk sem unnin voru á vinnuvélum í Hraunsvík í byrjun janúar á þessu ári.

Í yfirlýsingu samtakanna segir að skotmark þeirra hafi verið álver Alcan í Straumsvík en þau töldu að framkvæmdir við stækkun þess væru þegar hafnar. Vélarnar sem voru skemmdar tengdust hins vegar Alcan ekki á neinn hátt heldur eru þær í eigu Ístaks sem er að byggja skólpdælustöð í Hraunsvík, skammt frá álverinu.

Loftur Árnason, framkvæmdastjóri Ístaks, segir að tjónið sem unnið var á vélunum hlaupi á milljónum króna. „Það var klipptur í sundur rafmagnsbúnaður og vökvalagnir auk þess sem stýrisbúnaður var skemmdur. Þeir sem voru þarna að verki hafa greinilega ekki verið kunnir tungumálinu því þá hefðu þeir getað lesið á skiltið þar sem á stóð hvað væri verið að byggja. En það er alveg ljóst að þetta fólk kunni til verka og skemmdi viðkvæmustu staðina í vélunum."

Hörður Jóhannesson, aðstoðarlögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, staðfestir að kæra hafi borist vegna skemmdarverkanna en á þeim tíma hafi ekki legið fyrir neinar vísbendingar um hverjir hafi verið þarna að verki. Hann segir rannsókn málsins standa yfir.

Pétur Óskarsson, talsmaður samtakanna Sól í Straumi, sem barist hafa gegn stækkun álversins, fordæmir framgöngu ELF og

SKAMMSTÖFUN SAMTAKANNA Þeir sem unnu skemmdarverkin í Hraunsvík merktu þau kirfilega hópi sem kallar sig Earth Liberation Front (ELF).

segir meðlimi hópsins vera óprúttna glæpamenn. Hann telur skemmdarverkin þó ekki eiga eftir að hafa áhrif á komandi kosningabaráttu varðandi stækkun álversins. „Við höfum að sjálfsögðu ekkert með þennan hóp að gera. Þetta á ekkert skylt við þá umræðu sem á sér stað hér í Hafnarfirði varðandi stækkun álversins og er mjög málefnaleg meðal bæjarbúa."

Skemmdarverkunum var líkt og fyrr segir beint gegn Alcan. Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi fyrirtækisins, segir að fyrirtækið taki svona fregnum mjög alvarlega. „Það eru vissulega vonbrigði að fólk noti meðul af þessu tagi og teljum þau ekki gott innlegg í þá kosningabaráttu sem er í gangi."

Yfirlýsing samtakanna birtist bæði á heimasíðu samtaka sem kalla sig Earth First! og á heimasíðu Saving Iceland, samtaka sem vinna að verndun íslenskrar náttúru. Í fréttatilkynningu Saving Iceland sem send var fjölmiðlum í gær segjast samtökin ekki vera ábyrg fyrir, né tengjast, aðgerðum sem þau segja frá nema slíkt sé skýrt tekið fram.

thordur@frettabladid.is

VERÐLAUN Frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrir miðju, ásamt fulltrúum í menntaráði og undirbúningsnefnd verðlaunanna.

Ný íslenskuverðlaun:

Auka áhuga á íslenskri tungu

MENNTUN Menntasvið Reykjavíkurborgar efnir til íslenskuverðlauna fyrir reykvísk skólabörn. Verðlaununum verður úthlutað árlega, á Degi íslenskrar tungu hinn 16. nóvember. Verndari verðlaunanna er frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands.

Í tilkynningu segir að markmið verðlaunanna sé að auka áhuga æskufólks á íslenskri tungu og hvetja það til framfara í tjáningu talaðs máls og ritaðs. Verðlaunin fá nemendur sem tekið hafa framförum eða náð góðum árangri í íslensku, hvort sem þeir hafa hana að móðurmáli eða læra hana sem annað tungumál. - sþs

LÖGREGLUMÁL

Yfirmaður fíkniefnadeildar

Karl Steinar Valsson aðstoðaryfirlögregluþjónn verður nýr yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Hann hefur verið aðstoðaryfirlögregluþjónn í almennri deild lögreglunnar frá árinu 2002.

KÓKAÍNIÐ sem maðurinn er talinn hafa smyglað til Íslands vegur tæp fjögur kíló.

Smygl á kókaíni að aukast:

Níu kíló tekin á skömmum tíma

LÖGREGLUMÁL Þau tæpu fjögur kíló af kókaíni sem karlmaður á fertugsaldri er grunaður um að hafa smyglað inn til landsins er mesta magn efnisins sem lagt hefur verið hald á hér á landi. Maðurinn var handtekinn í byrjun febrúar og situr nú í gæsluvarðhaldi.

Allt í allt lögðu lögregla og tollverðir hald á tæplega þrettán kíló af kókaíni á síðasta ári. Þar af voru tæp níu kíló tekin í þremur aðskildum málum frá byrjun ágúst og fram í lok nóvember. Þessi þrjú mál eru langstærstu kókaínmál sem upp hafa komið á Íslandi. - þsj

Fundað um Laugardalinn:

Leiksvæði undir fjölbýlishús

UMHVERFISMÁL Íbúasamtök Laugardals og foreldrafélag Langholtsskóla blása til fundar um Laugardal framtíðarinnar í dag. Ástæðan er að skipulagsyfirvöld í Reykjavík hyggjast taka leiksvæði barna í dalnum undir fjölbýlishús.

Í tilkynningu segir að stöðugt sé þrengt að dalnum sem náttúruperlu og að borgarbúar verði að vera á varðbergi gagnvart skipulagsbreytingum sem þessum. Borgarstjóra er boðið á fundinn ásamt öðrum sem fara með skipulagsmál borgarinnar. - shá

Sjálfsvíg

Fræðslufundur í Neskirkju í kvöld 22. febrúar kl. 20-22.
Fyrirlesari sr. Birgir Ásgeirsson
Allir velkomnir!



NÝ DÖGUN
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

ÁGÆTAR HELGARHORFUR
Vægt frost einkennir kortin næstu daga og vind lægir smám saman er nær dregur helgi. Á laugardag og sunnudag eru horfur á fremur rólegum norðlægum áttum með éljagangi nyrðra og björtu með köflum syðra.

VÍÐA ÉL Á NORÐURLÖNDUNUM
Fremur svalt er í Norður-Evrópu og í höfuðborgum Norðurlandanna er yfirleitt éljagangur og vægt frost.

VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG
Norðaustan 5-10 m/s og bjartviðri. Hiti um frostmark að deginum.

VEÐURSPÁ

um hádegi »



» á morgun



13-18 m/s sunnan til annars 8-13 m/s.

» laugardagur



5-10 m/s

um hádegi »

Kaupmannahöfn	1°C	snjóél	London	11°C	rigning	Alicante	18°C	skyjað
Þórshöfn	8°C	skúrir	París	13°C	skúrir	Mallorca	18°C	skýjað
Osló	-6°C	snjóél	Frankfurt	11°C	skúrir	Algarve	18°C	skúrir
Stokkhólmur	-5°C	alskýjað	Friedrichshafen	6°C	hálfskýjað	Krít	18°C	léttskýjað
Gautaborg	-3°C	snjóél	Berlín	9°C	skýjað	Las Palmas	20°C	heiðskírt

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Dior

www.dior.com

CAPTURE TOTALE

Ný augnmeðferð frá Dior

DIOR hefur þróað krem sem hentar öllum konum frá 35 ára aldri.
Capture Totale krem sem inniheldur m.a. efni unnin úr jurtinni **ALPHA-LANGOSA** en hún vex á Madagaskar og er einstaklega nærandi og endurnýjandi.

Þrjár nýjungar eru komnar í línunni.
Augnkrem sem er einstaklega virkt, straujar út fínar línur og krákufætur.
Næturtvenna, krem og peeling sem vinna saman að því að næra og byggja upp húðina.

Sýnilegur árangur

SHARON STONE. CAPTURE

Dior kynning í Lyf og heilsu Kringlunni
fimmtudag til laugardags frá kl. 13-17

Sérfræðingur frá Dior býður upp á húðgreiningu og góð förðunarráð. Vertu velkomin og kynntu þér nýjungarnar frá Dior.

Góð tilboð. Fallegur kaupauki* fylgir ef verslað er fyrir 5.000.-

Lyf & heilsa
Við hlustum!

*Gildir á meðan birgðir endast. Fylgir ekki öðrum tilboðum.

KJÖRKASSINN

Er eðlilegt að stjórnvöld bregðist við klámráðstefnunni?

Já 37%
Nei 63%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Horfir þú á sjónvarp í meira en tvo klukkutíma á dag?

Segðu skoðun þína á visir.is VÍSIR

Sparisjóður mótmælir skilti sem Kaupþing er að setja upp við Vífilsstaðaveg:

Kaupþing skyggir á sparisjóð

SKIPULAGSMÁL „Við erum ekki sátt við staðsetninguna á skiltinu," segir Eva Rós Jóhannsdóttir, útibússtjóri SPH-SPV í Garðabæ, sem mótmælt hefur því að bæjaryfirvöld hafa heimilað Kaupþingi að setja upp auglýsingaskilti við Vífilsstaðaveg.

Kaupþing fékk um miðjan desember heimild skipulagsnefndar Garðabæjar til að setja upp auglýsingaskilti við Vífilsstaðaveg. Kaupþing fékk heimild fyrir skiltinu í eitt ár en ákvörðun um varanlegt skilti var frestað í skipulagsnefnd vegna fyrirhugaðra breytinga á svæðinu á næstunni.

Eins og Sparisjóður Hafnarfjarðar hefur Kaupþing rekið útibú um árabil á Garðatorgi. Undirstöður skiltis Kaupþings eru komnar á sinn stað. Eva Rós segir í bréfi til Gunnars Einarssonar bæjarstjóra að skilti Kaupþings muni klárlega hindra sýnileika skiltis sparisjóðsins sem staðið hafi á þessum stað í áraraðir. Óeðlilegt sé að leyfa þessa staðsetningu á skilti keppinautar sparisjóðsins.

„Sætir það furðu að jafnræðissjónarmið skuli ekki hafa verið haft að leiðarljósi við þessa framkvæmd," segir í mótmælabréfi útibússtjórans. - gar

UMDEILD SKILTI Sparisjóður Hafnarfjarðar - Sparisjóður vélstjóra telur óeðlilegt að bæjaryfirvöld í Garðabæ heimili Kaupþingi að setja upp skilti nálægt skilti sparisjóðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Riða finnst í heilasýnum:

Hrafnkelsstaðir með riðu á ný

LANDBÚNAÐUR Riða er aftur komin upp á Hrafnkelsstöðum í Hrunamannahreppi. Í þessum mánuði hafa tvær ær frá bænum greinst með riðu, en þar kom upp riða vorið 2001. Þá var öllu fénu fargað.

Í tilkynningu segir að engin sjúkdómseinkenni hafi verið á kindunum sem nú hafa greinst með riðu, en hún fannst í heilasýnum sem tekin voru vegna reglubundins eftirlits með sjúkdómnum. Landbúnaðarráðherra hefur verið tilkynnt um málið og er nú unnið að undirbúningi niðurskurðar og samningagerð við ábúendur. - sþs

RÚSSNESKUR VETUR Spilling í Rússlandi er allsráðandi samkvæmt nýlegri skýrslu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Opinber nefnd skilar skýrslu:

Spilling allsráðandi í Rússlandi

MOSKVA, AP Spilling gegnsýrir Rússland og ógnar jafnvel þjóðaröryggi þrátt fyrir loforð Vladimirs Pútín, forseta Rússlands, um að gera meira til að berjast gegn henni að því er kemur fram í óvenju umbúðalausri skýrslu opinberrar ráðgjafanefndar. Sérfræðingar segja að spillingarvandinn hafi aukist eftir að Pútín tók við völdum árið 2001. - sdg

STRANDASÝSLA

Strandabyggð afskipt

Sveitarstjórn Strandabyggðar lýsir vonbrigðum með að ekki sé farið í að bæta vegi innan Strandasýslu í vegaáætlun til ársins 2017. Meðal annars vanti enn bundið slitlag milli Hólmavíkur og Drangsness. Óvíða séu jafn margar einbreiðar brýr eins og í Strandasýslu.

GARÐABÆR

Ekki afsláttur á lóðagjöld

Hjón sem fengu úthlutað byggingarlóð í Garðabæ fá ekki staðgreiðsluafslátt af gatnagerðargjöldunum eins og þau óskuðu eftir. Bæjarráðið segist telja að ekki séu heimildir í lögum til að veita slíkan afslátt.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Innbrot á bílaverkstæði

Brotist var inn á bílaverkstæði á Akureyri aðfaranótt miðvikudags. Innbrotsþjófurinn spennti upp glugga á húsinu og hafði á brott með sér tölvubúnað. Lögreglan á Akureyri rannsakar málið.

Útlendingar á Íslandi panta lyf að heiman

Stærstur hluti þeirra lyfja sem tollgæslan leggur hald á eru venjuleg lyf framleidd erlendis. Útlendingar búsettir á Íslandi panta lyf frá heimalöndunum. Innflutningur slíkra lyfja eykst í takt við fjölda útlendinga á Íslandi.

LYFJAMÁL Meirihluti þeirra lyfja sem Tollgæslan í Reykjavík leggur hald á eru venjuleg lyf sem berast frá erlendum ríkjum en er ekki leyfilegt að flytja til landsins með pósti.

Guðrún Sólveig Ríkarðsdóttir, yfirtollvörður hjá póstmiðstöð Tollgæslunnar, segir að öll lyf sem komi frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og berast hingað til lands með þeim hætti séu bönnuð. Meiri slaki ríkir í reglum varðandi innflutning á lyfjum innan EES, en þó er ekki hægt að flytja inn lyf sem eru lyfseðilsskyld á Íslandi án þess að geta framvísað lyfseðli. „Þetta er mjög skýrt, ef lyfin sem við leggjum hald á koma frá EES-svæðinu og eru lyfseðilsskyld þá getur móttakandinn beðið eftir lyfseðli og fengið þau afhend í kjölfarið. Allt annað er bannað."

Tollgæslan stöðvaði tæplega 1.100 póstsendingar á síðasta ári vegna gruns um að lyfjainnihald sendinganna samræmdist ekki íslenskum reglum varðandi innflutning á lyfjum til landsins, en það eru tæplega þrjár haldlagningar á dag og aukning um 70 prósent frá árinu 2005.

Regína Hallgrímsdóttir, sviðsstjóri eftirlitssviðs Lyfjastofnunar, segir að stofnunin finni fyrir þessari breytingu samhliða auknu innstreymi erlends vinnuafls, en útgefnum dvalarleyfum hjá Útlendingastofnun fjölgaði um 36 prósent milli áranna 2005 til 2006.

HALDLÖGÐ LYF HJÁ TOLLGÆSLUNNI Mikil hluti þeirra eru venjuleg og lögleg lyf sem berast frá erlendum ríkjum en er ekki leyfilegt að flytja inn með pósti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hún telur ýmsar skýringar geta verið á þessu. „Sumt fólk kemur hingað í ákveðinn tíma sem vinnuafl og kemst ekki inn í tryggingakerfið hér á landi. Stundum eru þetta lyf sem einfaldlega eru ekki til hér. Og svo getur vel verið að lyfin séu kannski ódýrari í heimalandinu þar sem lyfjaverð er háð efnahag þjóðanna."

Hildur Sverrisdóttir, forstöðumaður alþjóðasviðs Tryggingastofnunar Íslands, segir mjög skýrar reglur gilda um það hvenær einstaklingar séu sjúkratryggðir hér á landi og komist þannig inn í tryggingakerfið. „Þeir sem hafa verið með lögheimili á Íslandi í að minnsta kosti sex mánuði eru sjúkratryggðir. Það er óháð ríkisborgararétti. Síðan eru það hinir, sem við köllum ferðamenn frekar en útlendinga, því að Íslendingar búsettir erlendis geta einnig tilheyrt þeim hópi. Það eru þeir sem koma hingað tímabundið án þess að vera með búsetu á Íslandi. Þeir eru ekki sjúkratryggðir."

thordur@frettabladid.is

Þarftu breiðari bíl?

Hjá Lýsingu bjóðum við þér einfalda lausn til þess að eignast draumabílinn.

Þú getur nálgast bílafjármögnun Lýsingar hjá bílaumboðum, bílasölum og ráðgjöfum okkar.

Bílasamningur // Bílalán // Einkaleiga

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500

Róbert Trausti um rannsókn á tengslum Svavars Gestssonar við Stasi:

Hleypir engum í bækurnar sínar

STJÓRNMÁL Róbert Trausti Árnason, fyrrverandi varafastafulltrúi Íslands hjá NATO, vill ekki veita neinn aðgang að dagbókum þeim sem Þór Whitehead sagnfræðingur vitnaði til í grein sinni í Fréttablaðinu hinn 20. október í fyrra. Í greininni var sagt frá meintri beiðni Jóns Baldvins Hannibalssonar, þáverandi utanríkisráðherra, um að Róbert kannaði, árið 1989, „hvort Svavar Gestsson hafi verið í hópi erindreka STASI".

SKJALASAFN STASI Í BERLÍN Þessi skjöl eru að miklu leyti aðgengileg fræðimönnum og almenningi. Ætli þar leynist upplýsingar um Íslendinga? NORDICPHOTOS/AFP

„Ég efast um að ég hleypi nokkurn tíma nokkrum í þetta," segir Róbert. Þór hafi einungis verið sýndur afmarkaður kafli og með ströngum skilyrðum. „Sjálfur vil ég að allur þessi sannleikur fái að liggja í friði. Það er engum greiði gerður með því að rifja þetta upp."

Aðspurður hvers vegna Þór hafi þá fengið að vitna í dagbækur Róberts, svarar hann því til að „fullyrðingar sem komu fram um skrímsladeild Sjálfstæðisflokksins og fullyrðingar um grófustu lögbrot gáfu fullt tilefni til þess að rifja upp óþægilegar staðreyndir vinstra megin við línuna".

Róbert segir ekki koma til greina að gefa út minningar sínar á bók síðar meir. „Nei, drottinn minn dýri. Alls ekki. [...] Ég hafði enga ánægju af því að minna Jón Baldvin á óþægilega hluti úr hans fortíð, sem hann auðvitað var búinn að steingleyma."

- kóþ

EMPORIO ARMANI
ARMANI DAGAR Í HAGKAUPUM
SMÁRALIND 22. – 28. FEBRÚAR
Smart Emporio Armani hliðartaska fylgir
með hverjum 50ml ilmi á Armani dögum*.
*á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hver er skólameistari Iðnskólans í Reykjavík?*

2 *Hvað heitir japanska hvalveiðiskipið sem kviknaði í við Suðurskautið á dögunum?*

3 *Hvaða Íslendingur var nýlega ráðinn í breska þjóðleikhúsið?*

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 50

Niðurstöður nýjustu skoðanakannana áhyggjuefni fyrir Verkamannaflokkinn:

Íhaldsflokkur eykur forskotið

BRETLAND, AP Forskot Íhaldsflokksins breska á Verkamannaflokkinn mælist nú nægilega stórt til að flokkurinn gæti unnið hreinan meirihluta á þingi, færu fram kosningar nú.

Í könnun fyrir dagblaðið The Guardian sögðust 42 prósent svarenda frekar myndu kjósa Íhaldsflokkinn undir forystu Davids Cameron en Verkamannaflokkinn undir forystu Gordons Brown, sennilegs eftirmanns Tony Blair. Sautján prósent sögðust styðja Frjálslynda demókrata.

Fylgi Íhaldsflokksins hefur ekki mælst meira síðan skömmu eftir síðustu þingkosningar sem flokkurinn vann, en það var vorið 1992. Íhaldsmenn hafa mælst með meira fylgi en Verkamannaflokkurinn í nær öllum könnunum síðan í ársbyrjun í fyrra.

Niðurstöðurnar þykja til þess fallnar að ýta undir efasemdir í Verkamannaflokknum um að Brown sé rétti maðurinn til að leiða flokkinn í næstu kosningum, sem væntanlega verða haldnar árið 2009. Blair hefur sagst munu hætta fyrir haustið. **- aa**

DAVID CAMERON Leiðtogi Íhaldsflokksins eykur vinsældirnar. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Áskorun Félags heyrnarlausra:

Táknmál verði móðurmálið

TUNGUMÁL Félag heyrnarlausra skorar á alþingismenn að viðurkenna táknmál sem móðurmál heyrnarlausra og finna varanlega lausn á túlkaþjónustu.

Einnig skorar félagið á að textun innlends sjónvarpsefnis verði lögbundin skylda. Slík textun veiti heyrnarlausum aðgengi að upplýsingum og sé það mikið jafnréttismál.

Ofangreindar breytingar á aðstöðu heyrnarlausra þurfa ekki að kosta mikið en gætu breytt miklu fyrir líf fólks sem alla sína ævi hefur búið við einangrun í allsnægtasamfélaginu, segir í áskoruninni. **- kóþ**

Samgönguráð

Flugmálastjórn Íslands - Siglingastofnun Íslands - Vegagerðin

Samgönguráðuneytið

Stefnumótun í samgöngum

Samgönguráð efnir til annars fundar í fundaröð sinni um stefnumótun í samgöngum. Fundarefnið að þessu sinni er:

Öryggi vega

Öryggi vega, reynsla Svía
Torsten Bergh, hjá sænsku Vegagerðinni

Öryggisaðgerðir á vegum
Auður Þóra Árnadóttir, forstöðumaður hjá Vegagerðinni

Öryggi vegamannvirkja
Jón Helgason, framkvæmdastjóri hjá Vegagerðinni

Umræður og fyrirspurnir
Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 22. febrúar 2007 kl. 15 – 17 á Grand Hótel Reykjavík. Aðgangur er ókeypis og öllum er heimill aðgangur. Væntanlegir þátttakendur eru vinsamlegast beðnir að skrá sig á netfangið postur@sam.stjr.is eigi síðar en klukkan 12:00 þann 22. febrúar nk.

Næstu fundir í fundaröðinni: Fjármögnun samgöngumannvirkja og Umhverfislega sjálfbærar samgöngur.

Fáið það óþvegið!

Fræðsluganga á safnanótt föstudaginn 23. febrúar
Gengið frá Hlemmi að Þvottalaugunum í Laugardal og þaðan inn í Grasagarð Reykjavíkur. Fræðst um líf og störf þvottakvenna ásamt öðru því sem fyrir augu ber.

- **Lagt af stað frá Hlemmi kl. 20:00**
- **Lúðrasveit blæs til göngu**
- **Boðið upp á heitt kakó í göngulok**
- **Garðskáli Grasagarðsins opinn frá 19-24**

GRASAGARÐUR REYKJAVÍKUR
Minjasafn Reykjavíkur
Orkuveita Reykjavíkur

Þriðjungur breska herliðsins fer heim

Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, ætlar að fækka verulega í breska herliðinu í Írak strax á þessu ári. George W. Bush Bandaríkjaforseti fagnar þessu.

BRETLAND, AP Á næstu vikum fara 1.600 breskir hermenn heim frá Írak og fyrir árslok fara síðan 500 í viðbót. Þá verða um 5.000 hermenn eftir og verða þeir svo lengi sem þörf krefur.

Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, skýrði frá því á þingi í gær að nærri þriðjungur breska herliðsins verði kallaður heim frá Írak á næstu vikum, eða um leið og heimamenn hafa tekið við stjórn öryggismála í þremur af þeim fjórum héruðum sem Bretar hafa haft umsjón með. Þó fari hermennirnir ekki nema tryggt sé að Írakar geti tekið að sér yfirstjórn öryggismála á þeim svæðum í Írak þar sem Bretar hafa verið.

Á þriðjudaginn ræddi Blair við George W. Bush Bandaríkjaforseta og skýrði honum frá þessum áformum. Bush tók vel í þessi tíðindi og sagði þau sýna hve góður árangur hefði náðst á þeim svæðum þar sem Bretar hafa verið.

Bush hefur lagt mikla áherslu á að bandarískum hermönnum í Írak verði fjölgað og vill að 21.500 hermenn bætist í hóp þeirra 130.000 Bandaríkjamanna sem þar eru fyrir. Þetta segir hann nauðsynlegt til þess að ráða við ástandið í höfuðborginni Bagdad.

Breski herinn hefur hins vegar einkum verið í fjórum héruðum suðausturhluta landsins og því verið fjarri átökunum í Bagdad. Á breska svæðinu hefur ástandið verið verst í hafnarborginni Basra, en stefnt er að því að Írakar taki við stjórninni þar.

„Allt þetta þýðir ekki að ástandið í Basra sé nú eins og við viljum hafa það, en þetta þýðir að Írakar geta skrifað næsta kaflann í sögu Basra," sagði Blair í gær.

Alls hafa 132 breskir hermenn fallið í Írak frá því stríðið hófst í mars árið 2003.

Dönsk stjórnvöld skýrðu í gær frá því að allir danskir hermenn verði kallaðir heim frá Írak nú í sumar.

John Howard, forsætisráðherra Ástralíu, sagðist hins vegar í gær ekki sjá neina ástæðu til að kalla ástralska hermenn heim frá Írak. Í það minnsta ekki strax. „Þeir verða áfram með 5.000 menn og við með 550," sagði Howard.

gudsteinn@frettabladid.is

BRESKUR HERMAÐUR Í BASRA Rúmlega 7.000 breskir hermenn hafa verið í Írak undanfarið. Á næsta ári verða um 5.000 eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Anders Fogh Rasmussen fer að dæmi Blairs:

Danski herinn yfirgefur Írak

DANMÖRK Allir danskir hermenn í Írak, sem nú eru 460 talsins, verða farnir burt fyrir haustið. Í staðinn verða fjórar danskar þyrlur sendar til Íraks og verða þar út árið.

Einnig ætla Danir að senda 200 hermenn til Afganistans til viðbótar þeim 400 dönsku hermönnum sem þar eru fyrir. Yfirstjórn NATO hefur eindregið hvatt aðildarríkin til þess að senda fleiri hermenn þangað sem fyrst, þar sem búast má við harðari átökum í Afganistan nú með vorinu og fram á sumar.

Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra og Per Stig Møller utanríkisráðherra skýrðu frá þessu á blaðamannafundi í hádeginu í gær, um svipað leyti og Tony Blair skýrði breska þinginu frá fækkun breskra hermanna í Írak.

Dönsk stjórnvöld segjast hafa tekið þessa ákvörðun í samráði við bæði Blair og George W. Bush Bandaríkjaforseta, auk þess sem hann hafi ráðgast við Nouri al-Maliki, forsætisráðherra Írans.

„Maliki forsætisráðherra lýsti ánægju sinni með að ástandið í suðrinu hafi þróast þannig að þeir geti sjálfir tekið á sig meiri ábyrgð," sagði Fogh Rasmussen.

ANDERS FOGH RASMUSSEN ÁSAMT PER STIG MØLLER Forsætisráðherra og utanríkisráðherra Danmerkur á blaðamannafundinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sex danskir hermenn hafa fallið í Írak frá stríðsbyrjun. **- gb**

www.volkswagen.is

Takmarkað magn bíla!

Polo lækkar um

100.000 kr.

Kostar nú frá 1.490.000 kr.

Fáanlegur sjálfskiptur

Aukabúnaður á mynd: Álfelgur og samlitur

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 9229

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

Gjöf náttúrunnar til þín

Omega-3

FISKIOLÍA

MEÐ SÍTRÓNU-BRAGÐI

Omega-3 fiskiolía inniheldur hátt hlutfall Omega-3 fitusýra, einkum EPA og DHA sem eru okkur lífsnauðsynlegar.

Fjöldi rannsókna víða um heim hafa sýnt fram á jákvæða eiginleika þeirra fyrir heilsuna.



Omega-3 fiskiolía byggir upp ónæmiskerfið á marga vegu og hefur jákvæð áhrif á:

- sjón
- hjarta og æðakerfi
- blóðþrýsting
- kólesteról í blóði
- liði
- rakastig húðarinnar
- minni
- andlega líðan
- námsárangur
- þroska heila og miðtaugakerfis á meðgöngu

Má taka með lýsi.

LYSI

www.lysi.is

Fitov/SÍA

Hafnar algerlega fullyrðingum um samningsboð:

Úr lausu lofti gripið

BAUGSMÁL Arnar Jensson, fyrrverandi aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá ríkislögreglustjóra, hafnar því algerlega að hann hafi boðið Tryggva Jónssyni, einum sakborninga í Baugsmálinu, einhvers konar samning við rannsókn málsins, eins og Tryggvi hélt fram fyrir héraðsdómi í gær.

ARNAR JENSSON

„Ég get fullyrt að þetta er gjörsamlega úr lausu lofti gripið," segir Arnar. „Það er algerlega af og frá að Tryggva, eða nokkrum öðrum í þessu máli, hafi verið boðið eitthvað slíkt."

Hann staðfestir að það sé ólöglegt að bjóða einstaklingi sem sé til rannsóknar samning um refsilækkun eða annað í þeim dúr gegn því að viðkomandi aðstoði við rannsókn.

Hann segir að sakborningar séu að sjálfsögðu áminntir um að segja satt og rétt frá við yfirheyrslur, og sérstaklega sé þeim gert grein fyrir því í upphafi rannsóknar að játi þeir á sig það sem þeir eru grunaðir um geti það haft áhrif á endanlega refsingu, verði þeim gerð refsing. - bj

Í DÓMSAL „Það kom oft fram fyrstu mánuði rannsóknarinnar að þeir væru ekki á eftir mér, ég væri aukaleikari, eða fórnarlamb," sagði Tryggvi Jónsson (fyrir miðju) í réttarsal í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Voru ekki á eftir Tryggva

Einn sakborninga í Baugsmálinu segir að sér hafi verið gert tilboð um breytta afstöðu lögreglu til meintra brota ef hann hjálpaði til við að upplýsa þátt Jóns Ásgeirs Jóhannessonar í lögbrotum.

BAUGSMÁL Einn sakborninga í Baugsmálinu upplýsti við skýrslugjöf fyrir héraðsdómi í gær að hann hafi fengið þau skilaboð við yfirheyrslur hjá lögreglu að ef hann hjálpaði til við að „ná" Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, forstjóra Baugs Group, sem einnig er ákærður, myndi afstaða lögreglu til meintra brota hans breytast.

Við lok skýrslutöku af Tryggva Jónssyni, fyrrum aðstoðarforstjóra og síðar forstjóra Baugs, í Héraðsdómi Reykjavíkur spurði Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs, hvort Tryggva hafi verið boðinn einhvers konar samningur eða samkomulag í skiptum fyrir upplýsingar við rannsókn lögreglu. „Það kom oft fram fyrstu mánuði rannsóknarinnar að þeir væru ekki á eftir mér, ég væri aukaleikari, eða fórnarlamb, og þeir vildu gjarnan að ég segði satt og rétt frá, því þá myndi staða mín breytast. Þetta sögðu þeir í mín eyru," sagði Tryggvi.

Hann minntist þess að í desember 2002, þegar yfirheyrslu yfir honum hjá lögreglu var að ljúka, hafi Arnar Jensson, fyrrverandi starfsmaður efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, óskað eftir því að fá að ræða í einrúmi við lögmann Tryggva, sem á þeim tíma var Andri Árnason.

Tryggvi sagði í réttarsal í gær að eftir fundinn hafi Andri borið honum þau skilaboð frá Arnari „að staða mín myndi breytast ef ég segði satt og rétt frá, og þeir gætu náð Jóni Ásgeiri".

Andri sagðist í gær kannast við að hafa rætt við Arnar, en þar hafi þeir rætt stöðu Tryggva í rannsókninni almennt, sem oft sé gert. Rétt sé að taka fram að á engum tímapunkti hafi Tryggva verið boðið samningur um að staða hans breyttist frá því að vera sakborningur í það að verða vitni.

Gestur Jónsson sagði í samtali við Fréttablaðið að lögreglu og ákæruvaldi sé ekki heimilt að gera einstaklingi sem sé til rannsóknar tilboð um að litið verði framhjá mögulegu saknæmu athæfi gegn því að viðkomandi aðstoðaði við rannsókn lögreglu. Auðvitað sé ekki ólöglegt að biðja menn um að skýra satt og rétt frá, en ef það sé gert í því samhengi að þeir geti allt í einu orðið vitni en ekki sakborningar geti þeir sýnt fram á sök annars manns sé það annað mál.

BAUGS MÁLIÐ

Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari, sagði við fjölmiðlamenn eftir ummæli Tryggva að svo virðist sem Tryggvi sé að draga þessar ályktanir, fremur en að eitthvað hafi verið gefið í skyn. „Ef menn segja satt og rétt frá verður staða þeirra miklu betri, samkvæmt almennum hegningarlögum er það refsilækkunarástæða."

Jakob Möller, verjandi Tryggva, segir að Tryggva hafi verið gefin vísbending um að hann hafi átt þennan möguleika. „Samkvæmt því sem hann segir var honum svo gert ólögmætt tilboð um að það yrði litið framhjá sekt hans ef hann segði sannleikann um Jón Ásgeir, á þeim grundvelli að Jón Ásgeir hafi verið höfuðpaurinn en Tryggvi aukanúmer."

brjann@frettabladid.is

Tillaga félagsmálaráðherra:

Jafnréttismál endurskoðuð

FÉLAGSMÁL Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra vill láta fylgja eftir og meta stöðu verkefna sem unnin hafa verið í jafnréttismálum. Tillaga til þingsályktunar um endurskoðaða áætlun í jafnréttismálum var lögð fram í fyrradag.

Á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins segir að endurskoðaða jafnréttisáætlunin byggist á fyrri áætlun sem lögð var fram árið 2004 og gildir til loka maí árið 2008.

Áherslurnar séu hinar sömu en þau verkefni sem lokið sé hafi verið tekin út og nýjum verkefnum bætt inn þar sem við á. - sþs

Kaupmenn búa sig undir lækkun matarverðs í næstu viku:

Kvöldvinna við merkingar

SKATTABREYTINGIN Kaupmenn eru þegar farnir að búa sig undir það að lækka matarverð þegar virðisaukaskattur lækkar úr 24,5 í sjö og fjórtán í sjö prósent um næstu mánaðamót. Bæði þarf að fara í kerfisbreytingar í tölvukerfi og breyta merkingum á vörum og hillum.

Í Melabúðinni verður til dæmis fjöldi starfsfólks að störfum kvöldið 28. febrúar við að setja upp nýja hillumiða vegna lægra virðisaukaskattstigs. Vörur með lægri tolli og niðurfellingu vörugjalda koma til með að lækka í verði umfram virðisaukaskattslækkunina upp úr mánaðamótum.

FLJÓTT AÐ SAFNAST SAMAN Friðrik Ármann Guðmundsson kaupmaður.

Friðrik Ármann Guðmundsson, kaupmaður í Melabúðinni, hefur tekið saman nokkur dæmi um verðlækkun í búðinni hjá sér. Hann segir að pylsupakki með tíu stykkjum af SS pylsum, Cronions steiktum lauk, SS sinnepi, Hunt's tómatsósu og fimm stykkjum af pylsubrauði frá Myllunni muni lækka um 66 krónur samtals. Þá lækki morgunverðarpakki með 567 grömmum af Cheerios og einu kílói af banönum um samtals 22 krónur. Mismunurinn á helgarsteikinni fyrir og eftir skattalækkunina verði 213 krónur miðað við 2,4 kíló af lambalæri frá Fjallalambi. Meðallærið lækkar þá úr 3.475 krónum í 3.262 krónur.

„Það eru ekki svo margar krónur í hverju þessara dæma," segir Friðrik, „en þetta er fljótt að safnast saman." - ghs

Í BLÓMA Víetnamskur sendill á mótorhjóli sendist með kumpquat-tré kirfilega bundið niður á hjólið í gegnum miðbæ Hanoí, höfuðborgar landsins.
NORDICPHOTOS/AFP

ORÐRÉTT

„Ég held að settur ríkissaksóknari ætti að hyggja að eigin garði áður en hann fer að henda hnútum í annarra garð."
Jakob R. Möller, verjandi Tryggva Jónssonar, var ósáttur við að sækjandi í málinu vitnaði í lög um meðferð opinberra mála, sem Jakob sagði að ítrekað hafi verið brotin við rannsókn málsins.

„Það er ekki verið að leyna neinu."
Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í málinu, svaraði athugasemd Jakobs Möllers, sem gagnrýndi að Sigurður vísaði aðeins í hluta þess sem við kom málinu í lögregluskýrslu sem vitnað var í.



„Steig einhver inn í málið til þess að það yrði ekki af þessu samkomulagi?"
Tryggva Jónssyni, einum sakborninga í málinu, þótti það ótrúleg tilviljun að sama dag og lesa mætti úr tölvupóstsamskiptum milli sín og Jóns Geralds Sullenbergers að samkomulag hafi náðst milli Jóns Geralds og Baugs hafi Jónína Benediktsdóttir sent Styrmi Gunnarssyni, ritstjóra Morgunblaðsins, póst þar sem hún talaði um að Jón Gerald sé svo illur út í Jón Ásgeir og föður hans að hann langi mest að „kála þeim".

„Ég sit ekki fyrir svörum hérna."
Sigurður Tómas svaraði athugasemd verjenda um að hann hafi ekki svarað spurningum Tryggva Jónssonar um hvort rannsakað hafi verið í hvað Jón Gerald Sullenberger eyddi peningum sem Baugur sendi honum.

„Í stað þess að fara á skemmtistaði eða leigja skemmtikrafta hlustuðum við á tónlist af plötum."
Tryggvi Jónsson skýrði fyrir dómara hvers vegna hann keypti svo mikið af geisladiskum í ferðum sínum til Bandaríkjanna og Bretlands, hann er ákærður fyrir fjárdrátt vegna þessara innkaupa, en segir að um eðlilega risnu hafi verið að ræða.

„Af hverju á Baugur að borga aðgöngumiða í Disneyland?"
Arngrímur Ísberg spurði Tryggva nánar út í meintan fjárdrátt, en Tryggvi sagði að hann hefði getað látið Baug greiða ýmislegt fyrir sig sem hluta af leyfilegri risnu, en hann hafi þó greitt það sjálfur, til dæmis ferð í Disneyland.

BAUGSMÁLIÐ Í DAG

Þriðji og síðasti sakborningurinn í Baugsmálinu, Jón Gerald Sullenberger, mun hefja skýrslugjöf sína í héraðsdómi fyrir hádegi í dag. Gert verður hlé á skýrslutökunni til þess að koma Jóni Ásgeiri Jóhannessyni aftur fyrir dóminn eftir hádegishlé, þar sem sækjandi náði ekki að ljúka spurningum sínum til hans í síðustu viku.

MIKILFENGLEIKI Púsundir manna tóku þátt í skrúðgöngu á öðrum degi hinnar heimsfrægu kjötkveðjuhátíðar í borginni Rio de Janeiro. Hátíðin er stærsti og frægasti viðburður ársins í Brasilíu og lýkur 20. febrúar.

NORDICPHOTOS/AFP

Fjölþjóðlegt veðurverkefni sem miðar að því að bæta veðurspár:

Mæla ofsaveður við Grænland

VÍSINDI Fyrsta flugið í fjölþjóðlegu rannsóknarverkefni sem miðar að bættum veðurspám fór frá Keflavíkurflugvelli í gær. Hópur vísindamanna flaug að suðurodda Grænlands til að mæla ofsaveður við strendur landsins.

Guðrún Nína Petersen, veðurfræðingur við háskólann í Austur-Anglíu í Bretlandi, var eini Íslendingurinn sem flaug í gær en auk hennar taka Jón Egill Kristjánsson, prófessor í veðurfræði við háskólann í Ósló, og Haraldur Ólafsson, veðurfræðingur við Veðurstofu Íslands, þátt í verkefninu. Verkefnið er unnið í samstarfi við breska, kanadíska og norska vísindamenn.

Haraldur segir flugið ekki hafa verið neina skemmtiferð, enda þurfi að fljúga í gegnum ofsaveðrið til þess að geta mælt það. Vélin sé sérútbúin mælum og mælitækjum auk þess sem hún sé fjögurra hreyfla öryggisins vegna. Hún lenti aftur á Keflavíkurflugvelli um klukkan fjögur í gær.

RANNSÓKNARFLUG Vélin er sérútbúin mælitækjum að utan og innan. Hún fer í annað rannsóknarflug í dag.

„Hugmyndin er að niðurstöður þessa verkefnis verði til þess að bæta veðurspár, bæði til styttri og lengri tíma," segir hann. „Ég held að þetta sé eitt stærsta verkefni af þessu tagi sem farið hefur fram hér á landi."

Vísindamennirnir leggja aftur í hann í dag, en þá verður flogið um strendur Íslands til þess að mæla vindstrengi.

- sþs

Borgarstjórn um klámráðstefnu:

Haldin í óþökk borgaryfirvalda

FÉLAGSMÁL Borgarstjórn harmar að Reykjavíkurborg verði vettvangur ráðstefnu framleiðenda klámefnis í næsta mánuði. Yfirlýst stefna borgarinnar sé að vinna gegn klámvæðingu og vændi. Það sé því í mikilli óþökk borgaryfirvalda verði ráðstefnan haldin.

Í ályktun borgarstjórnar frá því á þriðjudag er einnig ítrekuð ósk borgarstjóra um að lögreglu embættið rannsaki hvort þátttakendur í hópi ráðstefnugesta kunni að vera framleiðendur barnakláms eða annars ólögmæts klámefnis.

- sþs

Breskir njósnarar:

Líkari Clouseau en James Bond

BRETLAND Breskir njósnarar eru óttalegir klaufabárðar, ef marka má nýja skýrslu um hleranastarfsemi leyniþjónustustofnana í Bretlandi.

Það er Swinton Thomas, fráfarandi umsjónarmaður með hleranastarfinu, sem tók saman skýrsluna og hefur afhent hana breska þinginu. Þar kemur meðal annars fram að meira en 4.000 mistök hafi verið gerð við hleranir síðustu 15 mánuði.

Meðal annars hafi rangir símar verið hleraðir og fylgst með pósti, sem berst á heimilisfang grunaðra manna, jafnvel eftir að þeir eru fluttir.

Breska sjónvarpsstöðin Sky skýrði frá þessu, og segir greinilegt að beskir njósnarar líkist miklu frekar Jacques Clouseau heldur en James Bond.

- gb

Ofsagróði breskra banka og há þjónustugjöld þeirra vekja reiði almennings:

Bankar sagðir okra á þjónustugjöldum

BRETLAND Himinháar hagnaðartölur breskra banka hafa verið hitamál í breskum fjölmiðlum nú í vikunni.

Neytendasamtök í Bretlandi beina spjótum sínum einkum að gífurlega háum þjónustugjöldum sem bankarnir taka af viðskiptavinum sínum. Samkvæmt dagblaðinu Guardian innheimta bankarnir 5.000 krónur fyrir hvern innistæðulausan tékka og rúmlega 3.600 krónur á dag fyrir yfirdrátt í heimildarleysi.

Tilefni umræðunnar í Bretlandi var að Barcleys-bankinn sendi frá sér tilkynningu um að gróðinn á síðasta ári hefði slegið öll met og væri 23 prósentum meiri en árið áður. Bankinn sagði hagnað sinn eftir skatta hafa numið 4,7 milljörðum punda, en það samsvarar um 611 milljörðum íslenskra króna. Dagblaðið Daily Mirror leikur sér aðeins með þessar gróðatölur og kemst að því að Barcleys hafi grætt 226 pund á hverri sekúndu síðastliðið ár, og það „brátt fyrir mikla aukningu óæskilegra skulda og minnkandi gróða af kreditkortum".

Guardian hvetur lesendur sína til þess að

BARCLEYS BANKINN Í BRETLANDI Hagnaður Barcleys á síðasta ári nam 4,7 milljörðum punda, en það samsvarar um það bil 611 milljörðum króna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

krefja bankana um endurgreiðslu þjónustugjalda. Blaðið segir að fjölmargir viðskiptavinir banka hafi haft þar erindi sem erfiði og fengið hundruð eða jafnvel þúsundir punda til baka.

Á næstunni er von á úrskurði frá samkeppniseftirlitinu í Bretlandi um þjónustugjöld banka og er fastlega reiknað með því að bönkunum verði gert skylt að hafa hemil á sér í innheimtu þjónustugjalda. Samkeppniseftirlitið hefur nú þegar gert kreditkortafyrirtækjum að lækka hámarksgjöld niður í 12 pund.

- gb

Passat 100% lán

Kletthálsi

VW Passat 4x4 2,0 Trendline
Beinsk. árg. 04 ek. 20.000
Verð áður 2.190.000 kr. Verð 1.890.000 kr.
Afborgun pr. mán.: 26.454 kr. Í 84 mán.

Kletthálsi

VW Passat 2,0 Trendline
Beinsk. árg. 03 ek. 61.000
Verð áður 1.390.000 kr. Verð 1.220.000 kr.
Afborgun pr. mán.: 19.565 kr. Í 72 mán.

Kletthálsi

VW Passat 2,0 Trendline
Sjálfsk. árg. 04 ek. 25.000
Verð áður 1.990.000 kr. Verð 1.750.000 kr.
Afborgun pr. mán.: 28.036 kr. Í 84 mán.

Kletthálsi

VW Passat 2,0 Comfortline
Sjálfsk. árg. 01 ek. 102.000
Verð áður 1.090.000 kr. Verð 890.000 kr.
Afborgun pr. mán.: 16.819 kr. Í 60 mán.

Kletthálsi

VW Passat 1,6 Basicline
Beinsk. árg. 04 ek. 72.000
Verð áður 1.350.000 kr. Verð 1.190.000 kr.
Afborgun pr. mán.: 16.678 kr. Í 84 mán.

Kletthálsi

VW Passat 2,0 Trendline
Sjálfsk. árg. 03 ek. 62.000
Verð áður 1.490.000 kr. Verð 1.320.000 kr.
Afborgun pr. mán. 21.164 kr. Í 72 mán.

Kletthálsi

VW Passat 1,6 Basicline
Beinsk. árg. 00 ek. 92.000
Verð áður 950.000 kr. Verð 840.000 kr.
Afborgun pr. mán. 19.365 kr. Í 48 mán.

Kletthálsi

VW Passat 2,0 Trendline
Sjálfsk. árg. 03 ek. 70.000
Verð áður 1.390.000 kr. Verð 1.220.000 kr.
Afborgun pr. mán.: 19.565 kr. Í 72 mán.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Laugavegi 174 | sími 590 5000 | Kletthálsi 11 | sími 590 5760 | www.bilathing.is

HEKLA® www.bilathing.is bilathing@hekla.is

Opið mánudaga til föstudaga kl. 10–18 • Laugardaga kl. 12–16

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Kletthálsi 11, sími 590 5760
www.hekla.is, hekla@hekla.is

Tæknileg mistök hjá blog.is:

Birtu lykilorð allra bloggara

NETIÐ Lykilorð bloggara hjá blog.is birtust fyrir mistök á síðum þeirra í gær. Að sögn Árna Matthíassonar, starfsmanns hjá netdeild Morgunblaðsins, var villa í hugbúnaðaruppfærslu orsök þess að um stund mátti lesa lykilorð, kennitölu og aðrar upplýsingar um bloggara neðst á bloggsíðu hans.

Aðspurður hvers vegna upplýsingar um notendur, þar með talin lykilorð, séu geymdar ódulkóðaðar í gagnagrunni segir hann að ekki hafi verið metin þörf á því, upplýsingarnar séu ekki svo leynilegar. Lykilorðum allra notenda var breytt eftir að mistökin voru leiðrétt. - sþs

Olía var flutt með þyrlu úr Wilson Muuga í land í gær:

Fjöruhreinsun undirbúin

UMHVERFISMÁL Um þrjátíu tonnum af olíu var dælt upp úr flutningaskipinu Wilson Muuga í kör á dekkinu í gær og fyrrinótt og olían svo flutt með þyrlu í land. Í landi var olíunni dælt á bíla og ekið með hana í bæinn. Meirihlutinn af þessum þrjátíu tonnum er hrein olía.

Helgi Jensson, forstöðumaður hjá Umhverfisstofnun, segir að skipið eigi nú að vera því næst tómt af olíu. Nú sé verið að undirbúa hreinsun strandarinnar og koma búnaði til staðinn. Fjörurnar verði kannaðar á næstunni. Sýnin verði send í greiningu í dag eða á morgun og þá komi í ljós hvaðan olían í fjörunni og á fuglunum er.

Í GREININGU Í DAG Sýni verða send í greiningu í dag eða á morgun og þá kemur vonandi í ljós hvort olían kemur frá Wilson Muuga eða ekki.

Oddný Guðbjörg Harðardóttir, sveitarstjóri í Garði, segist hafa miklar áhyggjur af menguninni en sérfræðingar séu að rannsaka málin.

„Við treystum því að þetta verði leyst farsællega," segir hún og leggur áherslu á að kannað verði hvaðan olían kemur. „Ég hef ekki fengið staðfest enn að olían komi frá Hvalsnesi."

Hilmar Össurar, dýralæknir í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum, segir að æðarkollan sem flutt var í garðinn í fyrradag hafi verið þrifin í gær. Hún sé horuð en henni líði þokkalega og þurfi nú tíma til að ná sér og mynda eðlilegan fitubúskap í fiðrinu. - ghs

Þyrla sótti slasaðan mann:

Bíll fauk af vegi við Vík í Mýrdal

SLYS Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti slasaðan mann á Hvolsvöll í gær. Bíllinn hans fauk út af veginum rétt fyrir ofan Vík í Mýrdal. Hann var fluttur á slysadeild Landspítalans í Fossvogi og er að sögn ekki í lífshættu.

Tilkynnt var um slysið klukkan eitt í gær, og var ákveðið að kalla til þyrlu eftir að maðurinn kenndi eymsla í baki. Vegna veðurs komst þyrlan ekki alla leið þangað og þurfti því að flytja hann til móts við þyrluna til Hvolsvallar, þar sem hún flaug með hann til borgarinnar - sþs

FUNDAÐ UM FISKIMJÖL Jónína fundaði með Markos Kyprianou, meðal annars um bann á notkun fiskimjöls.

Umhverfisráðherra:

Vill að vísindi og rök ráði ferð

MATVÆLI Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra vill að vísindaleg sjónarmið og rök ráði ferðinni þegar Evrópusambandið leysir mál sem varðar bann á notkun fiskimjöls sem fóðurs fyrir jórturdýr. Hún átti á dögunum fund með Markos Kyprianou, sem fer með matvælamál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í Brussel.

Samkvæmt fréttatilkynningu frá umhverfisráðuneytinu sagði Kyprianou vandann við að aflétta fyrrnefndu banni vera pólitískan fremur en vísindalegan. Jónína lagði áherslu á að málið yrði leyst og að vísindaleg sjónarmið og rök réðu ferðinni við meðferðina. - sþs

Fíkniefnafundur í Danmörku:

Gripnir á aðallestarstöðinni

DANMÖRK, AP Danska lögreglan fann 38 kíló af kókaíni við húsleit í einum stærsta fíkniefnafundi í Danmörku síðustu ár. Þrír menn voru handteknir.

Hinir grunuðu, tveir Serbar og einn Króati, voru handteknir 13. ferúar þegar þeir skiptust á plastpoka með tveimur kílóum af kókaíni á aðallestarstöðinni í Kaupmannahöfn. Lögreglan réðst seinna inn í íbúð Króatans þar sem önnur 36 kíló voru. Áætlað söluvirði kókaínsins er vel yfir tvö hundruð milljónir króna.

Lögreglan komst á spor hinna grunuðu eftir að vísbending barst frá lögreglunni í Svíþjóð þar sem Serbarnir búa. - sdg

LEIÐRÉTTINGAR

Engum seiðum hefur verið eytt vegna nýrnaveiki í seiðaeldisstöðinni á Laxeyri í Borgarfirði eins og kom fram í frétt blaðsins í gær. Aðeins var um eyðingu hrogna að ræða vegna hugsanlegs smits.

Baldur Helgi Benjamínsson, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, segir það ekki rétt sem fram kom í Fréttablaðinu í gær að greitt sé fyrir mjólk umfram greiðslumark í lok verðlagsárs sem endar 31. ágúst ár hvert. Greitt sé fyrir umframmjólk hinn 10. næsta mánaðar eftir að mjólkin er lögð inn.

ENNEMM / SÍA / NM25671

NÁTTÚRULEG HÆFNI VIÐ ERFIÐUSTU AÐSTÆÐUR



Ástæða þess að björgunarsveitirnar velja Nissan Patrol er einföld.

Þegar unnið er við björgunarstörf við erfiðustu hugsanlegar aðstæður skiptir sköpum að vera með bestu tæki sem völ er á. Þegar mannslíf eru í húfi er ekki nóg að hafa fullkominn fjarskiptabúnað, staðsetningartæki og allan útbúnað til vetrarferða og björgunarstarfa heldur verður farartækið að komast allra sinna ferða. Það þarf að velja besta jeppann til slíkra ferða. Nissan Patrol er sá jeppi. Þess vegna nota björgunarsveitirnar Patrol.

Nissan Patrol, besti jeppinn fyrir allar aðstæður.
Vertu sjálfbjarga. Skelltu þér á Patrol.

Nissan Patrol
Verð frá 4.840.000 kr.

NISSAN PATROL NISSAN

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt	Selfossi 482 3100	Njarðvík 421 8808	Akranesi 431 1376	Höfn í Hornafirði 478 1990	Reyðarfirði 474 1453	Akureyri 461 2960

Heitt með Heim

Austurlensk
fjölskylduveisla fyrir 4

5 tilbúnir austurlenskir réttir og 2 l af Egils gosi á aðeins

1.990 kr. pk.

Úr Fiskborði Nóatúns

Þú sparar 400 kr. kg

STEINBÍTSFLÖK
ROÐ- OG BEINLAUS
798 kr. kg

Úr Kjötborði Nóatúns

Þú sparar 300 kr. kg

LAMBAKJÖT
ÚRBEINAÐ ÚR KJÖTBORÐI
1.998 kr. kg

Úmm Ertu farinn að huga að grillinu!

30% afsláttur

MÓA KJÚKLINGAMÁNAR
2 TEGUNDIR
349 kr. pk.

Allt að 30 afsláttur

SS ÁLEGG
MALAKOFF - HANGIÁLEGG 2X8 - SMURKÆFA

Þú sparar 200 kr. kg

FRESCHETTE DIAVOLO
2 PIZZUR Í PAKKA
599 kr. kg

Grænigarður
Lifrænt og hollt

RICESELECT
HRÍSGRJÓN
399 kr. pk.

MAXWELL HOUSE
KAFFI 500 g
399 kr. pk.

HAPPY DAY
ÁVAXTASAFI
159 kr. 1 l.

NÓATÚN
Bestir í kjöti

Útsala á grísakjöti!

GRÍSAKÓTELETTUR
ÚR KJÖTBORÐI
998 kr. kg

GRÍSAHNAKKI
ÚR KJÖTBORÐI
998 kr. kg

GRÍSALUNDIR
ÚR KJÖTBORÐI
1.498 kr. kg

GRÍSA SPARERIBS
ÚR KJÖTBORÐI
598 kr. kg

Verði ykkur að góðu!

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐIÐ

SAMFÉLAGSVERÐLAUNAHAFAR 2006: FORMA – SAMTÖK ÁTRÖSKUNARSJÚKLINGA

„Lögðum okkar síðasta blóðdropa í samtökin“

„Við fundum fyrir mikilli viðurkenningu í samfélaginu eftir að við fengum Samfélagsverðlaunin,“ segir Alma Geirdal, annar forsvarsmanna samtakanna Forma, sem berjast fyrir málefnum átröskunarsjúklinga á Íslandi. „Þegar okkur hafði verið sagt að við hefðum unnið til verðlaunanna vorum við svo hamingjusamar að við öskruðum niður allan Laugaveginn,“ segir hún og hlær. „Það var ólýsanleg tilfinning að fá þessa viðurkenningu þar sem við höfðum lagt allt okkar í samtökin, til síðasta blóðdropa. Það sem skipti mestu máli við verðlaunin var að fá viðurkenninguna í samfélaginu hér, og koma þessum málefnum upp á yfirborðið. Það hefur hjálpað okkur gríðarlega að hafa þessi verðlaun í farteskinu, til dæmis þegar við höldum fyrirlestra. Við erum verulega stoltar af þessu. Auðvitað voru peningarnir líka mikil hjálp.“

Þurfum að hafa áhyggjur

Stuttu eftir að hafa fengið Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins opnuðu þær stöllur skrifstofu sem hefur gengið ágætlega að reka. „Að sjálfsögðu er enn mikil fjárþörf. En við veitum fólki með átröskun úrræði og höfum reynslu okkar í farteskinu. Hins vegar er afskaplega langur vegur fram undan í þessum málum á Íslandi. Það þarf að opna umræðuna betur og við þurfum að hafa miklar áhyggjur af því hvernig staðið er að málum hér miðað við í nágrannalöndum okkar. Lítið er um úrræði fyrir sjúklinga og okkur þyrstir í stórar framkvæmdir.“

Ölmu finnst Íslendingar uppteknir af staðalímyndum sem geta ýtt undir átröskunarsjúkdóma. „Við erum mjög illa stödd hér hvað varðar kvenímyndina. Við erum jafnupptekin og Bandaríkjamenn af staðalímyndum og megrunaræði. Ég hafði sérstaklega miklar áhyggjur nú eftir jólin af allri þessari umfjöllun um losunar- og hreinsunaraðferðir ýmiss konar. Það er ekkert erfitt að fara í föstu, en það þarf snilling til að hætta að fasta.“

Forma er með ýmsa spennandi hluti á döfinni eins og styrktartónleika, en Alma vill ekki tjá sig um þá enn. „Þeir eru enn mikið leyndó en við auglýsum þá vel síðar,“ segir hún með bros á vör.

ÓLÝSANLEG TILFINNING Alma Geirdal segir Samfélagsverðlaunin hafa hjálpað samtökunum gríðarlega.

- amb

VINNINGSHAFAR ÁRIÐ 2006

Samfélagsverðlaunin–Forma, samtök átröskunarsjúklinga á Íslandi, fyrir að vekja þarfa athygli á viðkvæmu máli í samfélaginu.

Til atlögu gegn fordómum – Toshiki Toma, prestur innflytjenda á Íslandi fyrir óeigingjarnt starf til að bæta íslenskt samfélag með því að benda á fordóma og beina umræðu um innflytjendamál og trúmál inn á nýjar brautir.

Hvunndagshetjan – Guðbjörn Magnússon er sá Íslendingur sem hefur gefið mest blóð, en hann hafði gefið blóð 150 sinnum á síðasta ári.

Ung hetja - Gylfi Bragi Guðlaugsson blaðberi sem uppgötvaði eld í íbúðarhúsi, hringdi í Neyðarlínu og vakti íbúa.

Uppfræðari ársins – Hjónin Þráinn Hafsteinsson og Þórdís Lilja Gísladóttir fyrir framúrskarandi frjálsíþróttastarf meðal barna og unglinga.

Framlag til æskulýðsmála – Forvarnarverkefnið Blátt áfram fyrir vinnu gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum.

Samfélagsverðlaunin afhent í dag

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða afhent síðdegis í dag. Þetta er í annað sinn sem verðlaunin eru afhent en hlutverk þeirra er að draga fram jákvæða hluti í samfélaginu, að sögn Steinunnar Stefánsdóttur, aðstoðarritstjóra blaðsins og formanns dómnefndar.

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins voru fyrst afhent í fyrra, en verða nú afhent í annað sinn í dag. Mikill fjöldi tilnefninga barst frá almenningi og dómnefnd útnefndi þrjá til fimm í hverjum hinna fimm flokka, en auk þeirra eru veitt ein heiðursverðlaun. „Það var að sjálfsögðu úr mjög vöndu að ráða fyrir dómnefndina,“ segir Steinunn. „Allar ábendingar sem koma frá almenningi eru verðugar og allar eiga í raun skilið að verða útnefndar til verðlauna.“ Dómnefndina skipuðu að þessu sinni Alma Geirdal, fulltrúi Forma, samtaka átröskunarsjúklinga, en þau samtök hlutu Samfélagsverðlaunin í fyrra, Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi, Hildur Petersen, stjórnarformaður Sparisjóðs Reykjavíkur, Svanfríður Jónasdóttir, bæjarstjóri á Dalvík, og Steinunn Stefánsdóttir, aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins. „Markmiðið með þessum verðlaunum sem nú eru veitt í annað sinn er að draga fram í dagsljósið örlítið brot af öllu því góða sem gert er í samfélaginu,“ útskýrir Steinunn. „ Það er alltaf freistandi fyrir fjölmiðil að ná í góðar sögur, það er þeirra hlutverk. En það er algengt að fjölmiðlar séu ásakaðir um að vilja aðeins segja neikvæðar fréttir. Þetta er okkar viðleitni í þá átt að draga fram eitthvað jákvætt, skemmtilegt og gott í dagsljósið. Á bak við góðverk liggja iðulega góðar, fallegar og oft skemmtilegar sögur.“ Steinunn segir að með verðlaununum sé líka verið að benda á allan þennan fjölda fólks sem lætur gott af sér leiða öðrum til eftirbreytni, og breiða út ákveðinn boðskap. „Við fengum gífurlega jákvæðar viðtökur í fyrra og það er eins í ár. Fólk verður svo innilega glatt þegar það fær símtalið um að það hafi verið tilnefnt til samfélagsverðlaunanna. Það eru allir sammála um það að það sé jafnmikilvægt að vera tilnefndur til þeirra eins og að vinna verðlaunin. Mjög margir þeirra sem eru útnefndir eru almenningi lítt kunnir og taka aldeilis ekki við viðurkenningum á hverjum degi.“ Sjálf Samfélagsverðlaunin eru ein milljón króna en verðlaunin í hinum flokkunum eru gjafabréf sem Iceland Express hefur látið í té og tölvuverðlaun. „Við erum afskaplega þakklát Iceland Express fyrir örlæti þeirra í þessu góða málefni, ferðavinningana þrjá sem þeir lögðu til í ár,“ bætir Steinunn við. Verðlaunaafhendingin fer fram kl. 17 á Hótel Nordica, í sal H/ I á 2. hæð.

- amb

FJÖLMIÐLAR VILJA GÓÐAR SÖGUR Steinunn Stefánsdóttir, aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins og formaður dómnefndar, segir að tilgangur verðlaunanna sé að draga það jákvæða fram í dagsljósið. „Á bak við góðverk liggja iðulega fallegar, góðar og skemmtilegar sögur.“

VERÐLAUNAHAFAR Í FYRRA Frá afhendingu Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins árið 2006.

TILNEFNINGAR TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNANNA 2007

■ HVUNNDAGSHETJAN

EGILL SIGURÐSSON Egill bjargaði lífi móður sinnar, átta ára gamall, með því að sprauta hana með adrenalínpenna og hringja svo í Neyðarlínuna.

ÁSLAUG HAUKSDÓTTIR Áslaug hefur starfað sem ljósmóðir í tæp fjörutíu ár. Hún hefur unnið mikið frumkvöðlastarf á sviði heimafæðinga og fæðinga í vatni.

LEONE TINGANELLI Leone samdi og gaf út á diski lag í minningu Svandísar Þulu, sem lést í umferðarslysi í desember 2006. Ágóðinn af sölu disksins rann í styrktarsjóð fyrir bróður hennar, Nóna Sæ, sem er lamaður eftir sama slys.

LILJA DÓRA MICHELSEN Lilja Dóra bjargaði með snarræði lífi ungbarns með því að blása í það lífi fyrir utan verslun í Kópavogi.

ÆVAR JÓHANNESSON Ævar hefur um margra ára skeið bruggað lúpínuseyði sem hann lætur krabbameinssjúku fólki í té án endurgjalds.

■ UPPFRÆÐARI ÁRSINS

BENEDIKT ERLINGSSON Benedikt er höfundur og flytjandi hinnar áhrifaríku leiksýningar Mr. Skallagrímsson, þar sem mynd er dregin upp af lífi Egils Skallagrímssonar á tveimur klukkutímum.

PETER RADOVAN JAN VOSICKY Peter hefur einstakan hæfileika til að læra tungumál og talar nær tuttugu mál. Síðustu tólf ár hefur hann helgað líf sitt því að kenna útlendingum íslensku.

SIGRÚN OG ÞÓRARINN ELDJÁRN Orðfimi og kímni í myndum bóka Sigrúnar og Þórarins eru ómetanlegt framlag til uppeldis yngstu kynslóðar íslenskra barna.

■ FRAMLAG TIL ÆSKULÝÐSMÁLA

LESBLINDUSETRIÐ Lesblinda er fötlun í nútímasamfélagi. Með Davis-leiðréttingu sem ástunduð er í Lesblindusetrinu hefur fjöldi manns fengið aðgang að ritmáli sem hann hafði ekki áður.

SIÐMENNT Félagið hefur byggt upp borgaralegar fermingar á Íslandi. Fermingarundirbúningurinn hefur vakið sérstaka athygli, ekki síst vegna þeirrar siðfræðikennslu sem ungmennin njóta.

SJÓNARHÓLL Ráðgjafarmiðstöðin Sjónarhóll hefur á þeim fáu árum sem hún hefur starfað sannað gildi sitt í leiðsögn við foreldra og aðstandendur barna með sérþarfir.

■ TIL ATLÖGU GEGN FORDÓMUM

FREYJA HARALDSDÓTTIR Freyja hefur með verkefni sínu „Það eru forréttindi að vera með fötlun” lagt drjúgan skerf af mörkum við að brjóta niður fordóma meðal framhaldsskólanema.

JÓN GNARR Jón Gnarr hefur í fyrirlestrum og bók sinni Indjánanum veitt áhrifaríka innsýn í heim ofvirks barns.

RANNVEIG TRAUSTADÓTTIR Rannveig hefur lagt stund á fötlunarfræði og hefur meðal annars rannsakað hagi seinfærra og þroskaheftra mæðra. Hún hefur í málflutningi sínum lagt ríka áherslu á að virða réttindi þessa hóps.

■ HEIÐURSVERÐLAUN

ÞORGERÐUR INGÓLFSDÓTTIR Þorgerður hefur stjórnað Hamrahlíðarkórnum og Kór Menntaskólans við Hamrahlíð í tæplega fjörutíu ár, á hverju ári með meira eða minna nýjan hóp ungmenna. Framlag hennar til tónlistaruppeldis þess stóra hóps sem hún hefur starfað með er ómetanlegt, auk framlags hennar til tónlistarlífsins í landinu.

■ SAMFÉLAGSVERÐLAUNIN

AE-STARFSENDURHÆFING Jafnrétti er leiðarljós í starfi Elínar Ebbu Ásmundsdóttur og Auðar Axelsdóttur, sem standa að AE-starfsendurhæfingu. Á þeim forsendum er stuðningur þeirra við fólk með geðröskun til virkni og starfa á almennum vinnumarkaði.

AFA AÐSTANDENDAFÉLAG ALDRAÐRA Samtökin hafa sýnt frumkvæði og eljusemi við að vekja athygli á málefnum aldraðra og stöðu þeirra í íslensku samfélagi.

YGGDRASILL - RÚNAR SIGURKARLSSON OG HILDUR GUÐMUNDSDÓTTIR Verslunin Yggdrasill hefur starfað í liðlega tuttugu ár. Hjónin Rúnar og Hildur sem stofnuðu verslunina eru frumkvöðlar í verslun með lífrænar vörur á Íslandi.

DV ER DAGBLAÐ

Fimmtudagurinn 22. febrúar er merkur dagur -
þá verður DV aftur að dagblaði

**DV kemur framvegis út mánudaga, þriðjudaga,
miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga**

DV

FRJÁLST, ÓHÁÐ DAGBLAÐ

Brautarholti 26 105 Reykjavík
Sími: 512 7000
Fréttaskot: 512 7070
dv.is

Svona erum við
> Útsendingartími Ríkissjónvarpsins. Klukkustundir á sólarhring að jafnaði.



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið
fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: HVERS VEGNA KLÆÐAST MENN SKIKKJU Í DÓMSAL?

Dökkur litur undirstrikar alvarleikann

Nokkur þróun hefur orðið í klæðaburði dómara og málaflutningsmanna í gegnum tíðina. Flestir sjá kannski fyrir sér dómara með hvíta hárkollu í svartri, þungri skikkju en sú mynd samræmist ekki alveg hinum íslenska veruleika, að minnsta kosti ekki hvað hárkolluna varðar, þó að dómarar beri enn hárkolluna í sumum löndum. En íslenskir dómarar ganga í dökkri skikkju í dómsal.

Hvers vegna?
Eiríkur Tómasson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, segir að skýringin sé tvíþætt. Upphaflega skýringin sé sú að með skikkjunni sé lögð áhersla á að dómarinn sé ekki lengur maður eins og hver annar heldur sé hann þjónn réttarins, kominn í ákveðið hlutverk þegar hann er kominn í skikkjuna og eigi ekki að láta persónuleg sjónarmið og afstöðu ráða gjörðum sínum heldur einungis fara eftir lögum eins og segi í stjórnarskránni.

Með því að klæðast skikkju sé einnig lögð áhersla á að sýna beri dómaranum og þinghaldinu virðingu.

Skikkjan undirstrikar þá að dómarinn er sá sem stýrir þinghaldinu og sker úr um ágreiningsmál ef þau koma upp. Þinghaldið er formlegt og má líkja við formlega athöfn eins og messu þar sem ákveðnar formreglur gilda þannig að dómstörfin fari fram með sem skipulögðustum hætti og allt gert til að lyktir mála verði sem réttlátastar.

Hvað ræður litnum á skikkjunni?
Skikkjur dómaranna eru dökkbláar með bláum bryddingum en skikkjur ákærenda og málflutningsmanna eru svartar með bláum bryddingum. Kemur þar tvennt til. Þetta er að hluta til smekksatriði. Ekki þykir heldur við hæfi að dómarar og málflutningsmenn klæðist litríkum klæðnaði þar sem athöfnin hefur yfir sér alvarlegan og virðulegan blæ. Litirnir þykja því undirstrika alvarleika og mikilvægi mála.

Skikkjur dómara og fulltrúa ákæruvaldsins greiðast úr ríkissjóði.

SPURT & SVARAÐ
SJÓNVARPSÁHORF BARNA

Mikilvægt að stýra áhorfi

GUÐBJÖRG HILDUR KOLBEINS
Doktor í fjölmiðlafræði

Breski sálfræðingurinn Aric Sigman hefur komist að þeirri niðustöðu að sjónvarpsgláp barna hafi mun alvarlegri áhrif á heilsu þeirra og þroska en áður var talið. Guðbjörg Hildur Kolbeins er doktor í fjölmiðlafræði.

Eiga foreldrar að takmarka sjónvarpsáhorf barna sinna?
Já, það eiga foreldrar að gera. Það er gríðarlega mikilvægt að setja börnunum takmörk, annars vegar varðandi það hvað þau mega horfa á og hins vegar hversu mikið.

Hvernig geta foreldrar stýrt áhorfi barna sinna?
Ég hef alltaf sagt að börn undir tveggja ára aldri ættu ekki að horfa á sjónvarp. Frá tveggja ára aldri er í góðu lagi að leyfa börnum að horfa pínulítið á sjónvarp svo framarlega sem það er fylgst með þeim. Foreldrar eiga að fylgjast með sjónvarpsnotkun barna sinna fram eftir öllum aldri. Ég er til dæmis á móti því að börn séu með sitt eigið sjónvarpstæki inni í herberginu sínu.

Nálgunarbann of þungt í vöfum

Breyta þarf löggjöf um nálgunarbann. Kerfið sem nú er notað er of þungt í vöfum til að það nýtist til að veita þolendum ofbeldis nægilega vernd og er seinvirkt hjálpartæki fyrir lögreglu. Þetta kom meðal annars fram í máli Ásu Ólafsdóttur, lögfræðings og réttargæslumanns, en hún flutti erindi á morgunverðarfundi kvennahreyfinganna á Íslandi í gær. Umræðuefnið var kynbundið ofbeldi og aðgerðir gegn því.

HEIMILISOFBELDI Heimilisofbeldi er talið meðal algengustu afbrota á Íslandi. Að fá úrskurðað nálgunarbann á brotaþega er þó mjög þungt í vöfum. Myndin er sviðsett.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Nálgunarbann er aðallega notað í málum sem varða heimilisofbeldi og er aðeins heimilt að fara fram á það ef rökstudd ástæða þykir fyrir því að þolanda stafi hætta af annarri manneskju.

Ása Ólafsdóttir, lögfræðingur og réttargæslumaður, segir að til þess að þetta úrræði virki sé nauðsynlegt að skýrar reglur séu um nálgunarbann. Í fyrsta lagi sé óviðunandi að það sé algerlega háð mati lögreglu hvort farið sé fram á nálgunarbann. Þá taki málsmeðferðin oft of langan tíma. Auk þess hefur brotaþoli ekki nokkra aðild að málinu og viti í mörgum tilfellum ekki um afdrif beiðnarinnar, það eigi sérstaklega við um konur af erlendum uppruna.

Ása bendir einnig á að henni þyki lögreglan of sjaldan fara fram á nálgunarbann, jafnvel þótt aðstæður séu alvarlegar og raunhæf ástæða sé til þess að óttast um líf og heilsu brotaþola.

Of seinlegt fyrirkomulag
Sigurbjörn Víðir Eggertsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn lögregluembættis höfuðborgarsvæðisins, tekur undir orð Ásu um að nauðsynlegt sé að breyta lögum um nálgunarbann. „Að mínu mati þarf að breyta fyrirkomulaginu. Kerfið er seinvirkt þegar kemur að þessum málum," segir Sigurbjörn. Honum þykir réttara að beiðnir um nálgunarbann yrðu færðar til ákæruvalds lögreglustjóra og það gæti í beinu framhaldi tekið ákvörðun um hvort af því yrði. Málið yrði svo fært fyrir dómara sem gæti þá úrskurðað um hvort rétt væri að halda því eða aflétta.

Eins og staðan er nú þarf þolandi ofbeldis að leggja fram kröfu um nálgunarbann við lögreglu. Lögregla metur hvort rétt sé að krefjast þess fyrir dómi að einstaklingur skuli sæta nálgunarbanni. Sá einstaklingur hefur svo frest í tvo sólarhringa til að andmæla. Það fyrirkomulag segja Sigurbjörn og Ása bæði of seinlegt.

Gerandi kyrr á heimilinu
Heimilisofbeldi eru talin ein algengustu afbrot sem framin eru hér á landi. Andrés Ólafsson, sálfræðingur í verkefni menntamálaráðuneytisins Karlar til ábyrgðar, hefur sagt að talið sé að um 1.100 konur verði árlega fyrir líkamlegu heimilisofbeldi hér á landi. Málin eru þó þung í vöfum í kerfinu og eru erfiðleikar við að fá fram nálgunarbann á þolanda talið eitt þeirra atriða sem gera þau enn erfiðari viðfangs. Eins og staðan er nú er þolandi ofbeldisins venjulega sá sem þarf að fara af heimilinu. Það þykir Sigþrúði Guðmundsdóttur, framkvæmdastýru Kvennaathvarfsins, ófugsnúið og verða til þess að þolandinn, sem nánast alltaf er konan í sambandinu, verður fyrir enn frekara álagi við að flýja af heimili sínu fyrir utan það sem hún hefur þegar hlotið af ofbeldinu. Ef börn séu í sambandinu fylgi þau venjulega mæðrum sínum og skapi flutningarnir oft mikið rask fyrir þau. Á meðan geti gerandinn verið um kyrrt á heimilinu.

KYNBUNDIÐ OFBELDI Kvennahreyfingar á Íslandi funduðu um aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi ásamt fulltrúum stjórnmálaflokkanna í gær. Meðal þeirra aðgerða sem rætt var um eru leiðir til að bæta úrræði kvenna til að fá fram nálgunarbann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Virkari notkun myndi skila miklu
Sigþrúður telur að virkari notkun á nálgunarbanni myndi skila miklu. Úrræði skorti til að koma í veg fyrir að karlmenn ónáði og hóti konum sem þeir hafa lagt hendur á.

Fréttablaðið greindi frá því í fyrra að árið 2005 komu tæplega 300 heimilisofbeldismál á borð lögreglunnar. Hafa verður í huga að ekki eru öll tilkynnt tilvik skráð í málaskrá þar sem þessum málum er oft lokið sem dagbókarfærslu. Aðeins var eitt prósent þeirra mála tekið til ákærumeðferðar.

Á árinu 2006 voru 445 heimilisofbeldismál skráð en of snemmt er að segja til um hvar þau mál eru nú stödd í kerfinu.

FJÖLDI KVENNA SEM HAFA LEITAÐ TIL KVENNAATHVARFSINS

ÁSTÆÐUR VEGNA KOMU Í KVENNAATHVARFIÐ

	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Kynferðisofbeldi	12%	14%	16%	17%	28%	28%
Ofbeldi g. börnum	8%	11%	10%	17%	13%	15%
Ofsóknir/Morðhótanir	16%	21%	33%	34%	41%	37%
Líkamlegt ofbeldi	29%	32%	40%	42%	46%	56%
Andlegt ofbeldi	57%	84%	76%	84%	88%	85%

FRÉTTASKÝRING
KAREN D. KJARTANSDÓTTIR
karen@frettabladid.is

Gleðilegar ræstingar
– og farsælan vinnudag!

TASKI Swingo 1250 B
Hentar meðalstórum fyrirtækjum og stofnunum.
Raunhæf afköst 1250m²/klst

TASKI Swingo 450
Einstakleg lipur vél sem hentar vel þar sem er þröngt.
Raunhæf afköst 450m²/klst

Nánari upplýsingar veita sölumenn og ráðgjafar hjá RV

25 ára Rekstrarvörur 1982–2007

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

LAGERÚTSALA Holtavegi 8

bjóðum við 30-70% afslátt af völdum vörum.

Aðeins fimmtudag 22. feb. til sunnudags 25. feb. Virka daga frá kl. 13-18, helgina frá kl. 11-16

Chiro

Chiro standard heilsudýna
með botni og löppum.

Verðdæmi

140x200 cm kr. 79.900,-
152x203 cm kr. 85.900,-
160x200 cm kr. 88.900,-
180x200 cm kr. 92.900,-

Teppasett

Teppi - pífa - púði
og tvö koddaver Queen Size
Verðdæmi Queen
Frá kr. 12.900,-

Viper hægindastólar

Burgundy-rautt leður.
Verð áður kr. ~~143.000,-~~
Verð kr. 89.900,-

Apple náttborð

Eik, vengi og ljóst beyki
Verð frá 19.900
Allt að 40% afsláttur.
Aðeins 100 stk. í boði.

Gaflar

Í miklu úrvali.
15-50% afsláttur

Stillanleg rúm!

Aeroflex stillanleg rúm
með heilsudýnu á verði
sem ekki hefur sést áður.

TempraKON sýningarkoddar!

50% afsláttur
örfá eintök
fyrstir koma fyrstir fá

Spring Air

Verðdæmi - Never Turn:
Cal-King 183x213 cm
99.000,- án gafls.

30-70% Afsláttur

ekki missa af þessu!!

Bak við Holtagarða!!

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

EINFALDLEGA betra fyrir pig

Ódýrt gott

Helgartilboð

988 kr./kg.

Goða lambalæri frosið

30% afsláttur

1875 kr./kg.

Móa kjúklingabringur

399 kr./pk.

Nautahakk frosið

Goða dönsk lifrakæfa 380 g

199 kr./pk.

Spínat

H&G Spínat

249 kr./pk.

Móðir náttúra

15% afsláttur

Hér safnarðu aukalega inn á

MasterCard ferðaávísun

Safnaðu inn á ferðaávísun

Ódýrt

Ódýrt

Frábært verð!

399 kr. pk.

Naggar Cordon bleu,
Naggar kjötbollur

699 kr. kg.

Bautabúrs Bayonneskinka

Þín lágvöruverðsverslun

698 kr. pk.

Goða pítubakki

25% afsláttur

Freschetta pizza 300 g

299 kr./stk.

Ávaxtasafi

Bravo ávaxtasafi 1 ltr.

99 kr./stk.

2 fyrir 1

Myllu Heilhveitibrauð

Gevalia kaffi 500 g

318 kr./pk.

Veglegur kaupauki fylgir með hverjum 3 Dove hlutum

KRÓNAN

Útgjöldin

> Sala á rauðvíni á Íslandi árin 2000 til 2005 í lítrum talið



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

neytendur
hagur heimilanna

NEYTANDINN: ÞÓRHALLUR SIGURÐSSON LEIKARI

Lítil hrifning með súperslicer

Þórhallur Sigurðsson leikari, sem oftast er kallaður Laddi, keypti einu sinni superslicer í Sjónvarpsmarkaðnum við litla hrifningu konunnar sinnar. „Ég sagði henni að þetta væri undratæki, maður gæti slæsað lauka, gulrætur og epli á sekúndubroti án þess að skera sig eða fara að grenja.

Konan sagði að hún kæmi aldrei til með að nota græjuna. Ég sagði nei, nei því ég kæmi til með að nota skerann mikið því þegar ég er í eldhúsinu og held stórveislu þá er gott að vera með góðar græjur til að flýta fyrir," segir Þórhallur. Þegar tækið kom í pósti fann Þórhallur strax uppskrift með gífurlega miklum niðurskornum lauk.

„Þegar ég reyndi að setja græjuna saman og átta mig á eiginleikum hennar þá skar ég mig í fingurinn, en ég sagði við mig að það væri nú ekki neitt, bara byrjunarörðugleikar. Loksins þegar ég hafði komið skeranum saman ætlaði ég að slæsa lauk eins og andskotinn. Ég smellti lauknum á brettið og bað konuna að fá sér sæti og fylgjast með og læra. Eftir þó nokkurn þæfing, pústra, bölv og ragn, var tækið sett til hliðar og gamli laukhnífurinn tekinn fram og málið klárað. Ég reyndi ekki að nota skerann eftir það. Við margreyndum að gefa einhverjum skerann en það tókst ekki," segir Þórhallur og bætir því við að hann ætli ekki einu sinni að segja frá bumbubananum sem hann keypti einu sinni.

HÚSRÁÐ

AROMAT Í KOLLVIK

■ *Ægir Þór Eysteinsson, fréttamaður Ríkissjónvarpsins á Austurlandi, vill hafa borðbúnaðinn sinn skínandi.*

„Þegar von er á gestum í heimsókn þá skiptir miklu máli að borðbúnaðurinn sé skínandi hreinn. Því hef ég brugðið á það ráð að setja álpappír í eldfast mót, leggja hnífapörin ofan í, strá á þau matarsóda og hella sjóðandi heitu vatni yfir. Og viti menn, borðsilfrið verður skínandi hreint og fagurt." Ægir leggur áherslu á að gestir hans hagi sér skikkanlega við matarborðið. „Ef einhver kemur með miður skemmtilegar athugasemdir við matinn þá er gott að strá dálitlu af aromati í kollvikin á viðkomandi. Það virkar alltaf."

■ VERÐLÆKKUN

Innnes lækkar verð

Heildverslunin Innnes hefur tilkynnt um tveggja prósenta lækkun á þeim vörum sem það selur. Ástæða lækkunarinnar er styrking krónunnar. Þetta kemur fram á vef Neytendasamtakanna. Innnes flytur meðal annars inn Filippo Berio olíur, Granini safa, Hunts vörur, Orville popp, Mills kavíar, Swiss miss, Wesson olíur, Freschetta pitsur og sælgæti frá Marabou, Toms, AB, Fisherman og Ga-jol.

■ FYRIRLESTUR

Merkingar matvæla

Fyrirlestur í fyrirlestraröð Umhverfisstofnunar um merkingar matvæla verður haldinn á fimmtu hæð á Suðurlandsbraut 24 á milli klukkan 15 og 16 þriðjudaginn 27. febrúar. Kynntar verða niðurstöður úr norrænni neytendakönnun sem gerð var á vegum matvælastofnana Norðurlanda síðastliðinn október. Fyrirlesari er Jónína Þ. Stefánsdóttir matvælafræðingur.

■ FJÖLMIÐLAR

Lækkun á verði fjölmiðla

Allir fjölmiðlar í landinu, fyrir utan Viðskiptablaðið, munu lækka áskriftarverð sitt um sjö prósent um næstu mánaðamót þegar virðisaukaskattur á fjölmiðlum lækkar úr fjórtán prósentum í sjö prósent. Þá mun virðisaukaskattur á bókum einnig lækka úr fjórtán prósentum niður í sjö hinn 1. mars.

Hnotubrjóturinn

Aldrei fyrr hafa hnetur brotnað á jafn snyrtilegan og stílhreinan hátt. Nýi Drosselmeyer hnetubrjóturinn fæst í svörtu, rauðu og hvítu.

epal

Skeifunni 6 / Sími 568 7733 / Fax 568 7740 / epal@epal.is / www.epal.is

Niðurfelling tolla skilar sér ekki strax í kjötverði

Áhrif tollalækkunar á kjötverð skýrist líklega ekki fyrr en í vor eða sumar. Stórkaupmenn segja útfærsluna vanta og telja tollana ekki leiða til verðlækkunar. Niðurfelling vörugjalda kemur ekki fram fyrr en eftir tvo mánuði.

SKÝRIST Í VOR EÐA SUMAR Útfærslan á tollalækkuninni virðist að mörgu leyti óljós. Áhrif tollalækkunarinnar skýrist ekki fyrr en í vor eða sumar þegar fyrsta útboðið fer fram á þeim 800 tonnum af hráu innfluttu kjöti sem heimilt er að flytja til landsins án aðflutningsgjalda.

Óljóst er hversu mikið innflutt, hrátt kjöt lækkar í verði eftir matarskattsbreytingarnar sem taka gildi 1. mars og hversu mikið tollalækkunin hefur áhrif til verðlækkunar. Virðisaukaskattur á kjöti lækkar úr fjórtán í sjö prósent og mun það skila sér til neytenda. Óljóst er hins vegar hvernig og hvenær tollalækkunin kemur til neytenda, að mati innflytjenda.

HELGI EINARSSON Framkvæmdastjóri hjá Dreifingu.

Helgi Einarsson, framkvæmdastjóri Dreifingar, sem er langstærsti innflytjandinn á hráu kjöti, segir að verð á innfluttu, frystu grænmeti muni lækka um þrjátíu prósent 1. mars en ekki sé hægt að segja til um verðlækkun á kjöti fyrr en fyrsta kjötútboðið hefur farið fram. „Þetta kemur ekki í ljós 1. mars því að það tekur líklega um tvo mánuði að undirbúa útboð og kemur því ekki í ljós fyrr en í sumar hvort verðlækkanir eiga sér stað og þá á hvaða vörutegundum."

Helgi telur að ríkisstjórnin sé ekki búin að samþykkja tollalækkanirnar og segir að beðið sé eftir samþykki ríkisstjórnarinnar. Hann bendir á að samkvæmt samkomulaginu við Evrópusambandið verði tollar lækkaðir á tæplega 800 tonnum af hráu kjöti meðan mesta þörfin sé á tollalækkun á unnu kjöti. „Þetta skýrist þegar maður fer að sjá hvað fyrirtæki ætla að sækjast eftir miklu magni af innfluttu kjöti því prósentan í tollflokkunum skiptir ekki svo miklu máli heldur aðallega þessi 800 tonn."

ANDRÉS MAGNÚSSON Framkvæmdastjóri Félags íslenskra stórkaupmanna.

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Félags íslenskra stórkaupmanna, segir að kaupmenn telji að verð á matvöru lækki um 8,5 til níu prósent og þá sé eftir að taka tillit til áhrifa niðurfellingar á vörugjöldum og tollalækkunar. „Við teljum að tollarnir leiði ekki til neinnar lækkunar. Stjórnvöld hafa ekki spilað út enn þá með hvaða móti þau ætla að ná þeirri 1,5 prósenta lækkun með þessari aðgerð," segir hann.

Niðurfelling á vörugjöldum telur hann að taki einn til tvo mánuði að koma fram. „Það fer eftir veltunni á algengum, innfluttum þurrvörum eins og kaffi, te og hveiti hve langan tíma það tekur að koma fram," segir hann.

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, segir að ekki sé búið að kynna með hvaða hætti tollalækkun á kjöti eigi að koma fram. „Verið er að pakka vörum sem ná fram yfir 1. mars þannig að við höfum áhyggjur af því hvernig þetta á að koma fram."

ghs@frettabladid.is

Veitingastaðirnir eru með prentarana í startholunum vegna verðlækkana:

Lækkar um allt að 14 prósent

Virðisaukaskattur á veitingahúsum og matsölustöðum lækkar úr 24,5 prósentum í sjö prósent frá næstu mánaðamótum. Gert er ráð fyrir að lækkunin nemi um sex prósentum á skyndibitastöðum og svipuðum stöðum en tíu til tólf prósentum á veitingastöðum með meiri þjónustu.

Veitingahús hafa búið við sérstakt endurgreiðslukerfi virðisaukaskatts. Sá hluti söluverðsins sem er vegna þjónustu hefur borið 24,5 prósenta virðisaukaskatt en maturinn hefur borið 14 prósenta virðisaukaskatt. Þetta kerfi fellur niður um næstu mánaðamót.

Gert er ráð fyrir að verðlækkunin verði mismunandi eftir þjónustustigi veitingastaðanna. Þannig má búast við að lækkunin verði meiri eftir því sem þjónustustigið er hærra og verður þá, eins og áður segir, mest um tólf prósent á veitingastöðum með háu þjónustustigi.

„Við ætlum að lækka matarverð að minnsta kosti um tólf prósent en stefnum í fjórtán prósent yfir línuna og ég er búinn að endurreikna verðið miðað við það. Prentarinn bíður bara eftir að prenta út," segir Jón Páll Haraldsson, rekstrarstjóri á veitingastaðnum Einari Ben í miðborg Reykjavíkur.

LÆKKAR Á VEITINGAHÚSUM Verð lækkar um allt frá sex og upp í fjórtán prósent á veitingahúsum eftir því hvert þjónustustigið hefur verið. Á Einari Ben fást þær upplýsingar að þar lækki verð um fjórtán prósent.

Jón Páll segir að ekki sé búið að ákveða skattalækkun á víni en bendir á að SAF, Samtök ferðaþjónustunnar, hafi þrýst mikið á að virðisaukaskattur á víni verði lækkaður þannig að sami virðisaukaskattur verði á mat og víni. Verð á víni helst því væntanlega óbreytt. **- ghs**

allt á baðherbergið

ÖRYGGISGLER

INNBYGGÐ WC

VERÐ FRÁ:
32.900 kr stgr.

Innifalið í verði:
- Innbyggingar WC kassi hár eða lár
- WC skál með setu
- Sturtuspjald
- Affallsrör, beint eða bogið
- Barki fyrir vatnsinntak
- Festingar upp og niðri

RÚNAÐ STURTUHORN

VERÐ FRÁ: **23.900** kr stgr.

Stærðir: 75x75 80x80 90x90

VELDU ÞITT GLER - beint á gólf EFTIR STÆRÐ

GLER ENDAVEGGIR stærðir
70 sm, 80 sm, 90 sm, 100 sm og 110 sm

GLER HURÐIR stærðir
60, 70, 75, 80, 85, 90, 95, 100, 105, 110, 115, 120, 130 og 140 sm

10 mm öryggisgler

INNRÉTTINGAR & TÆKI
www.i-t.is - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

ICEX-15 7.316 **-0,46%** **Fjöldi viðskipta:** 549 **Velta:** 9.343 milljónir

MESTA HÆKKUN

Alfesca	+1,24%
FL Group	+0,91%
Atorka	+0,85%

MESTA LÆKKUN

Glitnir	-1,84%
Eimskipafélagið	-0,90%
Kaupþing	-0,82%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: 365 3,87 +0,00% ... Actavis 69,80 +0,72% ... Alfesca 4,90 +1,24% ... Atlantic Petroleum 605,00 +0,00% ... Atorka 7,10 +0,85% ... Bakkavör 65,70 -0,46% ... Eimskipafélagið 33,20 -0,90% ... FL Group 33,40 +0,91% ... Glitnir 26,70 -1,84% ... Kaupþing 972,00 -0,82% ... Landsbankinn 31,20 -0,32% ... Marel 76,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 14,20 -0,70% ... Straumur-Burðarás 20,50 -0,49% ... Össur 122,00 -0,41%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Stjórnarmaður Kaupþings vill sænskan banka

Ríkisstjórn hægrimanna í Svíþjóð hyggst selja hluti ríkisins í fyrirtækjum á næstunni. Meðal þess sem er til sölu er fasteignalánabankinn SBAB sem virðist vekja áhuga margra. Þanning hefur Danske Bank undir forystu Peter Straarup sýnt áhuga á að kaupa bankann. Fleiri eru nefndir til sögunnar. Nordea er einnig sagður hafa áhuga svo og Länsförsäkringar sem er sjötti stærsti banki Svíþjóðar í fasteignalánum. Þar er í forystu Tommy Person sem vill til að er stjórnarmaður í Kaupþingi. Kaupþing er einnig sagt hafa áhuga, en ekki hafa neinar yfirlýsingar um slíkt borist. Hins vegar er líklegt að Sigurður Einarsson fylgist vel með þróun mála.

Reynir ríki

Þeir eru margir ríku huldumennirnir í íslensku viðskiptalífi eftir uppgang síðustu ára. Sá ríkasti heitir sennilega Reynir ef snúa má út úr fyrirsögn á vísi.is um skýrslu Standar & Poor's. Þar stóð: Reynir á bankana.

Eignarhald er mismunandi ljóst á fjármálafyrirtækjum. Þannig er hægt og bítandi verið að finna hirða fyrir fé sparisjóðanna. SPRON ætlar að greiða allan sinn hagnað í arð og má búast við að svo verði gefið út nýtt stofnfé. Þá geta stofnfjáreigendur notað arðinn til að kaupa nýtt stofnfé. Hlutafélag er svo lokaáfanginn.

Ætli að Reynir sé líka stofnfjáreigandi?

MARKAÐSPUNKTAR

Seðlabanki Japans hækkaði stýrivexti um 25 punkta í gær og standa þeir í 0,50 prósentum. Vextirnir voru núllstilltir árið 2001 til að blása lífi í efnahagslíf Japans.

Bandaríska hlutabréfavísitalan Dow Jones hefur verið á hraðri siglingu upp á við allt frá því í október í fyrra. Vísitalan hefur slegið hvert metið á fætur öðru, þar af í þrígang í síðustu viku. Nýjasta metið sló vísitalan á þriðjudag í þessari viku þegar gengi hennar fór í 12.786,64 stig við lokun markaða.

Danski leikfangaframleiðandinn Lego skilaði hagnaði upp á 1,4 milljarða danskra króna fyrir skatt í fyrra. Þetta svarar til ríflega 16 milljarða íslenskra króna, sem er þrisvar sinnum betri afkoma en árið 2005.

CARL H. ERLINGSSON, SPARISSJÓÐSSTJÓRI SPK Hagnaður SPK nam 511 milljónum króna á síðasta ári.

SPK hagnast um hálfan milljarð

ÞAÐ ER MEIRA EN ALLUR HAGNAÐUR ÁRANNA 2001-2005.

Sparisjóður Kópavogs skilaði methagnaði í fyrra. Alls var hagnaður sparisjóðsins 511 milljónir króna og jókst um tæp 54 prósent á milli ára. Hagnaðurinn var töluvert meiri en heildarafkoma sparisjóðsins á árunum 2001-2005.

AFKOMA SPK 2001-2006

(í milljónum króna)

2001	-91
2002	27
2003	-8
2004	134
2005	333
2006	511

Arðsemi eigin fjár var 55,2 prósent.

Hreinar rekstrartekjur voru 1.173 milljónir króna í fyrra og jukust um 35 prósent. Auknar tekjur skýrast aðallega af miklum vexti hreinna tekna af fjáreignum og fjárskuldum sem hækkuðu úr 356 milljónum í 660 milljónir. Hreinar vaxtatekjur voru 358 milljónir sem var 12,6 prósenta samdráttur. Rekstrargjöld samstæðunnar voru 461 milljón króna og jukust um ellefu prósent.

Heildareignir SPK námu rúmum 21 milljarði um síðustu áramót og höfðu aukist um 22 prósent. Eigið fé hækkaði um 38 prósent og var 1.418 milljónir, þar af nam stofnfé um 418 milljónum króna. **- eþa**

Vöruskiptahallinn eykst á milli ára

Vöruskipti voru neikvæð um 148,6 milljarða króna í fyrra en það er 42,9 milljörðum meira en árið á undan, samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar. Af því voru vöruskipti í desember óhagstæð um 13,1 milljarð króna en það er 1,9 milljarða aukning á milli ára.

Í fyrra voru vörur fluttar út fyrir 242,7 milljarða króna en inn fyrir 391,3 milljarða. Í desember voru vörur fluttar út fyrir 20,1 milljarð króna en inn fyrir 33,3 milljarða, samkvæmt Hagstofunni.

Sjávarafurðir voru 51,3 prósent af öllum útflutningi í fyrra en hlutur iðnaðarvara nam 38 prósentum. Þar af var ál stærsti hluturinn en auk þess jókst sala á skipum og flugvélum umtalsvert á árinu, að sögn Hagstofunnar. Stærstur hluti innflutnings var hrá- og rekstrarvörur en hlutur þess nam 24,8 prósentum af öllum innflutningi.

ÁL Halli á vöruskiptum jókst um 42,9 milljarða króna í fyrra. Greiningardeild Glitnis spáir því að dragi úr hallanum þegar útflutningur á áli eykst á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Greiningardeild Glitnis bendir á það í Morgunkorni sínu í gær að þetta sé bakslag þar sem greina hafi mátt að draga væri úr hallanum síðastliðið haust.

Glitnir segir tölur Hagstofunnar styðja þá skoðun deildarinnar að hagkerfið sé að kólna öllu hægar en gert hafi verið ráð fyrir. Telur hún að jafnt og þétt muni draga úr vöruskiptahalla á næstunni samhliða auknum útflutningi á áli á árinu. **- jab**

Íbúðafjárfestingar umfram væntingar

Íbúðafjárfestingar voru nokkru meiri í fyrra en gert hafði verið ráð fyrir. Þrátt fyrir það var byrjað að byggja færri íbúðir á árinu en árið 2005. Þetta segir í Vefriti fjármálaráðuneytisins í gær sem gerði ráð fyrir því í janúar að íbúðafjárfestingar myndu aukast um 11 prósent á síðasta ári.

Í Vefritinu er vitnað til nýrrar samantekt Fasteignamats ríkisins á fjölda íbúða í byggingu í fyrra. Þar kemur fram að byrjað var að byggja 3.746 íbúðir samanborið við 4.393 íbúðir árið 2005. Heildarsamdrátturinn á milli ára nemur 15 prósentum en heilum 60 prósentum sé miðað við tveggja ára tímabil.

Sveiflan í fjölda fullgerðra íbúða var hins vegar ekki eins mikil, að sögn fjármálaráðuneytisins. Fullgerðum íbúðum fjölgaði úr 3.106 árið 2005 í 3.294 íbúðir í fyrra eða um 6 prósent á milli ára. Fyrir þremur árum var hins vegar lokið við talsvert færri íbúðir, eða 2.355 og þannig nemur aukningin á milli ára til 2005 alls 32 prósentum.

Er bent á að fyrir tveimur árum hafi byggingaraldan staðið sem hæst og sé fækkun nýbygginga því í samræmi við aðrar upplýsingar um að þensla á fasteignamarkaði sé í rénum, að sögn ráðuneytisins. **- jab**

NÝBYGGINGAR Í GRAFARHOLTI Íbúðafjárfestingar meiri í fyrra en fjármálaráðuneytið hafði gert ráð fyrir. Þrátt fyrir það var ráðist í færri nýbyggingar á árinu miðað við árið á undan. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fyrsta þolraun bankanna fram undan að sögn S&P

Standard & Poor's segir bankana standa frammi fyrir sinni fyrstu þolraun eftir breytingar síðustu ára. Langtímahorfur eru sagðar góðar, en til skamms tíma hægi um hér heima og fjármögnun þeirra á erlendum mörkuðum verði erfiðari.



NÝ SKÝRSLA STANDARD & POOR'S Greiningarfyrirtækið Standard & Poor's telur íslenska banka í meðaláhættuflokki á heimsvísu, með heldur lakari áhættueinkunn en sambærilegir bankar í Vestur-Evrópu. Fyrirtækið segir langtímahorfur bankanna góðar.

Langtímahorfur íslensku bankanna eru góðar þótt á þá reyni til skemmri tíma litið, segir í nýrri skýrslu greiningarfyrirtækisins Standard & Poor's. Fyrirtækið segir að á næstunni séu horfur á að hægi á hagkerfinu hér heima og aðgengi bankanna að lánsfjármagni í útlöndum kunni að þrengjast. Þessar aðstæður séu í raun fyrsta þolraunin sem bankarnir þurfi að ganga í gegn um eftir skipulagsbreytingar og vöxt síðustu þriggja ára.

Bent er á að Glitnir, Kaupþing og Landsbankinn ráði yfir um 90 prósentum bankamarkaðar hér á landi á sama tíma og umsvif þeirra aukist mikið í Skandinavíu og Bretlandi. Þannig séu eignir bankanna í útlöndum nú orðnar meiri en á Íslandi.

Minni eftirspurn og samdráttur í fjárfestingum á heimamarkaði um leið og dragi úr vexti bankanna í útlöndum er sagt munu leiða til lakara starfsumhverfis þeirra. Versni ekki horfur til muna í efnahagslífinu hér segir Standard & Poor's ekki hægt að ætla annað en bankarnir þrír getir tekist á við tímabundnar raunir. Þar skiptir miklu hversu víðtæk starfsemi þeirra sé orðin og hve staða þeirra sé sterk á innanlandsmarkaði.

„Mesta hættan í annars bjartri framtíðarmynd, er vegna áhættu sem bankarnir deila með nokkrum af stærstu útrásarfyrirtækjum Íslands," segir í skýrslu Standard & Poor's. Verði þessi fyrirtæki fyrir skakkaföllum geti það haft áhrif á afkomu bankanna, bæði vegna náinna tengsla þeirra við fyrirtækin og vegna þess að fjárfestar kunni að verða tregari til að lána þeim fjármagn gefi á bátinn.

olikr@frettabladid.is

Níu milljarða hagnaður SPRON

Hagnaður SPRON á síðasta ári nam níu milljörðum króna og hefur aldrei verið meiri. Jókst hann um 120 prósent á milli ára. Arðsemi eigin fjár nemur 58,7 prósentum sem er langt yfir arðsemismarkmiðum sparisjóðsins upp á fimmtán prósent. Eigið fé jókst á árinu um 167 prósent og nemur nú 34,8 milljörðum króna. Eiginfjárhlutfall (CAD) hefur hækkað úr 13,6 prósentum árið 2005 í 20,2 prósent nú.

Hreinar rekstrartekjur ársins 2006 námu 15,2 milljörðum króna sem er 82 prósenta aukning frá árinu á undan. Hreinar vaxtatekjur námu 2,4 milljörðum og jukust um níu prósent. Þá jukust hreinar þóknunartekjur um 67 prósent og námu 975 milljónum króna á árinu.

Í fréttatilkynningu frá SPRON kemur fram að veigamesti þátturinn í tekjumyndun ársins haf verið hagnaður af fjárfestingum sparisjóðsins.

Vegur þar þyngst hlutabréfaeign í Exista.

Stjórn SPRON mun leggja fram tillögu fyrir aðalfund um að greiddur verði 46 prósenta arður til stofnfjáreigenda. **- hhs**

Tekjur jukust um 23 prósent

Hagnaður Icelandair Group nam 2,6 milljörðum króna eftir skatt í fyrra.

Heildartekjur Icelandair Group jukust um 23 prósent milli áranna 2005 og 2006 og námu 56,1 milljarði króna í fyrra samkvæmt ársuppgjöri félagsins. EBITDA, það er að hagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir nam rúmum sex milljörðum og hefur ekki verið meiri í 70 ára sögu félagsins.

Eftir skatta nam hagnaður Icelandair Group 2.615 milljónum króna. Í lok síðasta árs námu eignir félagsins 76,6 milljörðum króna.

Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair Group, er himinlifandi yfir góðu gengi félagsins í fyrra. „Við erum mjög ánægð með þetta. Bæði er að EBITDA er sú besta sem félagið hefur haft og líka að þetta gerist á sama tíma og félagið er meira og minna búið að vera í söluferli allt árið." Hann segir ekki sjálfgefið að ekki sjái á rekstrinum á slíkum tímum, enda geti miklum breytingum fylgt ákveðið umrót og óvissa meðal starfsmanna. „Starfsmenn eiga heiður skilinn fyrir að hafa áfram lagt áherslu á að reka bara fyrirtækið áfram. Okkur tókst að segja fólki að þetta yrði bara allt í lagi," segir Jón Karl og telur einnig horfur á góðu ári í ár. „Við reiknum með viðbót á árinu. Bæði erum við bæta við áfangstöðum og auka tíðni í ferðum. Svo eru líka spennandi verkefni framundan í leiguflugi og víðar."

JÓN KARL ÓLAFSSON Forstjóri Icelandair segir tekist hafa að forða því að umrót sem fylgdi eigendaskiptum og skráningu á markað raskaði starfsemi félagsins.

Í rekstri Icelandair Group eru árstíðabundnar sveiflur og var því 555 milljóna króna tap á fjórða ársfjórðungi 2006. Tapið er þó heldur undir meðalspá greiningardeilda Landsbankans og Kaupþings sem hljóðaði upp á 627 milljarða. Báðir bankar voru þá fjarri niðurstöðu fjórðungsins, Landsbankinn spáði 188 milljóna króna tapi og Kaupþing ríflega eins milljarðs króna tapi. **- óká**

Frjálsi hagnast

Stjórnendur búast við áframhaldandi útlánavexti.

Metafkoma varð af rekstri Frjálsa fjárfestingarbankans í fyrra þegar félagið skilaði 694 milljóna króna hagnaði. Það er ríflega fimmtungi meiri hagnaður en árið áður.

Hreinar rekstrartekjur jukust meira en önnur rekstrargjöld. Alls námu hreinar rekstrartekjur 1.345 milljónum króna og hækkuðu um 14,4 prósent. Hreinar vaxtatekjur bankans voru 827 milljónir króna, þjónustutekjur 103 milljónir og aðrar rekstrartekjur 415 milljónir.

Önnur rekstrargjöldu voru 437 milljónir og hækkuðu um 10,1 prósent. Kristinn Bjarnason, framkvæmastjóri Frjálsa, segir að mikill útlánavöxtur hafi verið árin 2005 og 2006 og býst við að sama verði uppi á teningnum í ár. Útlánasafnið er traust en 99 prósent útlána er bundið í fasteignum. „Vanskil eru lág í sögulegu samhengi en hafa þó verið að aukast lítillega á síðustu mánuðum," segir hann í fréttatilkynningu.

Eignir Frjálsa, sem eru útlán að langmestu leyti, stóðu í 55,3 milljörðum í árslok sem var 47,4 prósenta aukning.

Eiginfjárhlutfall (CAD) var 13,3 prósent. **- eþa**

Alfesca stefnir að stórum kaupum

Stjórnendur Alfesca gera ráð fyrir að ráðast í stór fyrirtækjakaup á næstu tólf til átján mánuðum, þegar og ef rétt tækifæri gefst. Þetta kemur fram í tilkynningu með uppgjöri félagsins fyrir annan fjórðung reikningsársins sem var birt í gær.

Stjórnendur félagsins áætla jafnframt að kaupa minni félög á næstu mánuðum til að styðja við ytri vöxt sinn. Í fyrradag tilkynnti Alfesca um kaup á franska rækjuframleiðandanum Adrimex fyrir 1,9 milljarða íslenskra króna.

Alfesca hagnaðist um 19,4 milljónir evra á öðrum fjórðungi reikningsárs síns. Það jafngildir um 1,7 milljörðum króna, sem er í takti við spár greiningardeilda bankanna.

XAVIER GOVARE, FORSTJÓRI ALFESCA
Alfesca skilaði 1,7 milljarða króna hagnaði á öðrum fjórðungi reikningsárs síns.

Sala á öðrum ársfjórðungi nam 235 milljónum evra, um 20,5 milljörðum íslenskra króna. Er það 6,1 prósents aukning frá síðasta ári. Rekstrartekjur fyrir afskriftir (EBITDA) á öðrum ársfjórðungi námu 34,7 milljónum evra, eða rúmum þremur milljörðum króna.

Síðasti ársfjórðungur var sá mikilvægasti í rekstri Alfesca. Sextíu til sjötíu prósent af framlegð félagsins myndast á því tímabili. Í fyrrahaust lækkaði laxaverð á mörkuðum eftir að hafa hækkað mjög á fyrri hluta ársins 2006. Það voru félaginu góð tíðindi enda kom fjórutíu prósent af veltu félagsins frá sölu á reyktum laxaafurðum á síðasta ári. Í fréttatilkynningu frá Alfesca segir að margt bendi nú til þess að laxaverð sé að ná meiri stöðugleika. **- hhs**

Kaupþing verðmetið á 1.062

Morgan Stanley hefur breytt ráðgjöf sinni á Kaupþingi úr markaðsvogun í yfirvogun og hækkar verðmatsgengið um fimmtung frá fyrra verðmati. Verðmatsgengið hækkar því úr 884 krónum á hlut (94 SEK) í 1.062 (113 SEK).

Sérfræðingar Morgan Stanley horfa fram á gott ár á sviði fjárfestingabankastarfsemi á Norðurlöndum þar sem Kaupþing hefur náð styrkri fótfestu. Þóknunartekjur af fjármálastarfsemi ættu að aukast verulega frá fyrra ári og þá hefur dregið verulega úr óvissu um fjármögnun bankans.

Gengi bréfa Kaupþings stóð í 972 krónum við lokun markaða í gær. **- eþa**

Nýr stjóri hjá Titan Invest

Agnar Már Jónsson, fyrrverandi forstjóri Opinna kerfa, hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri hins nýstofnaða fyrirtækis Titan Invest. Þá mun hann jafnframt taka sæti í stjórn Titan ehf.

AGNAR MÁR JÓNSSON

Markmið Titan er að leita uppi fjárfestingartækifæri erlendis á sviði upplýsingatækni, þar sem veitt er sambærileg þjónusta og Titan veitir á Íslandi. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá félaginu. Titan er upplýsingafyrirtæki sem einbeitir sér að lausnum fyrir stærri fyrirtæki, auk þess að bjóða þjónustu þeim erlendu fyrirtækjum á Íslandi sem nota Orange Business Solutions.

Titan Invest er í eigu Símans og F. Bergson Holding. **- hhs**

STYRMIR ÞÓR BRAGASON Styrmir, sem er forstjóri MP Fjárfestingarbanka, á kynningu bankans fyrir skömmu.

Aðild að OMX í Stokkhólmi

MP Fjárfestingarbanki varð aðili að OMX-kauphöllinni í Stokkhólmi frá og með gærdeginum. Fyrir var bankinn aðili að kauphöllunum í Reykjavík, Tallin, Ríga og Vilníus.

Haft er eftir Styrmi Þór Bragasyni, forstjóra MP Fjárfestingarbanka, í fréttatilkynningu að þetta sé í samræmi við þá stefnu bankans að auka við starfsemi sína erlendis. Unnið sé að því að fá aðild að öllum OMX-kauphöllunum. Tíðinda sé að vænta af því innan skamms. **- hhs**

120 1886 2006

SÖGUSÝNING

Landsbankinn
120 ára

Vetrarhátíð í kvöld

Sögusýning Landsbankans er þátttakandi í Vetrarhátíð Reykjavíkurborgar. Sýningin er til húsa í Aðalstræti 6 og spannar 120 ára sögu bankans og þjóðarinnar. Allir velkomnir.

Á Sögusýningu Landsbankans er margt markvert að sjá og skoða, ekki aðeins úr bankasögunni heldur eru dregnar upp myndir úr þjóðlífi fyrri tíðar enda saga bankans og þjóðarinnar samtvinnuð á ýmsan hátt.

Á sýningunni má m.a. sjá skrifstofuherbergi frá árinu 1886, nýtt líkan sem sýnir miðbæinn eftir brunann mikla 1915, tækniþróunina allt frá pennastöng til samskiptatækja nútímans og líkan af framtíðarskipulagi miðborgarinnar.

Fimmtudagskvöld opið kl. 20:00–23:00:

Leiðsögn í boði kl. 21:00
Eggert Þór Bernharðsson, sagnfræðingur, og Sveinbjörn Guðbjarnarson deila sérfræðikunnáttu sinni á sýningargripum og gefa aukna innsýn í sögu banka og þjóðar.

Laugardagur kl. 15:00:

Leiksýningin Brot úr sögu banka,
leikdagskrá í léttum dúr þar sem rakin er saga Landsbankans í tónum og tali.

Sögusýning Landsbankans
Aðalstræti 6 (húsnæði TM). Sími: 410 4300
Opið virka daga kl. 11:00–17:00, um helgar kl. 13:00–17:00
Enginn aðgangseyrir – Barnahorn – Alltaf heitt á könnunni

Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár

ÍSLENSKA SIA.IS LBI 36364 02/07

skoðun

greinar@frettabladid.is

Ekki geta öll stór hús sem
týna tilgangi sínum orðið söfn.

Nýtt líf húsa

JÓN KALDAL SKRIFAR

Á tiltölulega stuttum tíma hafa tvö af sögufrægustu og stásslegustu húsum Reykjavíkur horfið úr almannaeigu til einstaklinga. Annars vegar Heilsuverndarstöðin við Barónsstíg og hins vegar hús Thors Jensens við Fríkirkjuveg 11.

Fáir hafa grátið sölu Fríkirkjuvegarins en mörgum er aftur á móti mikil eftirsjá í Heilsuverndarstöðinni, sem er fyrsta sérhannaða heilsugæslubygging landsins.

Rúmt ár er liðið frá því að Reykjavíkurborg og ríkið, sem fóru saman með eignarhald Heilsuverndarstöðvarinnar, seldu húsið til byggingaverktaka sem endurseldi það aftur nú á dögunum. Ekki er hægt að segja að skammur aðdragandi hafi verið að því að húsið fór úr opinberri eigu.

Heilsuverndarstöðin var um árabil ákveðið bitbein milli ríkis og borgar. Á þann hnút var hoggið um mitt ár 2005 þegar þáverandi borgarstjóri, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, skrifaði undir samkomulag um sölu byggingarinnar ásamt Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra og Geir Haarde, þáverandi fjármálaráðherra.

Miðlægt hlutverk Heilsuverndarstöðvarinnar í heilsugæslu á landsvísu tilheyrði þá löngu liðnum tíma og enginn vilji var meðal ráðamanna að finna húsinu nýjan tilgang innan heilbrigðisþjónustunnar.

Ekki skal lagður dómur á það hér hvort þar hafi verið rétt haldið á málum, en vissulega er hægt að hafa skilning á því að heilbrigðisstarfsfólkinu, sem ályktaði gegn sölu hússins, svíði örlög þess.

Eyðingarmáttur tímans á það til að fara illa með upprunalegt hlutverk bygginga en steinsteypa getur hins vegar með góðri hjálp staðið ágætlega af sér ágang áranna. Það er því alltaf ástæða til að gleðjast þegar einhverjir sjá tækifæri í að gefa gömlum húsum nýtt líf í stað þess að rífa þau og byggja önnur ný.

Um alla borg eru fyrirtaksdæmi um hús sem gegna öðrum tilgangi nú en þau gerðu áður. Aðalbygging Listasafns Íslands var til dæmis reist sem íshús árið 1916 og var um tíma skemmtistaður áður en listaverkin fluttu þar inn 1987. Annað reisulegt safn í miðborginni er Listasafn Reykjavíkur í Hafnarhúsinu þar sem áður voru meðal annars miklar netageymslur.

Fyrrnefnt hús við Fríkirkjuveg 11 reisti Thor Jensen sem heimili fyrir fjölskyldu sína. Það hefur hýst borgarskrifstofur undanfarin ár en er nú komið hringinn, í eigu afkomanda mannsins sem reisti það og á að verða safn um þann merka Reykvíking.

Ekki geta þó öll stór hús sem týna tilgangi sínum orðið söfn. Áform um að breyta Heilsuverndarstöðinni í hótel eru því að mörgu leyti mjög spennandi. Glæsilegur arkitektúr Einars Sveinssonar færir hóteli þar strax ákveðinn sess. Staðsetningin er dýrmæt; í hjarta miðbæjarins en þó utan skarkalans.

Umfram allt þá mun hótel í Heilsuverndarstöðinni, með tilheyrandi ráðstefnusölum og veitingasölu, tryggja lifandi hlutverk hússins og opna það fyrir öllum almenningi. Og það er mikið fagnaðarefni út af fyrir sig.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Rakavarnarplast, plastdúkar og þéttibönd á frábæru verði

Verð aðeins: 5.940 kr. pr. 100 m²

Raka- og vatnsþéttiefnin frá Múrbúðinni eru vottuð hágæða vara á sérlega hagstæðu verði.

Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is
Akureyri – Húsavík

FRÁ DEGI TIL DAGS

Íslensk fegurð

Nú er vorið komið og kýrnar fara á beit, og búa til smjörið gult sem er svo gott til steikingar og gerir fólkið fallegt, sagði Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra við opnun Food & Fun á Nordica-hótelinu í gær. Um leið og hann mælti síðustu orðin horfði hann undurblítt til Einars K. Guðfinnssonar sjávarútvegsráðherra sem einnig var viðstaddur opnun matarhátíðarinnar. Óljóst var af orðum Guðna hvort hann væri að telja Einari það til fegurðar að hann makaði sig upp úr smjöri til steikingar, eða borðaði svona mikið af smjörsteiktum mat.

Einar K. næsta bóndadag

Ekki skal efast um það að einhverjum þyki mikið til Einars koma, en hann hefur ekki hingað til trónað hátt á listum yfir kynþokkafulla íslenska karlmenn. Þó er aldrei að vita nema með stuðningi og undir kosningastjórn Guðna takist Einari K. að verða kjörinn kynþokkafyllsti karlmaður Íslands á Rás 2 næsta bóndadag.

Með örlítinn kverkaskít

„Það er nú ekki mikið hraustleikamerki yfir því að tala endalaust um ofsóknir vondra manna á hendur formanns í stjórnmálaflokki," segir Björn Ingi Hrafnsson á heimasíðu sinni. Með því að lesa þessa einu setningu mætti kannski halda að hann hafi verið að gera upp fortíð Framsóknarflokksins undir forystu Halldórs Ásgrímssonar, en svo er ekki, heldur er hann að lýsa veikindum Samfylkingarinnar nú.

Ingvar Gíslason, fyrrverandi ráðherra Framsóknarflokksins, heldur sig hins vegar við ofsóknirnar gegn framsóknarmönnum í Fréttablaðinu í gær þar sem hann fann að því að Guðna Ágústssyni væri lýst sem holdgervingi Framsóknarflokksins; landsbyggðarmaður, bóndasonur og þjóðernissinnaður sveitamaður.

svanborg@frettabladid.is

Óttaslegnir ójafnaðarmenn

Upplýsingar fjármálaráðuneytisins og ríkisskattstjóra um aukinn ójöfnuð á Íslandi virðast hafa skotið sumum málsvörum ríkisstjórnarinnar skelk í bringu, enda er skammt til kosninga 12. maí. Ótta þeirra skil ég vel. Einn lykillinn að veldi Sjálfstæðisflokksins allan lýðveldistímann var mannúðleg jafnaðarstefna flokksins, sem birtist m.a. í kjörorðinu stétt með stétt. Þetta vígorð hafði lengi sannfærandi hljóm. Tiltækar staðtölur um tekjuskiptingu á Íslandi sýndu, að hún var löngum svipuð hér og annars staðar um Norðurlönd. Þar átti Ísland heima. Íslendingar töldu sig ekki þurfa á stórum jafnaðarflokki að halda eins og Danir, Finnar, Norðmenn og Svíar. Sjálfstæðisflokkurinn gerði í grófum dráttum svipað gagn. Hann var ekki aðeins flokkur útgerðarauðvalds og annarra atvinnurekenda, heldur einnig flokkur launþega og bænda. Þetta var sérstaða og styrkur Sjálfstæðisflokksins umfram aðra flokka, sem höfðu þrengri skírskotun. Sjálfstæðisflokkurinn neytti ekki aflsmunar í samsteypustjórnum til að knýja á um aukinn ójöfnuð, svo sem honum hefði verið í lófa lagið og ýmsir auðmenn í flokknum – heildsalar, útvegsmenn og aðrir – hefðu ugglaust kosið. Auðvaldið varð að beygja sig fyrir jafnaðarkröfum fjöldans. Réttsýnir formenn flokksins – Ólafur Thors, Bjarni Benediktsson, Jóhann Hafstein, Geir Hallgrímsson – hefðu ekki liðið stóraukinn ójöfnuð, og var Ólafur Thors þó útvegsmaður og Geir Hallgrímsson heildsalasonur.

Nú er öldin önnur. Í stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins síðan löngu fyrir aldamót hefur ójöfnuður í tekjuskiptingu hér innan lands aukizt meira og hraðar en nokkur þekkt dæmi eru um frá öðrum löndum. Þjóðhagsstofnun birti um sína daga vandaðar skýrslur um tekjuskiptingu, en stofnuninni var lokað að kröfu Sjálfstæðisflokksins, þar eð hún þótti of treg í taumi. Eftir það birtu yfirvöld engar tekjuskiptingartölur í nokkur ár. Við svo búið mátti ekki standa. Sigurjón Þórðarson alþingismaður spurðist fyrir um málið 2004. Þáverandi fjármálaráðherra, Geir Haarde, lagði þá fram á Alþingi nýjar upplýsingar, sem staðfestu grun fyrirspyrjandans um stóraukinn ójöfnuð. Tölur ráðherrans spönnuðu árin 1995-2003 og náðu yfir bæði launatekjur og fjármagnstekjur að greiddum skatti og þegnum bótum, svo sem tíðkast, þegar þróun tekjuskiptingar er lýst gegnum tímann. Þær sýndu, að Gini-stuðullinn, sem svo er nefndur, hafði hækkað um níu stig þessi níu ár, eitt stig á ári að jafnaði. Gini-stuðullinn er algengur mælikvarði á misskiptingu tekna. Hann er í minnsta lagi núll, ef allir hafa sömu tekjur (fullur jöfnuður), og í mesta lagi 100, ef allar tekjur falla einum manni í skaut (fullkominn ójöfnuður). Ef Gini er 26 eins og í Noregi, hefur ríkasti fimmtungur heimilanna gróft reiknað þrisvar sinnum hærri ráðstöfunartekjur en fátækasti fimmtungurinn. Ef Gini er 36 eins og á Bretlandi, hefur ríkasti fimmtungur heimilanna um sex sinnum hærri ráðstöfunartekjur en hinn fátækasti. Tíu stiga hækkun Gini-stuðulsins frá einu landi eða einum tíma til annars vitnar því um tvöföldun tekjugapsins, sem skilur ríkasta fimmtung heimilanna frá hinum fátækasta, eða þar um bil. Engum datt í hug að rengja fjármálaráðherra, þegar hann kynnti þessar upplýsingar á Alþingi.

ÞORVALDUR GYLFASON
Í DAG | Misskipting

Til að halda málinu lifandi óskaði ég eftir því við ríkisskattstjóraembættið, að það reiddi fram nýjar upplýsingar um þróun tekjuskiptingar 1993-2005. Tölum ríkisskattstjóra ber saman við tölur fjármálaráðherra upp á hár fyrir öll árin 1995-2003. Nú bættust við þær upplýsingar, að Gini stóð í stað 1993-95, en hækkaði um sex stig 2003-2005, úr 30 í 36. Gini-stuðullinn hefur því hækkað um 15 stig þessi 13 ár, eða rösklega eitt stig á ári að jafnaði. Ný skýrsla Hagstofunnar nær að vísu aðeins til áranna 2003-2004 og sýnir eins stigs hækkun milli ára, svo að allt ber að einum og sama brunni, einnig rannsóknir Stefáns Ólafssonar prófessors, sem öðrum fremur hefur athugað málið.

Jóakim Palme, prófessor í Stokkhólmi, hefur rannsakað þróun tekjuskiptingar í Svíþjóð. Hann tekur allar tekjur heimilanna með í reikninginn, einnig fjármagnstekjur eins og vera ber. Tölur hans sýna, að Gini-stuðullinn í Svíþjóð 1993 var 22 á móti 21 hér heima. Tíu árum síðar var Gini 25 í Svíþjóð og 30 hér. Misskipting tekna hefur því ágerzt mun frekar á Íslandi en í Svíþjóð. Aukning ójafnaðar í Svíþjóð hefur haldizt innan hóflegra marka og vekur ekki deilur þar. Hér heima tekur ójafnaðarauknigin út yfir allan þjófabálk. Sjálfstæðisflokkurinn hefur í reyndinni sagt sjálfum sér og sögu sinni stríð á hendur. Hann hefur breytzt í harðskeyttan ójafnaðarflokk og sækir fyrirmyndir til Bush forseta og bandarískra repúblikana, svo sem hugmyndina að auknum álögum á almenning og stórfelldri skattalækkun handa auðmönnum – og þrætir í þokkabót fyrir aukinn ójöfnuð af þessum völdum og hrópar: öfund, öfund. Repúblikanar fóru í útreiðartúr á tígrisdýri og biðu afhroð í kosningum vestra í nóvember 2006. Sjálfstæðisflokkurinn verðskuldar sömu ráðningu 12. maí.

Ofsköttuð þjóð

UMRÆÐAN
Skattar

STEFÁN ÓLAFSSON

Eftir allt tal ágætra landsfeðra vorra um skattalækkanir síðustu tíu árin stendur þetta upp úr. Skattar á fyrirtæki hafa lækkað úr 45% í 18%, skattar á flesta tekjuliði fjárfesta lækkuðu úr um 45% í 10%, eigna- og erfðafjárskattar hafa lækkað og hátekjuskattur er aflagður. Þetta eru allt raunverulegar breytingar sem einkum hafa nýst stóreignafólki og hátekjufólki. Almenningur hefur hins vegar búið við sýndarlækkanir skatta. Álagningarhlutfall var lækkað (sem minnkaði skattbyrði) en um leið voru skattleysismörkin látin dragast afturúr launaþróuninni (sem jók skattbyrði). Nettóútkoman varð að heildarskattbyrði 90% heimila jókst markvert, mest hjá fólki í lægri tekjuhópum og meðaltekjufólki. Ójöfnuður ráðstöfunartekna jókst fyrir vikið og eldri borgarar drógust afturúr.

Á tímabilinu frá 1995 til 2005 jókst heildarskatttheimta hins opinbera úr 32% í um 42% af landsframleiðslu, sem er heimsmet. Tekjuskattar einstaklinga og fjölskyldna fóru um leið úr 10% af landsframleiðslu í um 15%. Í fyrra voru teknir af heimilunum um 50 milljarðar í tekjuskatta umfram það sem hefði verið ef skattbyrðin frá 1995 væri óbreytt. Ef skattleysismörkin hefðu fylgt launaþróuninni hefði hlutur tekjuskattsins ekki aukist svona. Þessum milljörðum mætti nú skila til almennings, enda álíka upphæð og hreinn afgangur á ríkissjóði sitt hvort árið 2005 og 2006.

Það er athyglisvert að íslenskir frjálshyggjumenn, sem stýrðu þessari þróun, virðast mun tillitslausari við almenning en frjálshyggjumenn í Bandaríkjunum, og eru þeir þó engin lömb. Milton Friedman, brautryðjandi í umræðu um flatan skatt, vildi að skattleysismörk væru álíka há og lágmarkslaun (um 130 þús. á mán. nú) og viðskiptajöfurinn Steve Forbes vill að skattleysismörk séu 175 þús. á mánuði. Hér eru þau nú um 90 þús. kr., eða vel undir fátæktarmörkum.

Forsætisráðherra boðaði frekari lækkanir á sköttum fyrirtækja á nýliðnu viðskiptaþingi. Nefnd ríkisstjórnarinnar um alþjóðlega fjármálamiðstöð undirbýr að breyta Íslandi alla leið í paradís fyrir auðmenn.

Hvenær kemur röðin að almenningi?

Höfundur er prófessor.

RAUÐU SKÓRNIR
Skáld, kynbombur og kvikmyndagerðarmenn hafa löngum kunnað að meta rauða skó. Nú hefur tískan tekið þeim opnum örmum og er þá að finna út um allt.
TÍSKA 2

BARA HÁLFAN BOLLA
Kaffimenning og tedrykkja Íslendinga hefur tekið stakkaskiptum á síðustu árum. Te & kaffi á þar stóran hluta að máli.
HEIMILI 6

allt

ALLT HITT

[TÍSKA HEIMILI HEILSA]

Strákalegur kvenfatnaður undir áhrifum frá þriðja tug síðustu aldar gæti orðið vinsæll í ár. Hann var áberandi hjá Paul Smith á tískusýningunni í London og er væntanlegur í verslanir í haust.

Viðskiptavinum verslunarinnar Rúmgott á Smiðjuvegi 2 í Kópavogi býðst frí legugreining með Xsensor-kerfi, sem nýtist við að laga rúmbotna að þörfum viðkomandi. Nánar á www.rumgott.is

Vetraríþróttanefnd Íþróttasambands fatlaðra heldur námskeið fyrir leiðbeinendur, aðstandendur og iðkendur í Hlíðarfjalli frá 9. mars til 11.mars. 2007. Nánar á www.toto.is

GÓÐAN DAG

Í dag er fimmtudagurinn 22. febrúar 53. dagur ársins 2007

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	9.00	13.41	18.23
Akureyri	8.51	13.26	18.02

Heimild: Almanak Háskólans

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

„Ég sá þennan hvíta, klassíska kjól og heillaðist strax. Sló til og keypti hann á tæpar tíu þúsund krónur með sendingarkostnaði og öllu. Sambærilegt verð myndi maður aldrei borga fyrir svona flík út úr búð á Íslandi."

Árshátíðarkjóllinn af eBay

Hrafnhildur Viðarsdóttir keypti sér undurfagran kjól í gegnum uppboðssíðu á netinu.

„Ég var bara að fletta í gegnum eBay og ákvað að slá inn leitarorðið „gala-dress". Upp kom fjöldinn allur af undurfögrum kjólum á mjög góðu verði miðað við það sem maður borgar fyrir svona flíkur hérna heima. Ég sá þennan hvíta, klassíska kjól og heillaðist strax. Sló til og keypti hann á tæpar tíu þúsund krónur með sendingarkostnaði og öllu. Sambærilegt verð myndi maður aldrei borga fyrir svona flík út úr búð á Íslandi," segir Hrafnhildur ánægð með fenginn.

Hrafnhildur hefur tvívegis notað kjólinn á árshátíð og segir hann varla ganga við önnur tilefni. „Ég myndi til dæmis aldrei gera neinni brúði það að mæta í honum í brúðkaup," segir hún og skellir upp úr. Hrafnhildur, sem hefur starfað hjá Símanum í fimm ár, ætlar ekki að fara á árshátíðina núna enda segist hún hafa farið á hverju ári og mun hafa í nægu að snúast daginn sem árshátíðin fer fram. Venjulega vinnur hún í Snyrtihorninu í Hafnarfirði á laugardögum, en laugardaginn sem árshátíð Símans rennur upp verður hún með Skildi Eyfjörð í öðruvísi gleðskap.

„Við Skjöldur höfum verið að punta stelpurnar fyrir árshátíðir. Ég sé um förðun og hann um hár. Við gerum þetta ýmist heima hjá mér eða honum, bjóðum upp á kampavín, vínber og osta, hlustum á tónlist og höfum það rosa gaman á meðan. Þetta er í sjálfu sér næg skemmtun fyrir mig," segir hún en Hrafnhildur hefur meðal annars gerst svo fræg að farða Dilönu og félaga úr Rockstar Supernova. *- mhg*

Hátíska heimsins er í boði á netsíðunni www.net-a-porter.com. Þar er hægt að kaupa föt og fylgihluti frá hönnuðum eins og Feretti, Ricci, Dolce og Gabbana, McQueen, Veru Vang, Marc Jacobs og Stellu McCartney.

Fjölbreyttar og fallegar fermingarmyndir

Svart hvítt og lit - ljósmyndaþjónusta
Hverafold 1-3 - pantanir í síma 517-1166 -www.svarthvitt.is

NÝTT
Fáðu fæturnar mjúkar og fínar á aðeins 2 vikum með nýja

Flexitol

Útsölustaðir: Fótaaðgerðastofurnar og Snyrtistofurnar Eygló, Paradís, Líf, Jóna og Anita Vestmannaeyjum. Spar Þín Verslun Kópavogi, Fjarðarkaup Hafnarfirði og Lipurtá, Lyfja, Fótaaðgerðastofa Reykjavíkur

Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics

NÝTT!!
Plokkari með ljósi

SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

NÝJAR VÖRUR

HÚFUR SEM HLÆJA

Skólavörðustíg 18

Ertu skóhólisti?

Það er til lausn!
Fallegu Clearbox dömuöskjurnar eru svar þitt við hrúgunum sem flæða út úr skóskápunum.
Öskjurnar eru líka til í stæðum fyrir stígvélaáhugamenn og skóara.
Notaðu augljósu geymsluaðferðina.

www.theclearbox.com - sími 511 0909

Rauðir skór eru bæði dömulegir, ögrandi, elegant og lekkerir og fara eflaust aldrei úr tísku.

Rauðu skórnir

Skáld, kynbombur og kvikmyndagerðarmenn hafa löngum kunnað að meta rauða skó.

Árið 1845 sendi H. C. Andersen frá sér söguna Rauðu skórnir. Sagan fjallar um litla stelpu sem, sér til mikillar gleði, eignast fallega rauða skó. Sú bölvun hvílir þó á skónum að eftir að hún hefur farið í þá getur hún ekki hætt að dansa og að lokum dansar hún sig til dauða.

Öllu hentugri voru hins vegar skórnir sem hún Dórótheа í Galdrakarlinum í Oz átti. Þegar hún lét smella í hælunum á rauðu rúbínskónum sínum þrisvar og sagði „There is no place like home“ þá var hún á sekúndubragði komin aftur í öruggt skjól síns heima og undraheimurinn í Oz hvarf eins og dögg fyrir sólu.

Rauðir skór hafa löngum þótt kvenlegir og kynþokkafullir í senn. Þeir eru sígildir eins og litli svarti kjóllinn og til að virka elegant, ögrandi og lekker þá þarf ekki annað til en eitt rautt skópar og varalit í stíl. *-mhg*

Þessir minna svolítið á rauðu rúbínskóna hennar Dórótheu í Galdrakarlinum í Oz. 2.990 kr.

Rústrauðir og svolítið „90s“-legir. 8.995 kr. skór.is, Smáralind.

Elegant og dömulegir, támjóir og töff. 9.995 kr. skór.is

Varúð! Kynþokki! 8.990 kr. Ozio, Smáralind.

Klassískir lakkskór með háum hælum – þú þarft ekki annað. 8.990 kr. Ozio, Smáralind.

Flott föt

Stærðir 36 - 48

bianca
gæði og glæsileiki

Nýbýlavegi 12
Sími 554 3533
Opið virka daga 10-18 Laugardaga 10-16

Fermingakjólarnir komnir

Mikið úrval af

Fermingakjólum

Ermum

Pilsum

Toppum

FLASH
Laugavegi 54,
sími 552 5201

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

Sokkasumar

Ég man þá tíð þegar ég var að vinna í St. Germain des Près hverfinu í París. Þá gerðum við grín að japönsku stúlkunum sem fóru um í hópum milli tískuhúsanna, uppstrílaðar, á hælum og jafnvel opnum sandölum – í sokkum. Sokkarnir voru í ýmsum litum og áttu því vel við sérstakan stíl þeirra. Nú hlær ekki nokkur maður lengur að Japönunum því skyndilega varð það aðalmálið í vetur í tískuheiminum að vera í sokkum og hælaskóm, helst með opinni tá. Svo mikil varð breytingin að undirfata- og sokkaframleiðandinn Dim hefur margfaldað sölutölur á alls kyns sokkum undanfarin misseri. Í stóru verslunarhúsunum hér í borg eru sokkarnir nýjungin sem hvað best hefur selst í vetur.

Það eru góðar fréttir af sumartískunni fyrir íslenskar konur því sokkarnir halda velli sumarið 2007. Það þarf því engin að vera fótköld þetta árið í hráslagalegu íslensku sumri, jafnvel þó að rigni. Þessi tíska á sér auðvitað sínar skýringar. Það er engin frétt að tískan hefur mikið leitað til sjöunda og áttunda áratugarins undanfarin misseri þar sem finna mátti allar útgáfur af sokkum og sokkabuxum. Líklegt er að með mínítískunni hafi konum verið dálítið kalt og þannig hafi sokkabuxur úr blúndu, hekli og netefni komist í notkun.

Sama skýring gæti átt við að þessu sinni en það er Karl Lagerfeld sem tekur aftur upp blúndusokkabuxurnar fyrir sumarið 2007 í tískulínu sinni sem hann hannar undir eigin nafni og eru þær í svörtu og hvítu. Reyndar var sagt í hálfkæringi um tískulínu Karls fyrir Chanel fyrir sumarið 2007 að svo stutt væri síddin að í raun væru engir neðripartar! Sokkabuxurnar minna hvorki á brúður, hjúkrunarkonur né ekkjur heldur klæða fótinn fallega.

Hjá Castelbajac eru sokkabuxurnar með hjörtum og stjörnum en einnig einlitar í skærum litum. Ekki er hægt að mæla með þeim fyrir þær sem eru þéttar á velli. Stefano Pilati hjá Yves Saint Laurent veðjar á netsokkabuxur en nú eru þær ekki lengur eins óþægilegar og áður var þar sem örþráðum er blandað í efnið. Gaultier er meira í leggings-stílnum í anda Madonnu og „Confessions on a Dancefloor“ og litirnir eru ekki til að láta lítið á sér bera. Christian Lacroix fer alla leið og býður upp á samfellu með skálmum algjörlega úr blúnduefni, dömum skal þó bent á að kannski er rétt að skella yfir sig pilsi og þol áður en farið er að heiman.

Í sumar geta forfallin tískufórnarlömb verið vel búin til fótanna og þegar vorhreingerningarnar hefjast er óþarfi að setja sokkana upp á geymsluloft með vetrarfötunum. Sokkarnir og sokkabuxurnar verða í notkun í allt sumar.

bergthor.bjarnason@wanadoo.fr

Kate Moss kynnir nýtt ilmvatn

Gerir hundraða milljóna króna samning við Coty.

Breska fyrirsætan Kate Moss hefur gert 647.400.000 milljóna króna samning við snyrtivörufyrirtækið Coty um framleiðslu á eigin ilmvatni.

Í viðtali við tímaritið Hello Magazine segist Moss vera ánægð með að hafa gert samninginn við Coty, sem hún hefur átt í farsælu samstarfi við um árabil. Um þessar mundir er hún einmitt andlit kynningarherferðar á snyrtivörulínu fyrirtækisins, Rimmel, í London.

Kate Moss gerði samning við Coty sem hljóðar upp á 5 milljónir punda.

Sala á nýja Moss-ilmvatninu hefst í haust í Evrópu, Ástralíu og Miðausturlöndum áður en það fer í dreifingu á Bandaríkjamarkaði. Ekki er vitað hvað ilmvatnið kemur til með að heita. Sumum þykir nafnið „Cocaine“ vel við hæfi, en sú nafngift kallast á við „Opium“ ilmvatnið frá Yves Saint Laurent. *-rve*

COMB &CARE

Sjampó og næring til varnar flóka

- Mild formúla sem svíður ekki undan.
- Sterkt flókavarnarefni fyrir sítt hár.
- Hárið verður hreint, mjúkt og viðráðanlegt.
- Endingargóður ilmur.

Flókasprey og flókahárkrem

- Verndar raka hársins með B5 vítamíni.
- Fjarlægir flóka, auðveldar greiðslu og verndar hreinlæti hársins.
- Endingargóður ilmur.

Auðvelt í notkun – frábær árangur

(Lúsaforvörn) Lúsin helst síður í vel hirtu hári. Inniheldur rósmarín sem fælir lúsina frá.

Fæst í apótekum um land allt.

Fermingarföt

Fermingarfatnaður á stelpur og stráka
-Einstaklega gott úrval
-Ákaflega gott verð

smáralind
s. 512 1744

retro

speedo PUMA

50-70% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!

Hanskar fyrir dömur og herra - 500 kr.
Rétt verð: 2.500 kr.



Opnunartímar:
Virkir dagar kl. 12 – 18
Laugardagar kl. 12 – 16

SPORT OUTLET
Vínlandsleið 2-4 • 113 Reykjavík

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Skart
Sem tekið er eftir
Drangey
Smáralind, sími 528 8800, www.drangey.is

molo
SUMAR 2007
KOMIÐ
ENGLABÖRNIN
Laugavegi 51 • s: 552 2201

EYE-CARE
Vision Eye Care
- Dauðhreinsaðir augnklútar sem þrífa viðkvæm augnsvæði.
- Innihalda kamillu og glýserín sem hafa róandi og rakagefandi áhrif.
- Einstaklega góðir fyrir linsunotendur.
- Vernda pH gildi augnanna.
- Klútarnir eru augnlæknisfræðilega- og ofnæmisprófaðir og innhalda ekki ertandi efni.

Fæst í apótekum um land allt

Sérverslun með kvensilfur

Margar gerðir af búningasilfri.

Þetta er ódýrasta mynstrið. Allt sem þarf á upphlutinn, settið frá 90.530, kr.

Allar upplýsingar um hefð og gerðir búninga eru veittar á staðnum.

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

Það er ekki skrítið að ríka og fína fólkið sækist eftir fötum eftir Armani.

Glitrandi og grátt var aðalþema tískusýningar Giorgios Armani.

Glæsilegur jakki við nýstárlegt pils.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Glitrandi Armani

Glitrandi steinar og grátt glansandi efni var áberandi á tískusýningu Giorgios Armani í Mílanó.

Tískuhönnuðir keppast nú við að kynna tískulínu sína fyrir haustið og veturinn 2007. Einn þeirra er hinn heimskunni Giorgio Armani.

Armani er hvað þekktastur fyrir karlmannafatnað sinn og á frægð sína mikið til að þakka þeim verkefnum sem hann vann fyrir Hollywood-stjörnur, einkum og sér í lagi fyrir Richard Gere þegar hann lék í kvikmyndinni American Gigolo árið 1980. Armani er samt sem áður engin aukvisi þegar kemur að kvenfatnaði eins og dæmin sanna. Hann heldur sig yfirleitt við klassísk form og hafa fötin hans ávallt yfirbragð glæsileika. Svo var einnig að þessu sinni þegar Armani hélt sýningu á haust- og vetrarlínu í kvenfatnaði í Mílanó á dögunum.

Þar bar mikið á glitrandi steinum, smekklega röðuðum niður á gráu glansandi efni.

Glampandi glæsileiki. Armani notaðist mikið prjónaðar ermar.

Armani hefur mjög klassískan stíl og eru fötin hans, samanborið við fatnað marga annarra hönnuða, mjög klæðileg.

Dans er skemmtileg heilsubót. Það er nauðsynlegt að hreyfa sig hressilega og skemmta sér í góðra vina hópi endrum og eins.

Svefn, líðan og lífsgæði

Svefninn endurnærir bæði líkama og sál en stundum vill hann ekki koma. Jan Triebel, yfirlæknir Heilsustofnunar NLFÍ í Hveragerði, á ýmis ráð í pokahorninu.

„Svefninn er ekki bara hvíld heldur líka lífsnauðsyn," segir Jan Triebel, yfirlæknir Heilsustofnunar NLFÍ í Hveragerði. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Ég horfi á svefntruflanir út frá læknisfræðilegu sjónarhorni. Einnig má velta því fyrir sér af hverju við sofum yfirhöfuð," segir Jan og heldur áfram: „Svefn er ekki bara hvíld hann er okkur lífsnauðsyn. Líkamlega hvíld fáum við í djúpum hægbylgjusvefni og andlegri endurnæringu náum við í draumsvefni. Það gerist ýmislegt að degi til sem við þurfum að vinna úr í svefninum og ef við missum draumasvefninn getum við ekki lært því við endurskipuleggjum okkur á vissan hátt gegnum hann."

Að sögn Jans kvarta 15-45 prósent Íslendinga yfir svefnleysi einhvern tíma á árinu. Honum þykir svefntöflunotkun mikil hér á landi. „Samkvæmt rannsókn frá 2003 nota 12-14 prósent allra Íslendinga svefnlyf. Mest er notkunin meðal aldraðra á stofnunum, þar fá um 70 prósent slík lyf," segir hann. Jan bendir á að svefnþörf fólks sé mismunandi en hún minnki með aldrinum og sumir áttræðir þurfi bara sex tíma svefn.

Hann telur upp margar ástæður fyrir svefnleysi. Nefnir líkamlega sjúkdóma eins og tíð þvaglát, fótaóeirð, slitgigt, áfengismisnotkun, hjartasjúkdóma og Parkinson. Einnig andlega vanlíðan eins og kvíðaraskanir, streitu og þunglyndi. „Þegar við erum búin að útiloka og fullreyna að meðhöndla þessar orsakir þá komum við að sérstökum svefnráðum," segir hann. „Eitt þeirra er að hafa svefnherbergið hreint og svalt en hafa hlýtt á fótunum. Síðan þarf að vera nógu dimmt og hljótt. „Ef makinn byltir sér mikið eða hann hrýtur þá getur það verið truflandi en eyrnatappar eru góðir til að útiloka hávaða. Ef fólk sefur illa á nóttunni á það ekki að blunda á daginn og það ætti að sleppa kaffidrykkju eftir hádegi. Koffínið er lengi í líkamanum," segir hann.

Svefnráð Jans ganga líka út á gott skipulag og að endurtaka sömu athafnirnar fyrir svefninn. Hann mælir með hóflegri líkamlegri áreynslu seinni part dags og að forðast áreiti. Einnig að nota rúmið og svefnherbergið bara fyrir svefn og kynlíf. „Ef maður getur ekki sofið á nóttunni á að fara fram og nota stól til að lesa í," ráðleggur hann.

Á Heilsustofnuninni í Hveragerði þar sem Jan er yfirlæknir eru svefnvandamál greinilega meðhöndluð með ýmsum hætti áður en gripið er til svefnlyfja. „Við notum meðal annars nálastungur og slökun. Lögum líka te úr garðabrúðu, humli og kamillu og svo reynist flóaða mjólkin vel," segir hann brosandi.

gun@frettabladid.is

Með niðurstöðum nýrrar og viðamikillar rannsóknar á einhverfu er líklegt að hægt verði að greina einhverfu fyrr hjá börnum.

Fundu tvo sökudólga

Viðamikil rannsókn á orsökum einhverfu skilaði góðum árangri.

Vísindamenn telja sig hafa fundið eina af orsökum einhverfu eftir eina viðamestu rannsókn sem hefur verið unnin á sjúkdómnum. Svo virðist sem tveir staðir í genauppbyggingu líkamans séu sökudólgarnir.

„Þessi uppgötvun er aðeins einn partur af stórri mynd," segir Geraldine Dawson frá Háskólanum í Washington. „Um leið og við berum kennsl á þessi gen getum við greint börn strax á unga aldri og gripið inn í fyrr, sem getur haft veruleg áhrif á lífsgæði barnanna."

Greint er frá rannsókninni í nýjasta eintaki tímaritsins Nature Genetics.

Börn alkóhólista

Vísindamenn við Missouri-háskólann í Bandaríkjunum hafa komist að því að einstaklingar sem alast upp í fjölskyldum þar sem alkóhólismi er vandamál, eru óstöðugri einstaklingar á fullorðinsárum.

Börn alkóhólista eru óstöðugri á fullorðinsárum en börn frá heimilum þar sem alkóhólismi var ekki vandamál.

Það ætti ekki að koma neinum á óvart að börn sem alast upp við erfiðar aðstæður eiga erfiðara með að fóta sig á fullorðinsárunum. Hins vegar hefur vantað tölfræðileg gögn til að styðjast við en það er nú að breytast. Vísindamenn við Missouri-háskólann í Bandaríkjunum hafa fylgst með hópi barna frá 1987 sem ýmist hafa alist upp í fjölskyldum þar sem alkóhólismi er vandamál, eða þar sem alkóhólismi kemur ekki við sögu.

Öll börnin hafa verið skoðuð reglulega og þau metin á tveimur skölum. Annars vegar skala sem gefur til kynna viðkvæmni gagnvart til dæmis kvíða, sektartilfinningum, þunglyndi og tilfinningasveiflum, og hins vegar skala sem mælir árásarhneigð, hvatvísi og ýmsa andfélagslega hegðun.

Í grunninn lækkuðu gildi beggja hópa á báðum skölum eftir því sem börn urðu eldri og sjálfsmyndin styrktist. Mikill munur var þó á hópunum tveimur þar sem gildin lækkuðu mun minna hjá börnum sem ólust upp í skugga alkóhólisma. Þau eru því óstöðugri og viðkvæmari gagnvart ýmsum geðkvillum, og líklegri til að þróa með sér andfélagslegt hegðunarmynstur.

Orsakirnar kunna að vera margar. Brotin heimili, skortur á umhyggju eða einfaldlega genetískt munstur. Hvað sem því líður fer alkóhólismi illa með alla sem fyrir honum verða.

Niðurstöður tilraunarinnar hingað til voru birtar í Psychology of Addictive Behaviors. *- tg*



Lyfjaval
APÓTEK
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD
BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10–23 alla daga

Fit • Pilates
heilsuakademían
Stinnur rass og sléttur magi
Langar þig að læra og kenna Fit-Pilates leikfimi? Heilsuakademían og Fit-Pilates eru með kennaranámskeið fyrir þá sem vilja kenna Fit-Pilates leikfimi á eigin vegum eða hjá líkamsræktarstöð. Námskeiðin fara fram í glæsilegri aðstöðu Heilsuakademíunnar í Egilshöllinni í Reykjavík dagana 10. og 11. mars 2007.

Nánari upplýsingar gefur Smári, s. 896-2300 og á **www.fitpilates.is**
Skráning hjá Heilsuakademíunni í síma 594-9666 á heimasíðunni **www.ha.is**

Nýjar línur
á auðveldan hátt
FLEX-buxur verð kr
19.995.-
Vaxtalaus kjör í 3 mán með Visa/Euro kr. 6.665.- pr. mán.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
Ný glæsileg netverslun **www.hreysti.is**

Viltu breyt'eikkurru?
Ný útlit · Myndaalbúm · Símablogg
BlogCentral.is
Stærsta bloggsamfélagið á Íslandi

Prjónarnir eru fínir á sjónvarpskvöldum í febrúar. Það er alltaf gaman að prjóna fallegar gjafir handa vinum og vandamönnum og síðan er það með eindæmum róandi leið til að ljúka deginum.

FEBRÚARÚTSALA
Handklæði, dúkar, sængurfatnaður
og fleira • 30 - 50% afsláttur
Fatabúðin
Skólavörðustíg 21
Sími 551 4050 • Reykjavík

Fullkominn hægindastóll
fyrir vandláta.
mjög nettur aðeins 81 cm.
verð aðeins:
kr. 69.500
góður mjóbaks-stuðningur
Nýtt ruggukerfi: vaggar fram og aftur
með Spring-gormum
snúningshringur
innlit
HÚSGÖGN
Ármúla 5 s - 544 8181

SMALL WORLD
BARNAHÚSGÖGN
Veglegur kaupauki fylgir
barnahúsgögnum í febrúar

TEKK
COMPANY
BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

White-Westinghouse

ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Flott, gamaldags kaffivél sem fæst í ýmsum litum. 55.900 kr.

Stanley hitabrúsi sem heldur kaffinu heitu allan daginn. 3.380 kr.

Risastórir danskir sleikipinnar frá Prins Jörgen. Kosta 325 kr. stykkið.

Þykkir, ítalskir kaffihúsabollar frá 840 kr.

Fallegur japanskur teketill og hitari. Teketillinn kostar 4.120 kr en hitarinn sem er fyrir sprittkerti kostar 2.100 kr.

Bara hálfan bolla takk

Íslendingar verða sífellt áhugasamari um eðalkaffi og allt sem því fylgir.

Í Smáralindinni rekur Te og kaffi skyndikaffihús og skemmtilega verslun sem selur ýmislegt sem kaffi- og teunnendur kunna vel að meta.

Fyrir um það bil þremur árum opnaði verslunin Te og kaffi eitt af útibúum sínum í Smáralindinni. Þar er að finna sitthvað sem kaffi- og teunnendur kunna vel að meta, meðal annars margs konar bolla, kaffivélar, skeiðar, glös, mjólkurkönnur og annað sem fylgir kaffi- og tedrykkju, svo ekki sé minnst á sjálft kaffið og teið.

Kaffiáhugi Íslendinga hefur aukist svo um munar á undanförnum fimm til tíu árum og nú dugar ekki bara að hella upp á í gömlum sokk eins og tíðkaðist hér áður. Margir hafa fjárfest í fínustu kaffivélum sem mala beint ofan í hvern bolla og kaffið sjálft má ekki vera nein afgangsafurð. Elísabet Th. Stefánsdóttir, verslunarstýra í Te og kaffi, hefur tekið eftir þessum aukna áhuga landans á kaffi og segir afgreiðslufólk verða að vera vel upplýst til að geta svarað fjölbreyttum spurningum kaffiáhugafólks. Hún segir Íslendinga einnig hafa fengið aukinn áhuga á tedrykkju, enda sé mörgum umhugað um heilsuna. „Svart, hreint te, ýmis bragðbætt te og margs konar græn te eru alltaf að verða vinsælli en svo er rauðrunnate líka mjög vinsælt, enda fullt af járni og steinefnum. Margir eru að reyna að hætta að drekka kók og kaffi og vilja þá fá eitthvað heilsusamlegra og betra í staðinn," segir kaffi- og tesérfræðingurinn Elísabet að lokum.

-mhg

Gólfflísar á 1000 kr.fm.
Veggflísar á 650 kr.fm.
Sturtuklefar á frábæru verði!
Verslunin hættir!
Af því tilefni gefum við
ákveðnar týpur af flísum.
HÚSHEIMAR
Lækjargötu 34c, 220 Hfj, s. 553 4488

Gróf viðarborð er að finna í Tekkhúsinu og stóllinn Maurinn eftir Arne Jacobsen er til í Epal.

Skærum litum hleypt inn á heimilið

Á tímum svart/hvítrar tísku er hætt við að yfirbragðið á heimilinu verði einhæft.

Á heimili þar sem lítið eða ekkert fer fyrir litum er tilvalið að lífga upp á það með einum sterkum lit. Fallegast er að velja flotta muni í sterkum lit því þeir munu draga til sín athyglina. Ekki er víst að útkoman verði jafngóð ef mörgum litum er blandað saman, því þá verður heimilið ekki eins stílhreint. Langflottast er að velja einn lit og halda sig við hann. Dökkbleikur, appelsínugulur og límónugrænn eru litir sem eru mikið í tísku núna og kunna að draga til sín athygli.

alltaf eitthvað nýtt www.mubla.is

mubla

nýbýlavegi 18 I s. 517 2100

50 tegundir af sófum

nettoline
AUÐVELT · FLJÓTLEGT · ÓDÝRT
4 herb. íb. til leigu í Skipholti. Í ár, laus 1. mars. Uppl. í s. 692 6418, e.kl. 17:00.

Herb. m. húsg. og aðstöðu til leigu, stutt frá Hí. 20 þús. á mán. S. 551 3225.

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 2 íb. í 6 mán, 60fm íb. á Kirkjuteig. Gervihn. sjónv. BBC ofl. Húsgögn m.a. eldhúsborð, stólar, rúm, sófar, gardínur. 98 þús á mán, 1 mán fyrirfr. + trygging í pen. Laus strax. 45fm íb í sama húsi. Gervihn.sjónv. Húsgögn m.a. eldhúsborð, stólar, rúm, gardínur. 78 þús á mán, 1 mán fyrirfr. og trygging í pen. Laus strax. S. 891 7891 / 867 2605.

Til leigu nýlegt 4 herb. raðhús í Hraunbæ. Kr. 157 þ. á mán. og 471 þ fyrirfr. í tryggingarfé. Langtímaleiga. Uppl. í s. 898 3420 eða gog@hive.is

Húsnæði óskast

Strax!!! Óska eftir 3ja herb. íbúð til leigu í Hafnarfirði, Helga, gsm 892 3929.

Ungt par óskar eftir húsnæði, reglusöm. S. 860 7387.

Par frá Pólandi óskar eftir 2 herb íbúð / stúdíóíbúð sem fyrst. Uppl. í s. 659 3480.

Óska eftir íbúð til leigu, reyklaus & reglusamur, allt að 70 þús. Uppl. í s. 856 5521.

Sumarbústaðir

Óska eftir ódýru sumarhúsi sem þarnast lagfæringar eða mikils viðhalds í nágreni við höfuðborgars. S. 661 0881, Georg eða 896 5574, Július, eftir kl. 20, netfang jullip@simnet.is

Atvinnuhúsnæði

Til leigu ca. 40 fm lager eða geymsluhúsnæði í kjallara á svæði 104. Sími 690 0442.

Geymsluhúsnæði

Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

ATVINNA

Atvinna í boði

Employment agency seeks carpenters, general workers, electricians, iron binders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area. Call Joao, tlf. 864 9873.

Agencia de trabalho procura trabalhadores para todas as areas de construção civil carpinteiros, electrecistas, armadores de ferro, canalizadores, pedreiros, motoristas pesados, pintores etc. Contato Joao, tel. 864 9873.

Ertu sjálfstæður snyrtifræðingur?
Hæ ertu að leita þér að vinnu þar sem að þú getur þénað vel... unnið sjálfstætt og ráðið þér sjálf í frábærri vinnuaðstöðu.... leitaðu þá ekki lengra því hérna gefst þér frábært tækifæri.. að vinna sem sjálfstæður IPL ráðgjafi.... IPL stendur fyrir intense pulse light... með þessari tækni getum við nú eytt óæskilegum hárum varanlega.. unnið á acne og rósroða... hrukkuvandamálum... örum osfrv... ótrúlega spennandi og árangursrík meðferð í alla staði.....
Hafðu samband ef þú vilt vinna sjálfstætt í síma 892 4284 Hanna Kristín Didriksen.

Okkur vantar hresst starfsfólk í vinnu á Geysi í Haukadal.
Tungumálakunnátta skilyrði. Gisting á svæðinu möguleg. Skemmtileg vinna í skemmtilegu umhverfi.
Umsóknir sendist á

elmar@geysirshops.is

fyrir 28. febrúar n.k.

Þjónustustarf.
Fullt starf / Fastar vaktir. Þarf að hafa frumkvæði og tala íslensku. Rótgróið fyrirtæki. Lámarksaldur er 20 ár.
Umsóknir á staðnum og á www. kringlukrain.is
Upplýsingar um starfið veitir Sophus s. 893 2323.

NÁMSKEIÐ



Símennt Háskólans í Reykjavík, býður upp á hagnýtt námskeið í fjölmiðlastíl.

Markmiðið er að nemendur geti skrifað skýran og einfaldan stíl sem allir skilja og gefur lífinu lit. Kennd er textagerð fyrir fréttir og greinar. Ekki er fjallað um málfræði og stafsetningu, en áhersla er lögð á setningarfræði og stíl. Stuðst er við kennslubók um stíl, bók um fréttastíl Associated Press og bók um stíl Wall Street Journal á lengri greinum. Stílreglur þessara bóka fara saman við reglur um stíl í íslensku máli.

Kennsla er í formi fyrirlestra og verkefna. Lagt er upp úr því að námsefnið sé fyrst og fremst hagnýtt og spennandi og það sé jafnframt í takt við það sem er að gerast í þjóðfélaginu í dag.

Námsefni:
Joseph M. Williams, Style, 8. útgáfa, 2005, (almennur stíll). Rene J. Cappon, AP Guide to Newswriting, 3. útgáfa, 2000, (fréttastíll). William E. Blundell, Art and Craft of Feature Writing, 1988 (greinastíll).

Dagsetning:
Námskeiðið hefst miðvikudaginn 7. mars.
Kennt er tvisvar í viku, á mánudögum og miðvikudögum frá 8:15 til 10:45.
Námskeiðið er samtals 40 klst.

Leiðbeinandi:
Jónas Kristjánsson, ritstjóri.

Verð kr. 65.000,-

Upplýsingar og skráning:
Lóa Ingvarsdóttir
Sími: 599 63 50
li@ru.is
www.simennthr.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

ÚTBOÐ

ATVINNA

SM´´AAUGLÝSINGAR

Starfsmaður í eldhús.
óskum eftir starfsfólki í eldhús í kvöld og helgarvinnu.
Upplýsingar í síma 864 6112.

Job in a Kitchen
People wanted in assistence in a kitchen. Nights and weekends.
Info. 864 6112.

Keiluhöllin Öskjuhlíð
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu á kvöldin og um helgar.

www.keiluhollin.is
Upplýsingar í síma 617 8602

Húsasmiðjan Grafarholti
óskar eftir afgreiðslumönnum í timbursölu.
Upplýsingar í síma 664 3628.

Húsasmiðjan Grafarholti
óskar eftir helgarstarfsmönnum í timbursölu.
Upplýsingar í síma 664 3628.

Húsasmiðjan Grafarholti
Starfsmaður óskast í raflagnadeild hjá Húsasmiðjunni Grafarholti.
Upplýsingar í síma 660 3193.

Sumarstarf
Vantar góðan, töluglöggan starfskraft á skrifstofu. Stundvísi og nákvæmni í vinnubrögðum skilyrði.
Sækið um og kynnið ykkur fyrirtækið á gardlist.is eða í síma 896 6151.

Vor á Laugaveginum
Óskar eftir vaktstjóra í fullt starf. Stundvísi og dugnaðar er krafist. Góð laun í boði fyrir réttan aðila
Upplýsingar gefur Birgir í s. 898 3085 milli kl. 10 & 18.

Hrói Höttur
Hringbraut 119. Óskar eftir starfsfólki í sal. Um er að ræða bæði dag, kvöld og helgarvinnu.
Upplýsingar í síma 844 6292, Eva

Smurþjónusta.
Óskum eftir að ráða bifvélavirkja eða reynslumikinn aðila í smurningu bifreiða og í önnur tengd verkefni á Smurstöðina við Laugaveg 180.
Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is eða á næstu Shell- eða Selectstöð.
Nánari upplýsingar gefur Pálína í s. 444 3000.

Vaktstjóri.
Óskum eftir að ráða vaktstjóra til starfa á Shellstöðina við Laugaveg 180. Um er að ræða almenna þjónustu og afgreiðslu ásamt umsjón með vaktinni.
Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is eða á næstu Shell- eða Selectstöð.
Nánari upplýsingar gefur Pálína í s. 444 3000.

Hrafnista Reykjavík - Aðhlynning
Starfsfólk óskast í aðhlynningu, vaktavinna eða bara virka daga. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag. Einnig eru í boði stuttar vaktir.
Uppl. gefur Magnea í síma 585 9529 og á hrafnista.is

Hrafnista Reykjavík - Sundlaugarvörður
Sundlaugarvörður óskast við Endurhæfingardeild Hrafnistu Reykjavík. Um er að ræða 50% starf. Æskileg er að viðkomandi sé kvenkyns og sé 25 ára eða eldri. Einnig er góð íslenskukunnátta skilyrði.

Upplýsingar gefur Magnea í 585 9529. Netfang magnea@hrafnista.is

Europris, störf í boði. S. 533 3366. Europris.

Björnsbakarí óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa. Vinnutími er frá kl 13-18.30. Helga gefur frekari upplýsingar í síma 699 5423.

Starfsfólk óskast í framsækið og líflegt fyrirtæki. Vinnutími er frá klukkan 16-20.30 alla virka daga og aðra hvora helgi, og í starf á vaktavinnu unnið 2-2-3. Upplýsingar veitir Valgerður í síma 660 7884.

Barinn
Fólk í eldhús óskast á hressasta barinn í bænum. S. 690 9996.

Vanur maður!
Óskum eftir réttingamanni, bílasmið, næg vinna framundan. Bílasprautun SMS ehf s. 567 1101.

Hamborgarabúlla Tómasar Bildshöfða
Okkur vantar í lið með okkur hressa og duglega aðila í aukavinnu. Tilvalið með skóla. Uppl. veitir. Helga í s. 661 8759.

Hjólbarðavaktin - Rafgeymavaktin
Röska menn vantar í vinnu. Uppl. í s. 553 1055 eða á staðnum. Gúmmívinnustofan SP Dekk, Skipholti 35.

Útkeyrsla og aðstoð í eldhús. Starfskraftur óskast frá 8.30 til 12.30. Þarf að geta keyrt lítinn sendibíl vera röskur og ábyggilegur. Matur og kaffi, Lyngás 17. Einnig kæmu til greina eingöngu útleyrsla frá kl. 10.30-12.30. Uppl. í síma 892 0986.

Stýrimann & háseta
Stýrimann, háseta og háseta vantar á 150 tonna netabát á Suðurnesjunum. Uppl. í síma 852 2593 & 845 1546.

Háseti. Vanan háseta vantar á línubátinn Kristrúnu frá Reykjavík. Uppl. í síma 520 7306.

Tveir fiskar - aukavinna
Starfsfólk óskast í sal, í kvöld og helgarvinnu. Reynsla æskileg. Upplýsingar í s. 511 3474 og á staðnum eftir kl. 16.

Sjómenn
Vélavörð og þrælvanann háseta vantar strax á mb. Mörtu Ágústsdóttir sem er að hefja netaveiðar frá Grindavík. S. 894 2013 & 426 8286.

Atvinna óskast

Tilkynningar



22.02.2007 www.johanng.is Vertu velkomin(n)!

FASTEIGNIR

Fiskislóð 45
Verð: 35.900.000
Stærð: 160
Byggingarár: 2001
101 Reykjavík
Bókaðu skoðun í s: 693 4085

Remax Lind kynnir nýstandsett iðnaðarhúsnæði á 2 hæðum. Á jarðhæð er salur með salernisaðstöðu, geymslu og skilveggur fyrir kaffiaðstöðu. Stór innkeyrsluhurð og inngönguhurð við hliðina, inngangur er einnig frá sameign. Stálstigi er upp á efri hæð sem skiptist í herbergi, wc sem er flísalagt í hólf og gólf með sturtu, vask og salerni. Eldhúsaðstaða með neðri skápum og eldunaraðstöðu. Stálstigi er upp á 3. hæðina sem er 29 fm milliloft. Það er ekki inn í birtu flatarmáli eignarinnar en fæst að sögn seljanda viðurkennd þegar seljandi hefur fjölgað bílastæðum við húsið. Veggir sem skilja á milli eininga eru tvöfaldir gifsveggir með ca 55-60 db hljóðeinangrun og 180 mínútna eldþoli skv. reglum um iðnaðarhúsnæði. Allir fletir eru grunnaðir og málaðir. Steinteppi eru á stiga og gólfum 2. og 3. hæðar.

Þórarinn Jónsson hdl. lögg. fasteignasali

Gylfi Gylfason Sölufulltrúi **693 4085** gylfi@remax.is

Hannes S. Sölufulltrúi **699 5008** hannes@remax.is

FASTEIGNIR

GVENDARGEISLI - 113 RVK.

Mjög glæsileg 4ra - 5 herbergja 138,9 fm endaíbúð með stæði í bílageymslu. Íbúðin er á þriðju hæð í litlu fjölbýli með aðeins 3 íbúðum í hverjum stigagangi, 1 íbúð á hverri hæð (sérinngangur). Geymsla með glugga er innan íbúðar og hægt er að nota hana sem herbergi. Þvottahús innan íbúðar, fallegar innréttingar og stórar svalir. Vandaðar eikarinnréttingar og hurðir í allri íbúðinni. **Verð 32,5 millj.**

Uppl. gefur Ásdís Halldórsdóttir sölufulltrúi - 898 3474

Akkurat FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000
Halla Unnur Helgadóttir, löggiltur fasteignasali

Frum

Gott einbýli á 2 hæðum samtals um 138,5 fm, vel staðsett í hjarta Hafnarfjarðar. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð á smekklegan hátt ásamt því að lóð hefur verið endurskipurlögð. Glæsilegur garður m/sólpöllum og tilheyrandi. V. 34,9.millj.

Upplýsingar veitir Þorbjörn Helgi gsm.896-0058.

Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali

Frum

www.storborg.is

Stefán Hrafn Stefánsson hdl. löggiltur fasteignasali

STÓRBORG fasteignasala

Sími 534 8300 • Kirkjustétt 4 • 113 Reykjavík • www.storborg.is • storborg@storborg.is

RE/MAX LIND

Skálabrekkugata

Verð: 54.000.000
Stærð: 173 fm
Fjöldi herbergja: 4-5
Byggingarár: 2006

Við Þingvallavatn
Glæsilegt heilsárshús

RE/MAX Kynnir: Glæsilegt Einbýlishús í hrísrundabyggð í Skálabrekkulandi við Þingvallavatn - Perlu allra vatna. Erum með í sölu þetta fallega hús á þessum vinsæla stað ásamt 8200 fm. eignalóð. Húsið er afhent nánast tilbúið til innréttinga sku skilalýsingu. Sérlega skemmtileg hönnun hússins sem gerir það að verkum að fallegt útsýnið yfir vatnið og nærliggjandi fjöll fær virkilega að njóta sín. Ohætt er að segja að verðinu sé verulega stillt í hóf samanborið við það sem hefur selst við vatnið undanfarið

RE/MAX LIND

Tröllateigur 20

Verð: 25.900.000
Stærð: 116,8 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2004
Brunabótamat: 21.800.000
Bílskúr: Bílageymsl

270 Mosfellsbær
Virkilega falleg eign

RE/MAX KYNNIR : Falleg og vel skipulögð íbúð á 1. hæð í lyftuhúsi. Íbúðin skiptist í flísalagt anddyri með steinflísum og góðum skáp, stórri með fallegu eikarparketi þar sem er stofa sem er útgengt úr á suður svalir, þá fallegt eldhús með eikarinnréttingu og góðum tækjum, rúmgott hjónaherbergi með ágætis skápaplássi og gert ráð fyrir sjónvarpi á hlíu í skápnum, herbergi með skáp og þar er einnig tengi fyrir sjónvarp, fallegt baðherbergi með sérþvottu nuddbaðkari með sturtu og þvottahús. Þessi er falleg.

RE/MAX LIND

Fossheiði 56

Verð: 14.500.000
Stærð: 77,4 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1976
Brunabótamat: 11.050.000

800 Selfoss
Þægileg fyrstu kaup

RE/MAX LIND kynnir: Góð 2ja herbergja íbúð með aukaíbúð í kjallara. Íbúðin skiptist í stofu með útgengi á suðvestur svalir, eldhús með flísum á gólfi og nýrri stál eldavél og háfi, svefnherbergi og baðherbergi með baðkari og flísum á gólfi og veggjum. Plastparket á gólfi á stofu, gangi og svefnherbergi. Íbúðinni fylgir ágætis auka"íbúð" í kjallara sem er í dag í útleigu. Þ.e.a.s. þetta er 26,3 fm. herbergi sem búið er að stúka niður í svefnherbergi, stofu, eldhús krók og baðherbergi með sturtu.

RE/MAX LIND

Stórikriki

Verð: 62.000.000
Stærð: 325 fm.
Fjöldi herbergja: 8
Byggingarár: 2007
Bílskúr: 47,5 fm.

270 Mosfellsbær
Stórt og vel skipulagt

Glæsilegt 277,5 fm einbýli á einni hæð ásamt 47,5 fm bílskúr. Eignin er samtals 325 fm á góðum stað í Krikanum í Mosfellsbæ. Húsið afhendist tilbúið að utan og rúmlega tokhelt að innan.. Eignin skiptist í forstofu, gestasnyrtingu, eldhús, stofu, borðstofu, sónvarpsherbergi, fimm svefnherbergi, tvö baðherbergi, þvottahús, geymslu, vinnuherbergi, fjölskylduherbergi og bílskúr. Eindhúsi í götunni og með útsýni yfir til Esjunnar.

RE/MAX LIND

Vegna mikillar eftirspurnar óskum við eftir öllum stærðum af atvinnu- og iðnaðarhúsnæði í sölu eða til leigu.

Frum með kaupendur m.a. að:

- 5-800 fm. iðnaðarhúsnæði með góðri lofthæð á hbsv.
- U.þ.b. 1000 fm. Lagerhúsnæði í Hafnarfirði, helst í hraununum.
- Langan lista af kaupendum sem óska eftir atvinnueignum með góðum leigusamningum.

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

HAFÐU SAMBAND - ÞAÐ SKILAR ÁRANGRI

GSM 892 3330

Baldvin
Sölufulltrúi
892 3330
baldvin@remax.is

Þórarinn
Jónsson
Lögg.
fasteignasali

RE/MAX LIND • Bæjarlind 14-16 • 221 Kópavogur • Sími: 520 9500 • Fax: 520 9559

Nokkur orð um árásirnar á Ingibjörgu

UMRÆÐAN
Samfylkingin

Ég á mér draum um að Samfylkingin leiði næstu ríkisstjórn. Í þeim draumi er kona forsætisráðherra í fyrsta skipti í sögu lýðveldisins og áherslurnar í þjóðarbúskapnum taka mið af sjónarmiðum beggja kynja. Ekki er lengur leikið einungis eftir leikreglum strákanna.

Ég vil vakna upp af þeirri martröð að stjórnmálaflokkur með pilsnerfylgi sé með ríkisstjórnaráskrift af 30 ára gömlum vana og mér finnst nóg komið af einkavinavæðingu Sjálfstæðisflokksins. Ég vil nýja ríkisstjórn, ríkisstjórn Jafnaðarmanna.

KRISTÍN SÆVARSDÓTTIR

Leiðtogi Samfylkingarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, verður nú fyrir árásum úr ýmsum áttum. Ég get skilið það af hverju andstæðingunum er svona mikið í mun að gera hana ótrúverðuga. Það er auðvitað af því að þeir eru hræddir við hana. Hún ógnar núverandi valdhöfum vegna þess að hún er greind og klár, stefnuföst og rökföst og er lang sterkasti leiðtogi stjórnarandstöðunnar, nógu sterk til að geta leitt nýja ríkisstjórn með glæsilegum hætti. Hún náði borginni af íhaldinu á sínum tíma og þeir gera allt til að koma í veg fyrir að henni takist það sama í landsmálapólitíkinni. Þetta er taktík sem er í raun mjög skiljanleg. Þeir reyna að taka hana úr umferð.

Á hinn bóginn er ekki eins skiljanlegt af hverju margir fyrrum stuðningsmenn og ekki síst fylgiskonur Samfylkingarinnar hafa hætt stuðningi sínum við flokkinn og ætla að gefa öðrum flokkum atkvæði sitt í kosningunum í vor.

Skýringarnar sem ég heyri eru ótrúlegar og ein skýring er ansi lífseig. Margir hafa enn ekki „fyrirgefið“ Ingibjörgu Sólrúnu að hún skyldi hætta sem borgarstjóri og fara í framboð til Alþingis. Við þetta fólk segi ég: „Get over it!“ Hvað ætlar fólk að velta sér lengi upp úr þessu? Ingibjörg Sólrún tók áskorun og áhættu af því að það var lagt hart að henni að gera það. Fráfarandi bæjarstjóri á Akureyri gerði það sama og ég get ekki betur séð en að allir séu búnir að fyrirgefa honum það. Ef Ingibjörg hefði nú eitthvað verulega krassandi á samviskunni myndi ég hugsanlega skilja þessa bræði. Ég myndi alveg skilja það að fólk væri fúlt ef Ingibjörg Sólrún hefði gefið ríkisbankana á tombóluverði, komið í gegn eftirlaunafrumvarpi til að tryggja afkomu sína, ef hún hefði nú t.d. stutt Íraksstríðið, klúðrað varnarmálunum eða stigið stór skref í að einkavæða RÚV. Ég myndi líka skilja það að öryrkjar eða eldri borgarar væru argir út í Ingibjörgu Sólrúnu fyrir að bæta ekki kjör þeirra ef hún hefði setið í ríkisstjórn undanfarin þrjú kjörtímabil. En málið er að hún hefur ekki setið í ríkisstjórn og hefur ekki fengið að taka til hendinni í ríkisbúskapnum.

Við ættum að einbeita okkur að því sem Ingibjörg Sólrún hefur gert og fyrir hvað hún stendur fremur en að velta okkur upp úr því að við misstum góðan borgarstjóra fyrir nokkrum árum. Það er búið og gert og var ekkert stórmál í samanburði við allt svínaríið sem viðgengst hjá ríkisstjórnarflokkunum sem sæta engri ábyrgð hvað varðar mýmörg alvarleg mistök. Við ættum einnig að einbeita okkur að því sem Ingibjörg Sólrún getur gert og mun gera nái Samfylkingin að leiða næstu ríkisstjórn. Þá verður gaman að lifa.

Höfundur er sölustjóri og félagi í Samfylkingunni.

Hvar eru sópararnir í Reykjvíkurborg?

UMRÆÐAN
Umhverfismál

KJARTAN EGGERTSSON

Það fer væntanlega ekki framhjá neinum sem ekur um borgina á góðviðrisdögum, að loftið er mengað svifryki frá bílaumferðinni. Ryk þetta er að mestu ættað úr kverkum götu- og gangstéttakanta, en þar safnast fyrir malbikssalli af götunum. Nagladekkin fræsa niður göturnar og á hverju ári þarf að malbika þar sem umferðin er hvað mest.

Þrátt fyrir viðleitni borgarinnar við að benda á að ekki sé nauðsynlegt að vera með nagla í dekkjum ef einungis er ekið innanbæjar og þrátt fyrir að bifreiðum á nagladekkjum hafi fækkað, þá dugir það ekki til.

Og hvað er þá til ráða? Eigum við bara að bíða eftir að veðráttan skoli hroðanum burtu eða eigum við að leyfa honum að liggja þar til malbikað verður næst?

Reykjavíkurborg á sópara og eflaust hafa vegfarendur séð til þeirra að sumarlagi. Spurningin er hins vega hvort ekki megi sópa göturnar og hreinsa árið um kring? Í dag, í miðjum febrúarmánuði, eru allar kverkar fullar af malbikssalla. Og þó svo rigni skolast hann ekki nema að litlu leyti burtu, heldur situr þar áfram og bíður þess að honum verði þyrlað upp af bílaumferðinni, næsta þurrviðrisdag.

Er ekki ráð að borgin fari að sópa? Þessir sóparar hljóta að geta gengið þótt kalt sé í veðri? Borgin á þetta ráð að þrífa göturnar og af hverju þá ekki bara að gera það?

Höfundur er fulltrúi Frjálslynda flokksins í framkvæmdaráði Reykjavíkurborgar.

AF NETINU

Valgerður slær í gegn

Katrín Anna Guðmundsdóttir skrifar:

Valgerður Sverrisdóttir er heldur betur að slá í gegn sem utanríkisráðherra. Hún byrjaði á því að hleypa konum inn og nú talar hún um hvernig það er að vera kona í pólitík - og að hún þekki margar konur sem eru mjög hæfar í öll ráðherraembættinn sem konur hafa aldrei gengt. Mun minna bar á jafnréttisáherslum Valgerðar þegar hún var iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Ég man samt eftir þegar ég las jafnréttisáætlun ríkisstjórnarinnar að mér fannst stefnan í ráðuneyti Valgerðar einna best. En hvað ætli valdi þessari skyndilegu breytingu? Ég velti fyrir mér hvort það sé ekki einfaldlega að nú er stutt eftir af valdatíma Valgerðar og að hún geri ekki ráð fyrir að halda áfram sem ráðherra eftir kjörtímabilið.
Tekið af: www.hugsadu.blog.is.

Mikilvægi sprota og nýsköpunar

UMRÆÐAN
Atvinnusköpun

JÓN SIGURÐSSON

Nýsköpun og sprotafyrirtæki eru grunnskilyrði í framþróun atvinnulífsins. En því má ekki gleyma að stöðug og virk nýsköpun er forsenda batnandi lífskjara og gróandi þjóðlífs. Þannig verða sprotafyrirtækin grundvallarþáttur í allri samfélagslegri stefnumótun.

Nýsköpun og sprotafyrirtæki verða að styðjast við öflugan og afkastamikinn fræðsluatvinnuveg sem býður jöfnum höndum fræðslu, rannsóknir, ráðgjöf og vísindalegar afurðir. Fræðsluatvinnuvegurinn er undirstöðuatvinnuvegur allra annarra atvinnuvega á 21. öldinni og grundvöllur undir samkeppnishæfu atvinnulífi og gróskumiklu þjóðlífi og menningarlífi sem býður komandi kynslóðum lífvænlega kosti og glæsileg lífstækifæri.

Þrátt fyrir veigamikinn stuðning stjórnvalda við sprotafyrirtæki og nýsköpun atvinnulífsins er ýmissa lagfæringa þörf – og er það verkefni sem aldrei verður lokið. Augljósasti vandinn sem við er að fást um þessar mundir er að ekki hefur náðst að ná endum saman á milli opinberra fjárframlaga og aðkomu framtaksfjárfesta. Þessi ósamfella í fjármögnun nýsköpunar er í daglegu tali nefnd nýsköpunargjáin – en það orð lýsir vandanum allvel.

Þessi vandi kallar á aðgerðir allra aðila, jafnt stjórnvalda sem annarra. Úrlausn felst annars vegar í auknum fjárframlögum til þessa málaflokks, og hins vegar í betri samræmingu til að tryggja nauðsynlega samfellu.

Það þarf að efla Tækniþróunarsjóð áfram og einnig Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Það þarf áfram að þróa skattaumhverfi sprotafyrirtækja og nýsköpunar í því skyni að tryggja sem best þroskunar- og framþróunartækifæri þeirra.

Brátt verður þeim áfanga náð að orkumannvirkin við Kárahnjúka fara að skila arði til þjóðarbúsins, og í væntanlegri skipan orkumála með heildaráætlun um nýtingu og vernd náttúruauðlindanna er ráð fyrir því gert að gjald verði jafnan tekið fyrir leyfi og nýtingu. Með slíku auðlindagjaldi skapast tækifæri til að byggja upp á einhverju tímabili auðlindasjóð sem þjóðin getur notað til sérstakra þjóðþrifaverkefna. Alaskabúar hafa þegar góða reynslu á þessu sviði, en þeir endurgreiða líka öllum almenningi úr slíkum auðlindasjóði þegar arðstaða hans leyfir.

Mikilvægir áfangar hafa náðst á síðustu árum. Auk stórframkvæmdanna má nefna að fjármálakerfi og bankakerfi þjóðarinnar hefur tekið stakkaskiptum og útrás íslenskra fyrirtækja hafin. Mikilvæg reynsla hefur á sama tímabili skapast við störf Vísinda- og tækniráðs og sjóðir á vegum þess hafa verið efldir.

Á þessum sama tíma hefur orðið hér sannkölluð háskólabylting í eflingu og vexti fræðslu og rannsókna. Að mínu mati er nú framundan að auka enn fjölbreytni háskólastigsins með stofnun starfsmenntaháskóla. Þá á ég við stofnun sem á Norðurlöndum kallast „yrkeshögskola“, meðal enskumælandi þjóða „technical college“ og Þjóðverjar kalla „Berufsakademie“ og „Fachhochschule“. Starfsmenntaháskóli hefur miklum hlutverkum að gegna við nýsköpun og sprotastarfsemi.

Nú er einnig framundan að taka sambærileg framfaraskref varðandi umhverfi og möguleika sprotafyrirtækja og annarrar nýsköpunarstarfsemi í landinu. Þetta er mjög mikilvægt mál sem ekki þolir langa bið. Framtíðarsýn um gróandi þjóðlíf byggist á öflugri og viðvarandi nýsköpun ásamt stöðugri mennta- og vísindasókn í fylkingarbrjósti. Þjóðarmetnaður Íslendinga verður m.a. að birtast einmitt í þessu.

Höfundur er formaður Framsóknarflokksins.

Hagstjórn og háir vextir

UMRÆÐAN
Hagfræðingar ASÍ og Samtaka iðnaðarins skrifa um efnahagsmál. Fyrsta grein af þremur.

BJARNI MÁD GYLFASON, HAGFRÆÐINGUR SAMTAKA IÐNAÐARINS

ÓLAFUR DARRI ANDRASON, HAGFRÆÐINGUR ASÍ

Hvers vegna eru vextir á Íslandi svo miklu hærri en í þeim löndum sem við berum okkur saman við? Ástæðurnar eru nokkrar; gengisáhætta, fákeppni og þensla í hagkerfinu.

Skoðum nánar þátt þenslunnar og hagstjórnarinnar. Seðlabankinn hefur hækkað vexti sína 16 sinnum á tveimur og hálfu ári í viðleitni sinni til að ná niður verðbólgu. Í upphafi hagsveiflunnar voru stýrivextir 5,3%, en eru nú 14,25%. Þeir hafa því tæplega þrefaldast, án þess þó að verðbólgumarkmiðið hafi náðst. Til samanburðar má geta þess að stýrivextir evrópska Seðlabankans eru 3,5%.

Aukin velferð er hlutverk hagstjórnar

Hlutverk hagstjórnarinnar er að bæta velferð almennings og starfsskilyrði fyrirtækja með því að tryggja jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Hlutverk ríkisvaldsins á þenslutímum er að skapa svigrúm í hagkerfinu með því að beita almennu aðhaldi í ríkisútgjöldunum, draga úr fjárfestingum og tryggja með skynsamlegum ákvörðunum að tekjuhlið ríkisfjármálanna vinni með annarri hagstjórn. Seðlabankinn ákvarðar stýrivexti í ljósi verðbólguvæntinga og spennunnar í hagkerfinu.

Sérfræðingar Hagfræðistofnunar bentu á það í ársskýrslu stofnunarinnar 2005 að stýrivextir gætu verið lægri, ef ríkisútgjöld hefðu vaxið minna eða tekjurnar meira. Því er ljóst að með auknu aðhaldi í ríkisútgjöldum og skynsamlegri tímasetningu skattalækkana væru stýrivextir hér lægri en þeir eru nú og verðbólgan líklega minni.

Við byggjum ekki upp sterkt atvinnulíf sem skilar þjóðinni góðum störfum, nema við hverfum frá þeirri „rússíbanahagstjórn” sem við höfum búið við undanfarin ár.

En hvernig stendur á því að stjórnvöld hafa ekki beitt sér fyrir skynsamlegri hagstjórn? Skammtímasjónarmið stjórnmálamanna hafa leitt til þess að ríkisstjórnin og Seðlabankinn hafa ekki verið samstiga í hagstjórninni. Ákvarðanir ríkisstjórnarinnar um skattalækkanir, sem nema tugum milljarða króna á ári í toppi hagsveiflunnar, juku óstöðugleika og ýttu undir verðbólgu. Það sama má segja um þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að hækka lánshlutfall íbúðalána í miðri uppsveiflu. Vissulega var um ánægjulegar breytingar að ræða, sem til lengri tíma hafa jákvæð áhrif, en tímasetningin var alröng.

Það voru líka gerð mistök í stjórn peningamála. Ákvarðanir Seðlabankans í febrúar 2003 um að lækka bindiskyldu og styrkja gjaldeyrisforðann juku peningamagn í umferð. Sú aðgerð ýtti undir útlánaþenslu og verðbólgu. Miðað við þau mistök sem gerð hafa verið í stjórn ríkisfjármálanna hefði bankinn þurft að hækka vexti sína meira og hraðar í byrjun hagsveiflunnar. Hefði bankinn beitt sér meira þá, væru vextirnir lægri í dag. Í raun hafa stýrivaxtahækkanir Seðlabankans elt verðbólguvæntingar en ekki tekist að hemja þær.

Skila vaxtahækkanir tilætluðum árangri?

Líka má velta því fyrir sér hvort stýrivaxtahækkanir Seðlabankans slái á þenslu í hagkerfinu eins og þeim er ætlað að gera. Hækkun þeirra dregur úr eftirspurn eftir lánsfé innanlands, eykur sparnað og styrkir gengið til skamms tíma. Mótsögnin er að sterkara gengi lækkar innflutningsverð og slær þannig tímabundið á verðbólgu en eykur einkaneyslu enn frekar. Þá stendur eftir að vaxtatæki Seðlabankans styrktu krónuna langt umfram það sem efnahagslegar forsendur gáfu tilefni til. Vaxtahækkanir Seðlabankans hafa ennfremur haft þau áhrif, að hvatinn til að taka erlend lán hefur aukist mikið. Niðurstaðan undanfarin ár hefur því orðið mikil aukning í neyslu, sögulegur viðskiptahalli, miklar gengissveiflur og verðbólga langt umfram verðbólgumarkmið.

Minni fyrirtæki og heimilin líða sérstaklega fyrir þessa háu vexti en stærri fyrirtæki og opinberir aðilar sækja sér lánsfé til útlanda. Sem dæmi má nefna að fyrirtæki skulduðu um 115 milljarða í yfirdráttarlán í desember og heimilin í landinu 67 milljarða. Yfirdráttarvextir af slíkum lánum á ári eru um 40 milljarðar. Þá eru önnur lán ótalin. Því er óhætt að segja að vaxtahækkanir Seðlabankans séu „þensluskattur” sem lagður hefur verið á heimilin og minni fyrirtæki.

Hár fjármagnskostnaður og miklar gengissveiflur veikja atvinnulífið til langs tíma og skekkja samkeppnisstöðu fyrirtækja. Sterkt gengi styrkir innflutning en veikir útflutning. Þetta er sérstaklega bagalegt fyrir fyrirtæki í útflutnings- og samkeppnisgreinunum og einnig sprota- og hátæknifyrirtæki sem eru að byggja upp starfsemi sína. Skammtímaáhrifin eru lægra innflutningsverðlag en langtímaáhrifin eru þau að verðmæt störf flytjast úr landi.

Tökum hagstjórnina fastari tökum

Hvaða lærdóm getum við dregið af hagstjórnarmistökum undanfarinna ára? Taka þarf hagstjórnina miklu fastari tökum. Jafnvægi í efnahagsmálum er forsenda efnahagslegra framfara. Við byggjum ekki upp sterkt atvinnulíf sem skilar þjóðinni góðum störfum, nema við hverfum frá þeirri „rússíbanahagstjórn” sem við höfum búið við undanfarin ár. Að öðrum kosti festast skammtímasjónarmið og efnahagslegur óstöðugleiki í sessi. Við slíkar aðstæður verður erfitt að gera kjarasamninga til lengri tíma.

Aflamarkskerfi og veiðiréttur

UMRÆÐAN
Veiðiréttur

JÓHANN ÁRSÆLSSON

Illugi Gunnarsson skrifar grein í Fréttablaðið sl. sunnudag. Greinin er skrifuð útfrá þeirri sannfæringu hans að séreign á auðlindum sé lausn allra vandamála og skili þegar upp er staðið mestum arði til allra, bæði útgerðarinnar í landinu og samfélagsins í heild. Rökstuðningur Illuga fyrir þessari sannfæringu hans er fólginn í almennum staðhæfingum um að menn eða fyrirtæki nýti best viðkomandi auðlindir ef þeir hafi séreignarrétt á þeim. Þegar þessi rök eru skoðuð þarf að hafa það í huga að útgerðarmenn á Íslandi hafa með svokölluðu frjálsu framsali veiðiréttar ígildi eignarhalds á tiltekinni prósentu af viðkomandi fiskistofni. Fyrirkomulagið felur það hins vegar í sér að hver fiskistofn sem heild er í sameign þeirra. Aflahlutdeildin markar svo hve mikið hver þeirra fær að veiða úr sameigninni. Útgerðarmenn eiga ekki skilgreindar hjarðir á veiðislóðinni. Þess vegna keppa þeir sín á milli um að ná verðmætustu fiskunum úr hjörðinni. Þessi staðreynd gerir almennar fullyrðingar Illuga og annarra skoðanabræðra hans um kosti séreignar á veiðirétti marklausar. Þessi vandi, að útgerðarmenn berjast hver sem betur getur um verðmætustu fiskana, er óhjákvæmilegur galli á aflamarkskerfinu og veldur brottkasti og vondri umgengni um veiðislóðir. Við þessu er brugðist með gríðarlegu eftirliti og hörðum viðurlögum stjórnvalda en því miður er árangur þess eftirlits ekki góður. Ef rök Illuga hefðu einhverja innistæðu væri enginn slíkur vandi á ferðinni. En reynslan hefur afsannað þau enda er ekki um eiginlega séreign að ræða svo það var ekki við því að búast. Gallar aflamarkskerfisins til fiskveiðistjórnunar eru fólgnir í kerfinu sjálfu en hafa ekkert með fyrirkomulag eignarhaldsins að gera.

Markmið tillagnanna er að þjóðareign á auðlindum sjávar verði ótvíræð og meðferð aflaheimilda í samræmi við meðferð annarra auðlinda í þjóðareign

Aflamarkskerfið stendur hvorki eða fellur með séreign á veiðirétti. Því verður hins vegar að stjórna af festu og byggja reglur þar um á grunni bestu þekkingar með fullu tilliti til þeirrar praktísku reynslu sem fæst af einstökum stjórnunarþáttum. Það sama á hér við, hvernig sem eignarhaldinu á veiðirétti er háttað.

Þó að aflamarkskerfið hafi ýmsa galla og ekki séu góð rök fyrir því að beita því við allar veiðar telur Samfylkingin að ekki hafi komið fram betri leið til að stjórna sókn í þá fiskistofna sem mest er sótt í. Samfylkingin hefur þess vegna byggt tillögur sínar á því að stuðst verði áfram við aflamarkskerfið.

Markmið tillagnanna er að þjóðareign á auðlindum sjávar verði ótvíræð og meðferð aflaheimilda í samræmi við meðferð annarra auðlinda í þjóðareign.

Veiðiréttindi verði skýrt afmörkuð og tímabundin.

Útgerðarmönnum verði tryggt fullt jafnræði til úthlutunar veiðiréttar.

Breytingarnar tryggi útgerðinni starfsgrundvöll til framtíðar og þann frið sem forystumenn hennar og þjóðin hafa kallað eftir.

Breytingin valdi sem minnstri röskun í greininni og íþyngi útgerð í landinu ekki um of fjárhagslega. Þessum markmiðum er öllum hægt að ná á grundvelli aflamarkskerfisins og tryggja jafnframt sameign þjóðarinnar á auðlindum sjávar. Til þess eru fleiri en ein leið fær og Samfylkingin hefur lýst sig reiðubúna til víðtæks samstarfs við útfærslu þeirra.

Höfundur er alþingismaður.

Hver er fórnarlamb?

UMRÆÐAN
Ofbeldi

SANDRA LYNGDORF

Á forsíðu Fréttablaðsins miðvikudaginn 7. febrúar var fjallað um sérstakt ofbeldismál. Forsagan er sú að tveir menn buðu þremur stúlkum heim eftir að hafa hitt þær á skemmtistað. Annar mannanna og ein stúlknanna fóru að láta vel hvort að öðru en kom þá í ljós að stúlkan var í raun drengur. Við þá uppgötvun trylltist maðurinn og tók gestinn kverkataki. Gestinum tókst hins vegar að slá hann í höfuðið og kalla á hjálp.

Í síðasta tölublaði Séð og heyrt er sama máli slegið upp á forsíðu. Í opnuviðtali eru síðan birtar myndir af manninum með skurð á enninu og sorgarsvip þar sem hann spilar sig sem fórnarlamb þessa harmleiks. Hann sýnir enga iðrun yfir að hafa ráðist á aðra manneskju og reynt að kyrkja hana og viðurkennir að hann hefði líklega drepið hana ef hann hefði ekki verið truflaður við verknaðinn. Hann endar svo viðtalið með því að spyrja: „Hvað hefðuð þið gert í minni stöðu?“

Hið raunverulega fórnarlamb í þessari sögu er auðvitað stúlkan, eða drengurinn sem vill vera stúlka; það er ekki refsivert að segja ekki frá því að líffræðilegt kyn manns sé annað en félagslegt. Hvernig sem litið er á málið er það aftur á móti glæpur að ráðast á aðra manneskju með ofbeldi og maðurinn hefur í raun játað á sig morðtilraun eða stórfellda líkamsárás fyrir framan alþjóð. Allir geta skilið að honum bregði við að stúlkan hafi í raun verið drengur en það réttlætir ekki ofbeldi.

Það sem ég tel einnig áhyggjuefni er sú yfirlýsing mannsins að lögregluþjónarnir sem tóku af honum skýrslu hafi sýnt mikinn skilning á stöðu hans og ýtt undir þá skoðun mannsins að það sé skiljanlegt að hann hafi tryllst í þessari stöðu. Lögreglan, sem fulltrúi hins opinbera, á að gæta hlutleysis og vil ég í raun ganga út frá því að sú hafi verið raunin í þetta sinn og skilningur mannsins hafi einfaldlega verið rangur.

Umfjöllun um málið í Séð og heyrt er einnig allt annað en eðlileg. Þar er fjallað um ofbeldisglæp á léttúðugan hátt og málið sett upp eins og eðlilegt sé að berja frá sér í aðstæðum sem þessum, jafnvel drepa; „manndómur“ mannsins hafi beðið hnekki og því sé eðlilegt að hann beiti ofbeldi. Við eigum að koma fram af virðingu við alla meðlimi samfélagsins, án tillits til kyns og kynhneigðar eða annarra eiginleika. Ofbeldi gegn einum þjóðfélagshóp á ekki að vera léttvægara en gagnvart öðrum.

Það verður fróðlegt að fylgjast með framvindu málsins í dómskerfinu og vonast ég til að það hljóti sömu meðferð og önnur sambærileg ofbeldismál.

Höfundur er lögfræðingur og vinnur að rannsókn á réttarstöðu fólks með kynáttunarvanda hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Ferðaþjónusta fatlaðra á Evrópuári jafnra tækifæra

UMRÆÐAN
Málefni fatlaðra

GERÐUR A. ÁRNADÓTTIR

FRIÐRIK SIGURÐSSON

Nú nýverið birtist hér í blaðinu frétt um aukna þjónustu ferðaþjónustu fatlaðra. Tilefnið var samþykkt borgarráðs um að veita þeim 400 hjólastólanotendum sem nýta sér ferðaþjónustuna heimild frá og með 1. maí til að panta ferðaþjónustubíl með að lágmarki þriggja tíma fyrirvara.

Alls nota u.þ.b. 1200 fatlaðir einstaklingar, sem ekki geta nýtt sér almenningssamgöngur, ferðaþjónustu fatlaðra. Fram að þessu hafa þeir þurft að panta bíl með sólarhrings fyrirvara ef þeim skyldi „detta í hug“ að fara í bíó, á kaffihús eða í boð. Þetta fyrirkomulag hefur margoft verið gagnrýnt. Því tók Borgarráð Reykjavíkur þá ákvörðun í nóvember 2005 að fyrirvarinn styttist og færi niður í allt að þrjár klst. þegar pantaður væri bíll. Til að nægur tími gæfist til undirbúnings var ákveðið að breytingin kæmi til framkvæmda 13 mánuðum síðar eða frá og með 1. jan 2007.

Í nóvember sl. boðaði síðan velferðarsvið Reykjavíkurborgar til fundar með fulltrúum hagsmunasamtaka fatlaðra þar sem til umræðu var að fresta framkvæmd þessa ákvæðis þar sem menn voru ekki tilbúnir með nýtt fyrirkomulag (þrátt fyrir 13 mánaða undirbúningstíma.) Þeirri hugmynd var harðlega mótmælt. Þrátt fyrir það var í desember 2006 lögð fram tillaga í borgarráði um að taka til baka fyrri ákvörðun um bætta þjónustu ferðaþjónustunnar. Þeirri tillögu var þá aftur mótmælt m.a. af Landssamtökunum Þroskahjálp og Öryrkjabandalagi Íslands og á fundi borgarráðs var ákveðið að vinna málið betur. Á síðasta fundi borgarráðs var síðan ofangreind tillaga samþykkt. Sú niðurstaða er að mati okkar klárt brot á fyrra samkomulagi og ljóst að borgaryfirvöld eru að svíkja þá 800 notendur sem fá í engu bætta þjónustu. Auk þess þarf það fólk, sem gefst kostur á að panta ferðaþjónustu með minna en sólarhrings fyrirvara, að greiða aukalega 500 kr. fyrir hverja ferð (1000 kr. fram og til baka aukalega). Bíóferðin verður því býsna dýr fyrir þennan hóp Íslendinga sem seint verður talinn með þeim efnameiri.

Upprunalega samkomulaginu sem verið er að svíkja núna var ætlað að auka möguleika fatlaðs fólks til þátttöku í eðlilegu lífi, njóta tómstunda og félagslífs með öðru fólki. Við sem ófötluð erum tökum ekki ákvarðanir um að skreppa í bíó, hitta vini okkar eða skreppa á kaffihús með sólarhrings fyrirvara. Því skyldi fatlað fólk eiga að gera það? Felst mikið jafnræði og jafnrétti í slíku?

Ákvörðun borgarráðs núna er brot á þess eigin jafnréttisstefnu þar sem segir m.a. „Óheimilt er að mismuna fólki vegna fötlunar. Unnið skal markvisst að því að gera fötluðum kleift að taka virkan þátt í borgarsamfélaginu“ og „Fatlaðir eigi jafnan aðgang að þjónustu og ófatlaðir“.

Einnig felst í henni brot á markmiðsgrein laga um málefni fatlaðra þar sem segir að fatlaðir skuli eiga þess kost að lifa eðlilegu lífi. Þá vinnur hún gegn hug-

Ákvörðun borgarráðs núna er brot á þess eigin jafnréttisstefnu

myndafræði sáttmála Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi og virðingu fatlaðs fólks sem nýlega var samþykktur.

Það er lítill sómi að því fyrir Reykjavíkurborg að taka til baka fyrri ákvörðun frá 2005 og ennþá minni sómi er að því að láta líta svo út að um stórkostlegar réttarbætur sé um að ræða. Það virðist sem borgarráð hafi skort vilja til að standa við fyrri samþykktir. Borgarstjórn Reykjavíkur hefur ennþá tækifæri til að sýna að vilji sé til staðar til að bæta þjónustu við allt fatlað fólk í borginni í samræmi við mannréttindastefnu borgarinnar með því að breyta samþykkt borgarráðs og taka upp raunverulega samvinnu við hagsmunaaðila um framkvæmd þessarar þjónustu.

Annað er ekki forsvaranlegt á Evrópuári jafnra tækifæra.

Gerður er formaður Landssamtakanna þroskahjálpar og Friðrik er framkvæmdastjóri.

BRÉF TIL BLAÐSINS

Er ég með tískusjúkdóm?

Ólafur Ásberg skrifar um sjúkdómsvæðingu:

Ég hef komist að því að ég þjáist af nándarleysi. Í gegnum tíðina hef ég ekki fengið tískusjúkdóma. Eins og t.d. þegar þjóðin fékk bakflæði, þá átti ég mjög bágt þar sem ég gat ekki tekið þátt í samræðum við annað fólk. Fyrir þremur árum var engin maður með mönnum nema að minnsta kosti einn fjölskyldumeðlimur væri ofvirkur og væri með lyfseðil upp á Ritalin. Enn og aftur var ég útundan í samræðum meðal fólks. Það nýjasta er tölvufíkn, ekki kannast ég við þennan sjúkdóm heldur, hvorki hjá mér eða öðrum fjölskyldumeðlimum. Ég er farinn að halda að ég sé bara svona óheppinn.
Þegar ég talaði við konuna mína um þetta vandamál mitt, að geta ekki talað við fólk án þess að skammast min fyrir sjúkdómaleysi, þá tókst henni að róa mig og benti mér á að það eiga eftir að koma upp fleiri tískusjúkdómar. Og hver veit nema ég sé kominn með þann sjaldgæfasta, þ.e.a.s. nándarleysi?

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Áunnin réttindi aukin um 5%
frá og með 1. janúar 2007

Efnahagsreikningur (í þús. kr.) 31.12.2006 31.12.2005

Verðbréf með breytilegum tekjum	19.498.557	16.164.640
Verðbréf með föstum tekjum	28.605.992	22.739.948
Veðlán	1.515.835	1.352.109
Bankainnistæður	381.913	626.855
Kröfur	607.922	495.533
Aðrar eignir og rekstrarfjármunir	3.815	3.733
	50.614.034	41.382.818
Skuldir	-19.683	-36.338
	50.594.351	41.346.480

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris

Iðgjöld	2.077.093	1.981.778
Lífeyrir	-506.577	-415.760
Fjárfestingartekjur	7.763.430	6.266.835
Fjárfestingargjöld	-43.887	-33.937
Rekstrarkostnaður	-42.188	-44.300
Hækkun á hreinni eign á tímabilinu	9.247.871	7.754.616
Hrein eign frá fyrra ári	41.346.480	33.591.864
	50.594.351	41.346.480

Lífeyrisskuldbindingar skv. niðurstöðu tryggingafræðings

Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	9.959.000	8.210.000
Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum	23,9%	23,9%
Eignir umfram heildarskuldbindingar	5.310.000	3.795.000
Í hlutfalli af heildarskuldbindingum	7,0%	6,0%

Kennitölur

Nafnávöxtun	18,4%	18,3%
Hrein raunávöxtun	10,5%	13,3%
Hrein raunávöxtun 5 ára meðaltal	8,8%	6,9%
Hrein raunávöxtun 10 ára meðaltal	6,8%	6,4%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	7.356	7.517
Fjöldi lífeyrisþega	4.011	3.731
Rekstrarkostnaður í % af eignum	0,09%	0,12%
Eignir í íslenskum krónum	73,8%	78,2%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	26,2%	21,8%

Ávöxtun séreignardeildar 2006

Nafnávöxtun séreignardeildarinnar var 14,7% eða 7,2% raunávöxtun.
Hækkanir á hlutabréfamörkuðum hafa góð áhrif á ávöxtun beggja deilda.
Heildareignir deildarinnar eru 330 milljónir í árslok 2006.

Sjóðfélagar

Sjóðurinn er ætlaður öllum launþegum og sjálfstætt starfandi mönnum sem eiga ekki kjarasamningsbundna aðild að öðrum lífeyrissjóðum.

Hann getur því verið góður kostur fyrir ýmsa aðila sem þurfa að velja sér lífeyrissjóð.
Sjóðurinn byggir á samtryggingu og séreign.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda
Traustur sjóður, trygg framtíð

Ársfundur 2007
Ársfundur sjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 26. apríl, kl. 16.00

Í stjórn sjóðsins eru
Baldur Guðlaugsson formaður, Hrafn Magnússon varaformaður, Arnar Sigurmundsson, Gunnar Gunnarsson, Halldór Björnsson, Þorgeir Eyjólfsson, Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Framkvæmdastjóri er
Sigurbjörn Sigurbjörnsson

Skúlagata 17 · 101 Reykjavík · Sími 510 7400 · Fax 510 7401 · sl@sl.is · www.sl.is

GEGGJUÐ TILBOÐ

WINDOWS VISTA Í ÖLLUM GIGABYTE TILBOÐUM

FRÁBÆRT NÝTT STÝRIKERFI SEM BÝÐUR UPP Á FJÖLDA NÝJUNGA OG HRAÐARI VINNSLU FYRIR LEIK OG STÖRF

GIGABYTE GZ # 1

- AMD Sempron64 3100+
- 512MB DDR400 OCZ minni
- 160GB SATA2 8MB WD diskur
- 18xDVD SuperMulti skrifari
- 128MB Geforce 6100 skjástýring
- 7.1 Dolby Digital DTS hljóðstýring
- Logitech þráðlaust lyklab.og mús
- Windows VISTA Home Basic

49.900

EV5 **9.980** Á MÁN | Vaxtalaust í 5 mánuði

GIGABYTE GZ # 3

- AM2 Dual Core X2 4200+
- 1GB DDR2 667MHz OCZ minni
- 320GB SATA2 16MB WD diskur
- 18xDVD SuperMulti skrifari
- 256MB Geforce 6100 skjástýring
- 19" LCD skjár frá Acer
- 2.1 Creative SBS380 hátalarakerfi
- Windows VISTA Home Premium

99.900

EV10 **9.990** Á MÁN | Vaxtalaust í 10 mánuði

1 GIGABYTE Triton

- Intel Core 2 Duo E6300 - 2MB
- 1GB DDR2 667MHz OCZ minni
- 320GB SATA2 16MB WD diskur
- 18xDVD SuperMulti skrifari
- 256MB 7600GS skjákort Silent2
- 7.1 Dolby Digital DTS hljóðstýring
- Gigabit Netkort, 350W aflgjafi, ofl.
- Windows VISTA Home Premium

89.900

EV10 **8.990** Á MÁN | Vaxtalaust í 10 mánuði

2 GIGABYTE Poseidon

- Intel Core 2 Duo E6600 - 4MB
- 2GB DDR2 667MHz OCZ minni
- 500GB SATA2 16MB WD diskur
- 18xDVD SuperMulti skrifari
- 256MB 7600GT skjákort Silent2
- 7.1 Dolby Digital DTS hljóðstýring
- Gigabit Netkort, 400W aflgjafi, ofl.
- Windows VISTA Home Premium

129.900

EV10 **12.990** Á MÁN | Vaxtalaust í 10 mánuði

Birt með fyrirvara um breytingar og villur

GIGABYTE™
TECHNOLOGY

MICROSOFT OFFICE 2007

- Office Home and Student 2007
- Word 2007, Excel 2007
- PowerPoint og OneNote 2007
- Má setja upp á 3 heimilisvélar

14.900
ÓTRÚLEGA FLOTTAR NÝJUNGAR

GIGABYTE TRITON VISTA Á ÓTRÚLEGU TILBOÐSVERÐI

Intel Core 2 Duo
Core 2 Duo er með tvo örgjörva fyrir enn meiri afköst ef unnið er í mörgum forritum í einu

2GB DDR2 OCZ
System Elite minnið frá OCZ er með XTC kopar spegluðum kæliplötum og með lífstíðarábyrgð

SILENT PIPE2
Gríðarlega öflugt og hljóðlaust 256MB GeForce 7600GS skjákort fyrir alla leiki og vinnslu

ALLT ÞRÁÐLAUST
Þráðlaust lyklaborð og þráðlaus mús frá Logitech með ábrenndum íslenskum stöfum

VISTA PREMIUM
Ótrúlegt nýtt grafískt viðmót, meira öryggi, fullkomnir leitarmöguleikar og fleiri nýjungar

NÝJASTA TÆKNIN
Hlaðin öllum helstu nýjungum og klár í alla almenna vinnslu, leiki og kvikmyndir

- Intel Core 2 Duo E6400 2.13GHz örgörvi
- 2GB DDR2 667MHz OCZ vinnsluminni
- 320GB SATA2 16MB WD harðdiskur
- 18xDVD SuperMulti DL skrifari
- 19” LCD Acer 8ms 700:1 skjár
- 256MB 7600GS Silent Pipe2 skjákort
- 7.1 Dolby Digital DTS hljóðstýring
- 2.1 Creative SBS380 hátalarakerfi
- Logitech þráðlaust lyklaborð og mús
- Windows VISTA Home Premium

129.900 eða **12.990**
Engir vextir í 10 mánuði

EV - Vaxtalaus tilboð eru jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við upphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann.

TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

GEORGE WASHINGTON FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1732

„Ef málfrelsið er tekið af okkur er hægt að ráðskast með okkur eins og lömb á leið til slátrunar.“

Fyrsti forseti Bandaríkjanna fæddist þennan dag fyrir 225 árum.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 22. FEBRÚAR 1997

Kindin Dolly kemst í fréttirnar

Tíu ár eru liðin síðan vísindamenn í Skotlandi sögðu frá tilvist fyrstu skepnunnar sem tekist hafði að klóna með góðum árangri.

Þetta var kindin Dolly sem var búin til í Roslin-stofnuninni í Edinborg. Kom hún í heiminn 5. júlí árið 1996. Dolly var fyrsta spendýrið sem var klónað úr frumu fullorðinnar skepnu. Fyrri tilraunir til klónunar höfðu verið úr fósturfrumum. Klónun kindarinnar Dollyar varð mjög umtöluð, enda fylgdu klónunargetunni siðferðileg álitamál og ótti meðal margra um að tæknina mætti nota til að klóna fólk. Dr. Ian Wilmut, sem fór fyrir hópi vísindamannanna skosku sem stóðu að tilurð Dollyar, sagði aftur á móti að klónun manna væri bæði ógeðfelld og ólögleg. Fréttir af tilurð Dollyar urðu til að æsa upp dýraverndarsinna og skoska kirkjan lýsti því yfir að þótt rannsóknirnar væru „heillandi“ þá hefði hún sínar efasemdir.

DOLLY Kindin Dolly var fyrsta spendýrið sem tókst með góðu móti að klóna.

Þá upplýsti Dr. Wilmut líka um hvernig komið hafði til að kindin var nefnd Dolly. „Dolly er búin til úr frumu mjólkurkirtils og okkur komu ekki í hug nokkrir mjólkurkirtlar mikilfenglegri en á Dolly Parton.“

Árið 2003 var Dolly aflífuð eftir að rannsókn dýralæknis leiddi í ljós að hún þjáðist af síversnandi lungnasjúkdómi. Skrokkur skepnunnar var samt sem áður varðveittur og geta áhugasamir barið hann augum í þjóðminjasafninu Skota í Edinborg.

MERKISATBURÐIR

1819 Spánn gefur Bandaríkjunum Flórída eftir.

1865 Þrælahald verður ólöglegt í Tennessee í Bandaríkjunum.

1879 Frank W. Woolworth opnar fyrstu verslunina sína í New York.

1903 Fríkirkjan í Reykjavík er vígð.

1924 Calvin Coolidge verður fyrsti Bandaríkjaforsetinn sem útvarpar ræðu frá Hvíta húsinu.

1952 Byggingarnefnd Þjóðminjasafns afhendir menntamálaráðherra hús safnsins við Suðurgötu.

1979 Menningarverðlaun Dagblaðsins veitt í fyrsta sinn.

1987 Popplistamaðurinn Andy Warhol deyr í New York, 58 ára.

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra föður, tengdaföður, afa og langafa,

Guðfinns Stefáns Finnbogasonar

Miðhúsum, Kollafirði,

sem lést laugardaginn 10. febrúar sl.

Kristján Garðarsson
Rakel Guðfinnsdóttir
afabörn og langafabörn.

Herdís Rósa Reynisdóttir

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Einar Ólafsson

rafvirki, Ársölum 3, Kópavogi,

lést á Kanaríeyjum að morgni sunnudagsins 11. febrúar. Útförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 23. febrúar kl. 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartavernd.

Fyrir hönd aðstandenda,
Guðrún Stefánsdóttir.

†

Elskuleg móðir okkar, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Elín Sigurðardóttir

hjúkrunarheimilinu Eir, Hlíðarhúsum 7, Reykjavík,

sem lést miðvikudaginn 14. febrúar verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 23. febrúar kl. 13.00.

Kristín Þorsteinsdóttir **Þórður Jónsson**
Sigríður Þorsteinsdóttir
Erla Þorsteinsdóttir **Ágúst Haraldsson**
Steinunn Þorsteinsdóttir **Geir Gíslason**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigrún Gunnarsdóttir

seinast til heimilis að Lindasíðu 2, Akureyri,

lést á dvalar og hjúkrunarheimilinu Hlíð, fimmtudaginn 15. febrúar. Hún verður jarðsungin frá Glerárkirkju föstudaginn 23. febrúar kl. 10.30.

Fyrir hönd aðstandenda,

Kristinn Jónsson **Jakobína Reynisdóttir**
Hermann Ragnar Jónsson **Sigurlaug Guðmundsdóttir**
Guðný Jóhanna Jónsdóttir **Óskar Sigurpálsson**
Gunnar Jónsson **Jóhanna Andrésdóttir**

JÓHANN G. JÓHANNSSON: SEXTUGUR Í DAG

Heldur upp á daginn á netinu

„Ég verð fjarverandi á afmælinu, ég heyrði að Kastró karlinn væri allur að hressast og ætla að bregða mér til Kúbu í tíu daga,“ segir Jóhann G. Jóhannsson, tónlistar- og myndlistarmaður, sem er sextugur í dag. Jóhann segir það leggjast vel í sig að verða sextíu ára, þótt honum finnist hann eiginlega of ungur til þess. „Andlega finn ég ekki fyrir aldrinum en svo lítur maður í spegil og það fer ekki á milli mála að maður hefur breyst í áranna rás.“

Þótt hann verði fjarverandi á afmælisdaginn ætlar Jóhann engu að síður að fagna tímamótunum veglega á sinn eigin hátt. „Ég ætla að halda upp á daginn á netinu með því að opna nýja heimasíðu sem ég hannaði í samstarfi við Netvistun. Hugmyndin er að búa til módel að síðu sem gæti hentað fleiri tónlistarmönnum. Með því að tengja saman fleiri síður sem ég er með, til dæmis MySpace og Broadjam, reyni ég að skapa síðu sem stuðlar að milliliðalausum viðskiptum við fólk sem hefur áhuga á þeirri tegund tónlistar sem ég býð upp á. Ég ætla sem sagt að opna síðuna á afmælisdaginn og veitingarnar verða í formi tónlistar en það verður hægt að hala niður tíu lög af jafnmörgum plötum. Svona vil ég segja takk fyrir mig við fólk sem hefur notið tónlistar minnar í gegnum árin.“

Jóhann er með fleiri járn í eldinum, til dæmis er plata sem hefur verið lengi í bígerð væntanleg á árinu og þar kemur netið líka við sögu. „Hugmyndin er að fólk geti fylgst með gerð plötunnar á heimasíðunni og sagt álit sitt á lögunum og hvað það vill heyra. Svo verða þarna líka myndbrot frá ferli Óðmanna og demó-útgáfur af þekktum lögum svo fólk geti áttað sig á hvernig tónlistin þróast.“

JÓHANN G. JÓHANNSSON Fer til Kúbu í tilefni afmælisins en ætlar að fagna deginum með því að opna nýja heimasíðu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fáir tónlistarmenn af kynslóð Jóhanns hafa tileinkað sér netið jafn rækilega og hann en veraldarvefnum kynntist Jóhann fyrst að ráði þegar hann fór í raftónlistarnám í Tónlistarskólanum í Kópavogi árið 1995.

Jóhann segist ekki vera mikið afmælisbarn en hélt þó veglega upp á daginn þegar hann varð fimmtugur. „Þá hélt ég myndlistarsýningu í Gallerí Borg. Mér finnst að þegar þeir sem sýsla við listsköpun standa á tímamótum eigi þeir að bjóða upp á eitthvað af hinu listræna sviði. Núna ákvað ég að stíga einu skrefi lengra og bjóða upp á netið.“ Hann kveðst þó ekki hafa hugmynd um hvernig hann toppi sextugsafmælið þegar hann verður sjötugur. „Ætli ég verði ekki kominn í aðra vídd.“

Slóðin á heimasíðu Jóhanns er johanng.is.

bergsteinn@frettabladid.is

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Ólafur Theódórsson

Esjubraut 19, Akranesi,

andaðist á Landspítalanum Fossvogi mánudaginn 19. febrúar.

Júlía Baldursdóttir
Baldur Ólafsson **Auður Líndal Sigmarsdóttir**
Ellen Ólafsdóttir **Guðjón Theódórsson**
Ragnhildur Í. Ólafsdóttir **Birgir Guðmundsson**
og barnabörn.

†

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Signý Stefánsdóttir

dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri,

lést hinn 19. febrúar 2007. Jarðarför fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 26. febrúar nk. kl. 13.30. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

Heiða Þórðardóttir **Jón Geir Ágústsson**
Signý, Þórður, Margrét, Þórdís, María Sigríður,
Jóhann Heiðar og fjölskyldur.

†

Yndislegi pabbi minn, sonur okkar, bróðir, mágur, frændi og unnusti,

Hlynur Heiðberg Konráðsson

sem lést af slysförum fimmtudaginn 8. febrúar verður jarðsunginn frá Seljakirkju föstudaginn 23. febrúar klukkan 13.

Hugi Snær Hlynsson
Konráð Eggertsson **Jakobína Guðmundsdóttir**
Perla Lund Konráðsdóttir **Högni Hallgrímsson**
Salka Heiður Högnadóttir **Katla Móey Högnadóttir**
Rósa Hjörvar.

Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför

Sverrir Einarsson

Hermann Jónasson

Geir Harðarson

Bryndís Valbjarnardóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: **581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt**
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma **550 5000.**

Bónustilboð í 8. viku 2007
4 ungnautaborgarar
4 hamborgarabrauð
523 KR.
Merkt verð 698 KR.
25% afsláttur við kassann
Ferskur kryddaður
Bónuskjúklingur
EKKERT BRUÐL
Ferskur kjúklingur
kílóverð nú:
479 KR.
Merkt verð 799 KR.
40% afsláttur við kassann
bonus.is
Þetta allt í Bónus!
6 pítubuff
og pítusósa
449 KR.
ungnaut
25% afsláttur við kassann
Frosið KS
lambafille
FROSIÐ LAMBAFILLE
kílóverð nú:
2249 KR.
Merkt verð 2998 KR.
25% afsláttur við kassann
...fyrir góðan dag!
Bónus býður betur!
6 x2 lítrar
699 KR.
Hreint ungnautahakk
verð nú:
1087 KR.
Merkt verð 1449 KR.
Hreint ungnautahakk
Ferskir bitar
Ferskir blandaðir bitar
kílóverð nú:
291 KR.
Merkt verð 530 KR.
PEPSI
Frosnar KS
lambahálsasneiðar
25% afsláttur við kassann
LAMBAHÁLSASNEIÐAR
kílóverð nú:
298 KR.
Merkt verð 399 KR.
...fyrir góðan dag!
45% afsláttur við kassann
Holta-kjúklingur
www.bonus.is
TAX FREE!
Allur fatnaður í Bónus verður lækkaður
um virðisaukaskattinn til 1. mars
EKKERT BRUÐL
Allur fatnaður!
24.5% virðisaukaskatti verður að
sjálfsögðu engu að síður skilað til ríkissjóðs
TAX FREE!

STUÐ MILLI STRÍÐA Eðli battería

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR LEYFIR RAFHLÖÐUNUM AÐ KLÁRAST

Íslendingar eru fljótir að tileinka sér nýjungar, því verður ekki neitað. Heiðbláu fótanuddtækin, flatskjáir, og farsímar, allt var þetta rifið úr örmunum á sölumönnum með því offorsi sem einkennir okkur sem þjóð. Fólk spólaði úr hlaði moldarkofans á Lödu sport og upp í fimm hundruð fermetra einbýlishallir á örskotsstundu, með stuttri viðkomu hjá bílasalanum þar sem Lödunni var skipt út fyrir splunkunýjan Lexus. Þessi hraði getur verið stórskemmtilegur og það er ekki laust við að maður fyllist þjóðarstolti þegar útlendingurinn gapir af undrun yfir hamaganginum. Eins kemur þó að því að maður fyllist þreytu. Og þá má þakka fyrir hvað það er enn þá stutt í sveitastemninguna og fuglasönginn, bæði í árum og kílómetrum.

Ég lagði land undir bíldekk um daginn og keyrði norður á bóginn. Ég þurfti ekki langt að fara fyrr en tölvupósturinn minn (sem var þá óðum að fyllast af ruslpósti, eins og ég uppgötvaði þegar ég sneri aftur) var algerlega gleymdur og grafinn. Skömmu síðar kom ég því ekki alveg fyrir mig hvaða gráa taska þetta var þarna aftur í, þó að ég og innihaldið, heittelskuð fartölvan, hefðum verið óaðskiljanleg í nokkur ár. Þegar síminn hringdi rétt fyrir utan Akureyri kannaðist ég ekkert við hljóðið, og leyfði batteríinu bara að fjara út á næstu dögum. Ég hreyfði ekkert af þessum tólum í fimm daga, og lét eins og ég myndi ekki að hleðslutækin væru öll á sínum stað í skjóðunni minni.

Ég mæli sterklega með slíkri ferð, burt frá pípi og hringitónum og batteríum. Þá gefst manni tími til að hlaða sín eigin. En ég neita því ekki heldur að það var gott að koma heim og skella tánum í heiðblátt fótanudd á meðan ég rúllaði í gegnum ólesin sms. Það er eðli fullra battería að þau þurfa að tæmast.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

TOPP 10 FERMINGARLISTINN

ADEINS 3.643 KR Á MÁNUÐI

1

Örgjörvi	2.13GHz Intel Core 2 Duo E6400 2MB cache, EIST, XD, VT, EM64T
Móðurborð	MSI 965P NEO-F - Core 2 Duo PCI-E 16X, SATA2, 4xDDR2 800
Minni	2GB DDR2 667MHz Corsair Corsair minni með lífstíðarábyrgð
Harðdiskur	320GB WD SE 16MB - SATA II SATA2 300, 7200RPM og 16MB buffer
Skjákort	256MB MSI Geforce7 NX7600GT 1.4GHz DDR3 - PCI-E 16X - Viftulaust
Skrifari	18xDVD±/8xDL skrifari Skrifar og les DVD og CD diska
Hljóðkort	7.1 Dolby Digital DTS EAX2 Frábært hljóðkort í leiki og bíómyndir
Hátalarar	2.1 Creative SBS380 hátalarakerfi 2 öflugir hátalarar og bassabox
Netkort	Gigabit 10/100/1000 Hraðvirkt gigabit netkort
Stýrikerfi	Windows Vista Home Premium Öruggara og öflugra

GLÆSILEG ACE FERMINGAR TÖLVA Í FLOTTUM ÁL TURNI

INTEL CORE 2 DUO
Nýjasta tæknin frá Intel skilar sér í allt að 40% meiri hraða og minni orkuþörf en áður hefur þekkst

MSI ZERO NOISE
Ótrúlega öflugt skjákort sem þó er viftulaust og þar með 100% hljóðlaust með Zero Noise kælitækni

SATA II – 16MB
Ný kynslóð harðdiska frá Western Digital sem eru enn hljóðlátari og allt að 100% hraðvirkari

2.1 HLJÓÐKERFI
Creative SBS380 er glæsilegt og kraftmikið hljóðkerfi með 2 hátölurum og öflugu bassaboxi

WINDOWS VISTA
Tölvan er uppsett með Windows Vista Premium ásamt öllum uppfærslum, tilbúin til notkunar

ÍSLENSKIR STAFIR
Mjög vandað lyklaborð frá Logitech með ábrenndum íslenskum stöfum fylgir tölvunni

VERÐ 129.900

2

FRÁ 2.801 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

Intel Core 2 Duo E6300 • 1GB minni • 250GB harðdiskur • DVD skrifari • 256MB 7300GS skjákort 2.1 hátalarakerfi • Lyklaborð og mús • Windows Vista

VERÐ 99.900

3

FRÁ 2.801 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

Acer 5102WLMi • 1.6Ghz AMD Turion64 X2 1GB minni • 120GB harðdiskur • DVD skrifari 15.4" WXGA • ATI Radeon skjákort • Windows Vista

VERÐ 99.900

4

FRÁ 4.204 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

Acer 5684WLMib • 1.83GHz Intel Core 2 Duo 2GB minni • 160GB harðdiskur • DVD skrifari 15.4" WXGA • GF7600 skjákort • Windows Vista

VERÐ 149.900

5

FRÁ 698 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

19" Acer AL1916C LCD skjár • 1280x1024 upplausn • 700:1 í skerpu • 5ms viðbragðstími VGA tengi • aðeins 5.6kg • silfurlitur

VERÐ 24.900

6

FRÁ 923 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

Acer AL2016W 20" LCD breiðtjaldsskjár 1680x1050 upplausn • 700:1 í skerpu • 4ms viðbragðstími • VGA og DVI tengi

VERÐ 32.900

7

FRÁ 1.119 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

19" Acer 1951CS Gamers Edition Slimline LCD skjár CrystalBrite • 1280X1024 upplausn • 700:1 í skerpu • 4ms • VGA og DVI tengi • 2 hátalarar

VERÐ 39.900

8

FRÁ 224 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

Skrifaðu eða teiknaðu beint inn á tölvuna þína Skrifborð með þrýsti næmum penna sem sendir upplýsingarnar beint inn á tölvuna • 1000dpi.

VERÐ 7.990

9

FRÁ 642 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

500GB My Book er flott fermingargjöf frá Western Digital, geymdu allar ljósmyndirnar, bíómyndirnar og alla tónlistina á einum stað

VERÐ 22.900

10

FRÁ 698 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

Logitech Z-10 er öflugt hátalarakerfi með baklýstum upplýsingaskjá og snertihnöppum. Kerfið skilar frábærum hljómgæðum

VERÐ 24.900

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðuð við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3,5% stimpil og lántöku-gjöld ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 16,75%.

TÖLVULISTINN

Tölvulistinn.	Nóatúni	17	Reykjavík.	☎	414 1700
Tölvulistinn.	Glerárgötu	36	Akureyri.	☎	414 1730
Tölvulistinn.	Hafnargötu	90	Keflavík.	☎	414 1740
Tölvulistinn.	Miðvangi	2-4	Egilsstaðir.	☎	414 1735

NÝTT TÍMARIT – **SAGAN ÖLL!**

Tímaritið **Sagan öll**, sem mun koma út mánaðarlega, fjallar um Íslands- og mannkynssöguna á mjög svo aðgengilegan og skemmtilegan máta. Ritstjóri tímaritsins er **Illugi Jökulsson** sem skrifar greinina **Rostungar í Reykjavík** í þessu fyrsta tölublaði. Í tímaritinu verða íslenskar greinar sem og erlendar auk þess sem í blaðinu verða styttri greinar, fjölmargir fróðleiksmolar, spurningum lesenda svarað, að ógleymdri sögugetrauninni aftast í blaðinu.

Rostungar í Reykjavík.
Fjallað er um nýjar kenningar fræðimanna, sem hingað til hafa ekki farið hátt, um að rostungaveiðar kunni að hafa verið úrslitaþáttur varðandi byggð norrænna manna á Íslandi, og í Reykjavík sérstaklega.

Í grein um **sögu ryksugunnar** er sagt frá því hvernig það þróaðist þetta heimilistæki sem allir taka nú sem sjálfsögðum hlut.

Hið hatramma **Falklandseyjastríð** á milli Argentínumanna og Breta er rifjað upp í máli og myndum.

3 BLÖÐ Á VERÐI TVEGGJA

Í hverju blaði eru föst efnisatriði. Fréttir úr fortíðinni er að finna í **Grafið úr gleymsku**, söguleg mynd segir meira **Þúsund orð**, sögulegir atburðir hvers mánaðar eru skoðaðir í þættinum **Það gerðist**, við skoðum **Fornar ástir**, **Örlagastundin** er í hverju blað, við fjöllum um kvikmyndir, bækur og tölvuleiki **Í stuttu máli** og aftast í blaðinu verður alltaf skemmtileg **Sögugetraun**.

ÁSKRIFTARTILBOÐ

– 3 BLÖÐ Á VERÐI TVEGGJA

1. Þú færð fyrstu 3 blöðin á verði tveggja, sem gerir 1.918 kr. Þetta þýðir **33% afsláttur.**
2. Eftir fyrstu 3 tölublöðin getur þú sagt upp áskriftinni, en kjósir þú að halda áskriftinni áfram færðu blaðið með 20% afslætti, eða á 747 krónur.
3. Til þess að gerast áskrifandi sendir þú tölvupóst á **askrift@birtingur.is**, ferð inn á **www.birtingur.is** eða hringir í síma **515 5555**.



HRINGDU NÚNA
SÍMI 515 5555

Kleópatra var drottning Egiftalands og mikill örlagavaldur í sögu rómverska heimsveldisins. Júlíus Sesar og Markús Antonius voru ástmenn hennar og hún átti sinn þátt í falli þeirra beggja. Að lokum framdi hún sjálfsmorð með því að láta eiturnöðru bíta sig til bana. Hér er sagan öll.

Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur skoðar nýja hlið á hlerunarmálinu. Það lítur út fyrir að innan raða vinstrimanna hafi verið uppljóstrari sem gaf yfirvöldum upplýsingar.



! **Kl. 22.00**
Hljómsveitin Hundur í óskilum heldur tónleika á Domo við Þingholtsstræti. Hljómsveitin er skipuð Eiríki G. Stephensen og Hjörleifi Hjartarsyni. Hljómsveitin hefur starfað óslitið síðan á síðustu öld og spannar tónlist hennar allar nótur tónstigans. Hljómsveitin hefur víða komið við á ferli sínum og hvarvetna vakið lukku.

menning

menning@frettabladid.is

> Ekki missa af …

… afmælistónleikum **Jazzklúbbsins Múlans** annað kvöld en á **Domo** treður upp danski snillingurinn **Alex Riel** ásamt tríói.

… gamanleiknum **Þabbanum** í **Iðnó**. **Bjarni Haukur Þórsson** kryfur foreldrahlutverkið á spaugilegan hátt.

Vegleg Vetrarhátíð

Nú rennur upp Vetrarhátíð í höfuðborginni en viðburður sá hefur fest sig í sessi sem kærkomin tilbreyting í skammdeginu. Þetta er í sjötta sinn sem hátíðin er haldin en að þessu sinni er á henni meginlandsslagsíða því í kvöld hefst einnig franska menningarkynningin Pourqoui pas? Það verður því heimsborgarbragur á dagskránni í ár.



ANNAÐ ÞING Listamaðurinn Andrew Burgess umbreytti alþingishúsinu eftirminnilega á grasrótarhátíðinni Sequences í haust og mun nú endurtaka leikinn.
MYND/ANDREW BURGESS

Setningar hátíðanna tveggja verður á Austurvelli kl. 19.45 í kvöld en á slaginu átta mun franski gjörninga- og tónlistarmaðurinn Michel Moglia leika exótískt forspil hátíðarinnar með tilheyrandi eldglæringum og sjónarspili. Honum til fulltingis verða slagverkspiltarnir í Steintryggi og plötusnúðurinn Gísli Galdur. Síðan tekur við fjölbreytt dagskrá, Vetrarhátíð stendur fram á sunnudag en franska menningarkynningin fram á vorið svo sýnt er að engum þarf að láta sér leiðast á næstunni.

Höfuðborgarstofa skipuleggur Vetrarhátíðina en á í samstarfi við fjölmarga aðila og menningarstofnanir. Til dæmis er morgundagurinn kenndur við Safnanótt þar sem söfn og stofnanir opna dyr sínar fyrir áhugasömum gestum.

Markmið hátíðarinnar er að höfða til sem flestra og því ættu gestir á öllum aldri að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Þannig verður sérstök menningarhátíð eldri borgara í Breiðholti og Heimsdegi barna verður fagnað í Gerðubergi á laugardaginn. Leikskólar í Reykjavík taka virkan þátt í hátíðinni og láta í sér heyra á morgun og í Hinu húsinu verður vegleg dagskrá þar sem listræn ungmenni og upprennandi listamenn láta ljós sitt skína í kvöld.

SJÓNARSPILIÐ SKIPULAGT Franski eldorgelleikarinn Michel Moglia leggur á ráðin með Sigtryggi Baldurssyni.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dans, dans, dans og leiklist líka

Allar listgreinar munu eiga sinn hlut í dagskrá Vetrarhátíðar. Af dansviðburðum má nefna komu hinna mögnuðu belgísku meyja í La Guardia Flamenca sem blandar saman ástríðu flamengódansins og heraga majorettanna en hópurinn kemur fram í Hafnarhúsinu í kvöld. Í næsta nágrenni verður sannkölluð dansveisla á skemmtistaðnum Nasa þar sem nemendur og kennarar Kramhússins sýna takta ásamt frumlegum gestum. Á laugardag heldur Dansleikhús með ekka upp á tíu ára afmæli sitt í Kartöflugeymslunum í Ártúnsbrekku en þar munu líka fleiri listgreinar skjóta rótum um helgina.

Brúðumeistarinn Bernd Ogrodnik bregður á leik með persónur sínar og flytur Pétur og úlfinn í Þjóðleikhúsinu á laugardaginn en sýning sú er einkum ætluð nýbúabörnum.

Myndlistin blómstrar

Af vettvangi myndlistarinnar er vert að geta þess að ófáar sýningar verða opnaðar nú um helgina. Í Ráðhúsinu verður í kvöld opnuð fjölþætt sýning helguð íslensku myrkri og annað kvöld endurtekur myndlistarmaðurinn Andrew Burgess umbreytingu sína á alþingishúsinu og gæðir það nýju lífi með ljósum og myndvörpun. Þá opnar ljósmyndasýning franska listamannsins Etienne de France í Listasafni ASÍ á föstudagskvöldið en samlandar hans sýna einnig ljósmyndir í Grófarhúsinu. Í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur sýnir hinn heimsþekkti Pierre Huyghe verk sín en öll þessi söfn verða aukinheldur með fjölbreytta dagskrá alla helgina.

Tónar og ferðalög

Tónlistin skipar stóran sess en meðal hátinda hennar verða tónleikar Hlaupanótunnar í Hafnarhúsinu á föstudagskvöld þar sem boðið verður upp á bræðing af því nýjasta í íslensku tónlistarlífi. Organistar leika undir frönskum áhrifum í Dómkirkjunni í kvöld sem og Tríó Björns Thoroddsen á Kjarvalsstöðum á morgun. Í kvöld syngur líka Bjargræðiskvartettinn í Fríkirkjunni og hörpuleikarinn Marion Herrera kynnir franskar perlur í Iðnó. Þá verða skammdegistónleikar í Söngskólanum í Reykjavík á laugardag og vegleg dagskrá í Ráðhúsinu sem eldri borgarar standa fyrir. Vetrarhátíð lýkur síðan með tónleikum frönsku hljómsveitarinnar Dionysos sem leiðir hlustandann í undursamlegt ferðalag með frumlegri blöndu af poppi og þjóðlagarokki. Tónleikar þeirra verða í Hafnarhúsinu kl. 22 á laugardagskvöld.

Dagskrá Vetrarhátíðar má nálgast á heimasíðunni www.vetrarhatid.is en síðan er um að gera að vera sem mest á ferli þessa fjóra daga því það er aldrei að vita á hvað eða hvern má rekast næstu daga.

kristrun@frettabladid.is

Útnefndur listamaður ársins

Bragi Ásgeirsson var nýlega útnefndur Myndlistarmaður ársins 2007 hjá Grafíkvinum og Íslenskri grafík.

Bragi er einn virtasti listmálari þjóðarinnar og hafa skrif hans um listir og fagurfræði auðgað margan anda. Bragi Ásgeirsson er jafnframt heiðursfélagi í Íslenskri grafík.

Verk Braga „Skuggar ástarinnar“ er litografíuverk sem þrykkt er á Hahnemühle-pappír. Kynning á verkinu fer fram í Grafíksafni Íslands á Safnanótt annað kvöld milli kl. 19-24 og er það framlag safnsins til Vetrarhátíðar í Reykjavík. Verkið verður prentað í hundrað eintökum og verður til sölu í safninu.

BRAGI ÁSGEIRSSON Myndlistarmaður ársins 2007 hjá Íslenskri grafík.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

19 20 21 **22** 23 24 25

Fimmtudagur

FYRIRLESTRAR

☐ 20.00 Rannsóknarkvöld **Félags íslenskra fræða** í húsi **Sögufélagsins** við Fishcersund. **Theódóra A. Torfadóttir** málfræðingur flytur erindi sem hún nefnir: Hömlur á notkun vera að í íslensku.

SAMKOMUR

☐ 17.15 **Bókasafn Kópavogs** stendur fyrir erindaröð um **Furður** á komandi fimmtudögum. Með yfirskriftinni er átt við ýmis dularfull fyrirbæri sem ekki hefur tekist að finna neina tæknilega skýringu á. Sumir trúa á tilvist þessara fyrirbæra, aðrir ekki eins og gengur. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill, en æskilegt er að börn séu í fylgd með fullorðnum. Í dag ræðir **Magnús Skarphéðinsson** um **fljúgandi furðuhluti** og geimverur. Hann sýnir myndir og vídeómyndir sem náðst hafa víða um jörð.

UPPÁKOMUR

☐ 21.15 Aðstandendur leikritsins **Dagur vonar** eftir **Birgi Sigurðsson** sem nú er sýnt hjá **Leikfélagi Reykjavíkur** ræða um verkið við gesti **Kringlusafns**.

☐ 22.00 Söngdeild **TFÍH** sýnir tónleikauppfærslu á söngleiknum **We Will Rock You** eftir hljómsveitina **Queen** og **Ben Elton**. Í uppfærslunni er 11 manna kór og 7 sólóistar ásamt 7 manna hljómsveit sem er skipuð kennurum og nemendum skólans. **Vignir Þór Stefánsson** er tónlistarstjóri en framkvæmd og uppfærslan er í höndum kennara söngdeildarinnar. Sýningar fara fram í hátíðarsal FÍH að Rauðagerði 27.

SÝNINGAR

☐ 09.00 Í Hallgrímskirkju stendur yfir sýningin **Mynd mín af Hallgrími** þar sem 28 íslenskir listamenn sýna andlitsmyndir sínar af **sálmaskáldinu**. Sýningarstjóri er Jón **Reykdal** en **Listvinafélag** kirkjunnar stendur fyrir henni.

☐ 10.00 í **Listasafni Reykjavíkur** á **Kjarvalsstöðum** stendur fyrir sýningin **K-þátturinn - Málarinn Jóhannes S. Kjarval** en þar leitast sýningarstjórinn **Einar Garibaldi Eiríksson** við að svipta hulunni af goðsögninni Kjarval og hleypa áhorfandanum beint að verkum hans. Á morgun kl. 15 tekur sýningarstjórinn þátt í spjalli við gesti um sýninguna. Á sama stað gefur einnig að líta sýninguna **Foss** þar sem fjórir listamenn kanna tengsl listar og náttúru.

☐ 11.00 Sýningin **Frelsun litarins/ Regard Fauve** í Listasafni Íslands geymir verk frönsku expressjónistanna frá upphafi 20. aldar. Sýningin kemur frá Musée des beaux-arts í Bordeaux í Frakklandi, 52 verk eftir þrettán listamenn, þar á meðal meistarana **Renoir** og **Matisse**. Sýningunni lýkur um næstu helgi.

☐ 12.00 Árleg ljósmyndasýning **Blaðaljósmyndarafélags Íslands** stendur yfir í **Gerðarsafni** í **Kópavogi**. Á sama stað má sjá sérstaka sýningu á ljósmyndum sex ljósmyndara sem ber yfirskriftina Kárahnjúkar.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

NOTES ON A SCANDAL

ALPHA DOG

> Gott gláp

ALPHA DOG
Vel leikin og forvitnileg mynd um útúrdópuð ungmenni á glapstigum.

NOTES ON A SCANDAL
Judi Dench og Cate Blanchett fara á kostum í þrælspennandi mynd sem vekur upp áleitnar spurningar.

bíó

bio@frettabladid.is

KVIKMYNDANJÖRÐURINN: CURVER THORODDSEN

Aldrei séð lengra ælуatriði

Hvaða mynd sástu síðast í bíó? Apocalypto eftir Mel Gibson. Mér finnst hún ágæt, skemmtileg umgjörð og mikil keyrsla en söguþráðurinn aðeins of einfaldur. Mel Gibson er með flottar pælingar.
Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi? Team America: World Police. Ég hafði ekki séð hana áður en fannst hún fyndin, skemmtileg ádeilumynd – flottasta og lengsta ælуatriði sem ég hef séð. Ég er annars alveg dottinn í Arrested Development þættina, þeir eru frábærir.
Hvaða kvikmynd hefur haft mest áhrif á þig? Það er eitthvað frá unglingsárunum, Weird Science og svoleiðis rugl. Ég sá The Burbs með Tom Hanks um daginn og það rann upp fyrir mér að ég hef notað ófáa frasa úr þeirri mynd undanfarin ár. Ótrúlegt hvað unglingamyndir geta haft mikil áhrif á mann.
Hefur þú grátið í bíó? Já, ég man ekki í svipinn yfir hverju en það kemur alveg fyrir.
Uppáhalds íslenska persónan: Brjánsi Sýra í Sódóma Reykjavík. Fyndinn og ýktur karakter.
Mesta kvikmyndastjarna allra tíma: Marilyn Monroe. Enginn kemst með tærnar þar sem hún hafði hælana.
Mesta hetja hvíta tjaldsins: John McClaine úr Die Hard myndunum er auðvitað frábær.
Mesti skúrkurinn: Mads Mikkelsen er flottur í nýjustu James Bond myndinni. Ekki of ýktur þótt hann gráti blóði.
Hver er versta kvikmynd sem þú hefur séð? Nei er ekkert svar. Hún var svo rosalega léleg að í miðri myndinni þegar sést í bómumíkrafón var það ekki einu sinni fyndið, bara ömurlegt. Ég var statisti í þessari mynd og þeim tókst meira að segja að klúðra nafninu mínu í kreditlistanum.
Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér? Marilyn Monroe myndi vitaskuld leika gelluna og Adam Sandler besta vin minn. Leikstjóri er David Lynch og guð má því vita um hvað hún fjallar.

ÚR LAST KING OF SCOTLAND Í myndinni er raunverulegum atburðum blandað saman við skáldskap en sú mynd sem dregin er upp af Amin þykir raunsönn.

Nærmynd af harðstjóra

Kvikmyndin Last King of Scotland verður frumsýnd í kvikmyndahúsum hérlendis á föstudag. Myndin er byggð á samnefndri bók Giles Foden þar sem raunverulegum atburðum og skáldskap er blandað saman.

Myndin fjallar um skoska lækninn Nicholas Garrison sem heldur á vit ævintýranna í Úganda árið 1971, rétt eftir að hershöfðinginn Idi Amin kemst til valda. Amin ræður Garrison í sína þjónustu og gerir hann að sínum nánasta ráðgjafa í stjórn landsins. Í fyrstu líkar læknirinn vel í vistinni hjá hinum litríka Amin og sjarmerandi á sinn sérstaka hátt. Brátt sýnir harðstjórinn þó sitt rétta andlit og Garrison kemst að því að hann er í raun fangi hershöfðingjans og er alls ekki öruggur um að sleppa lifandi burt.

Forest Whitaker þykir sýna stórleik í hlutverki Amin, hefur þegar unnið til fjölda verðlauna fyrir frammistöðu sína og er tilnefndur til Óskarsverðlauna, sem verða afhent á sunnudag. Með hlutverki Garrison fer James McAvoy en leikstjórn er í höndum Kevins McDonald, sem vakti athygli fyrir hina leiknu heimildarmynd Touching the Void.

Fjölbreyttur Fjalaköttur

Hinn endurreisti kvikmyndaklúbbur Fjalakötturinn hefur sýningar í Tjarnarbíói á sunnudag. Alls verða 30 myndir, nýjar og gamlar, á dagskrá fram á vor og að sögn Hrannar Marinósdóttur verður fjölbreytnin í fyrirrúmi.

Hinn endurreisti kvikmyndaklúbbur Fjalakötturinn hefur sýningar í Tjarnarbíói á sunnudag. Alls verða 30 myndir, nýjar og gamlar, á dagskrá fram á vor og að sögn Hrannar Marinósdóttur verður fjölbreytnin í fyrirrúmi. „Við ætlum að bjóða upp á allt annan vinkil en íslenskir bíógestir hafa átt að venjast í langan tíma, og kynna til leiks ólíka strauma og stefnur," segir Hrönn um Fjalaköttinn. Á dagskrá klúbbsins kennir líka sannarlega ýmissa grasa þar sem lykillinn er sambland af gömlu og nýju. „Við sýnum til dæmis kínverska myndina Still Life, sem fjallar um stíflugerð á Yangtze-fljóti, en hún hefur farið sigurför um heiminn og vann meðal annars aðalverðlaunin á kvikmyndahátíðinni í Feynejum í fyrra. Þá sýnum við myndirnar þrjár sem James Dean lék í áður en hann lést langt fyrir aldur fram, auk nýrrar heimildarmyndar um hann," segir Hrönn.

Þýskri kvikmyndagerð, sem er í mikilli uppsveiflu um þessar mundir, verður gerð skil, sem og rússneskri, til dæmis verður Trönurnar fljúga eftir Andrei Tarkovsky sýnd. Í samstarfi við frönsku menningarhátíðina Pourquoi Pas? verða sýndar nokkrar myndir eftir franska heimildargerðarmanninn Raymond Depardon, sem margir telja fremstan á sínu sviði í Frakklandi í dag. Síðast en ekki síst verður boðið upp á nokkrar ljósbláar, japanskar myndir frá áttunda áratugnum. „Sagan á bakvið þær er forvitnileg því á þessi skeiði í japanskri kvikmyndagerð fengu þær myndir helst styrk sem voru kryddaðar með erótísku ívafi og við ætlum að sýna þrjár bestu myndir leikstjóra að nafni Tatsumi Kumashiro."

Hrönn segir að markmið Fjalakattarins sé að endurreisa þá kvikmyndaklúbbamenningu sem eitt sinn var svo frjó hér á landi og er vongóð á að það takist. „Ég held að margir hafi beðið eftir að einhver svona starfsemi myndi hefjast aftur. Ég held að ástæðan fyrir því að kvikmyndaklúbbarnir lögðust af á sínum tíma hafi verið sú að kvikmyndamenning varð svo markaðstengd. Þetta eru ekki þungar myndir eða tormeltar, heldur gaman- og spennumyndir og dramatík. Eini munurinn er sá að þessar myndir eru ekki frá draumaverksmiðjunni Hollywood."

Nánari upplýsingar um dagskrá Fjalakattarins má finna á heimasíðunni filmfest.is.

HRÖNN MARINÓSDÓTTIR Markmið Fjalakattarins er að endurreisa þá kvikmyndaklúbbamenningu sem eitt sinn var svo frjó hér á landi.

Dulmögnuð tala

Spennutryllirinn The Number 23 með Jim Carrey í aðalhlutverki verður frumsýnd í kvikmyndahúsum hér á landi annað kvöld, á sama tíma og í Bandaríkjunum.

Myndin fjallar um fjölskylduföðurinn Walter Sparrow sem lífið virðist leika við. Dag einn gefur eiginkona hans honum reyfara sem Sparrow verður heltekinn af. Bókin fjallar um spæjarann Fingerling og þótt um morðgátu sé að ræða endurspeglar hún vissa þætti í lífi Sparrows sem er sannfærður um að sagan fjalli í raun og veru um hann. Bókin lifnar við í huga Sparrows og rétt eins og Fingerling verður hann heltekinn af tölunni 23 og viss um að hún sé kynngimögnuð. Brátt fer bókin að stjórna lífi Sparrows sem sér töluna 23 í hverju horni og fer að trúa að rétt eins og spæjarinn í sögunni eigi hann eftir að fremja morð. Hann sér fyrir sér dauða eiginkonu sinnar og sonar og ákveður að taka málin í eigin hendur áður en það verður um seinan.

Jim Carrey byggði feril sinn lengst framan af á gamanmyndum en hefur í seinni tíð einnig leikið í dramatískari myndum á borð við The Truman Show og Man on the Moon. The Number 23 er hins vegar fyrsta spennumyndin sem hann leikur í. Virgina Madsen leikur eiginkonu hans, en hún var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir frammistöðu sína í Sideways um árið, en leikstjóri er hinn þrautreyndi Joel Schumacher.



ÚR THE NUMBER 23 Jim Carrey hefur fram að þessu einbeitt sér að gamanleik og dramatískum verkum en söðlar nú um og leikur í spennutrylli.

Upphafsár CIA

Stórleikarinn Robert DeNiro fer aftur fyrir myndavélina og sest í leikstjórastól í hinni stjörnum prýddu kvikmynd The Good Sheperd sem frumsýnd verður hér á landi á annað kvöld.

Myndin byggir á raunverulegum atburðum og fjallar um upphaf og stofnun bandarísku leyniþjónustunnar. Atburðarásinni er lýst frá sjónarhóli Edward Wilson, miklum föðurlandsvini sem er hneigður til leyndar og ráðinn til starfa hjá forvera leyniþjónustunnar í síðari heimsstyrjöld. Starf hans á ekki aðeins eftir að hafa mikil áhrif á hans einkahagi heldur móta þá tíma sem í hönd eru, þegar kalda stríðið er að hefjast. Wilson tekur þátt í að stofna öflugustu leyniþjónustu í heimi þrátt fyrir mikinn fórnarkostnað, þar sem hjónaband hans og fjölskyldulíf eru í hættu.

Valinn maður er í hverju rúmi; Matt Damon leikur aðalhlutverkið og er studdur leikurum á borð við Angelinu Jolie, Alec Baldwin, Billy Crudup, Michael Gambon, William Hurt og Joe Turturro.

ÚR THE GOOD SHEPARD Matt Damon leikur einn af þeim sem tóku þátt í að móta bandarísku leyniþjónustuna í byrjun kalda stríðsins.

Reykjavíkurborg

Spennandi og viðburðarík

Safnanótt

í boði SPRON

Safnanótt, einn af hápunktum Vetrarhátíðar í Reykjavík, er á morgun. Tuttugu og fjögur söfn í Reykjavík verða með fjölbreytta dagskrá frá kl. 19 til miðnættis og aðgangur er ókeypis.

SPRON Skólavörðustíg er opinn á Safnanótt – skúlptúrsýning og æðislegur flamenco-dans.

Safnastrætó ekur gestum frítt á milli safnanna á 20 mínútna fresti. Fyrsti vagn fer frá Þjóðminjasafni kl. 19:00.

Þú gætir séð Mónu Lísu!

Taktu þátt í safnanæturleik og þú getur unnið ferð fyrir tvo til Parísar ásamt aðgöngumiðum að hinu glæsilega listasafni Louvre og 100.000 kr. í ferðagjaldeyri frá SPRON.

Dagskrána í heild og lista yfir söfn er að finna á **vetrarhatid.is**

spron

GLITNIR

ónustuveri í síma 440 4000 eða á **www.glitnir.is.**

fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

JAMES BROWN Sálargoðsögnin lést á jóladag, 73 ára að aldri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jarðarför samþykkt

Sex börn tónlistarmannsins James Brown, sem eru öll komin á fullorðinsár, hafa komist að samkomulagi við ekkju hans, Tomi Raye Hynie, um hvar eigi að jarða hann.

Jarðarförin mun líklega fara fram á næstu dögum. Ekki verður greint opinberlega frá staðsetningunni að ósk barna Browns.

Soul-goðsögnin lést á jóladag, 73 ára að aldri. Deilur hafa staðið yfir á milli Hynie og barnanna um erfðaskrá Browns og hvar eigi að jarða hann.

Britney Spears komin á botninn

Fjölskylda og vinir popp-prinsessunnar Britney Spears sjá fram á bjarta og betri tíð hjá söngkonunni eftir að hún innritaði sig á meðferðarheimili í Malibu á þriðjudagskvöldið.

KALLAÐ EFTIR HJÁLP Krúnurökun Britney hefur vakið heimsathygli og söngkonan lét loksins undan þrýstingi frá fjölskyldunni og skráði sig í meðferð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hegðun Britney Spears hefur vakið heimsathygli undanfarið enda er hún ein frægasta tónlistarkona sinnar kynslóðar. Söngkonan hefur verið í slúðurblöðunum upp á dag hvern fyrir drykkjuvenjur sínar og vandræðalega hegðan á opinberum stöðum. Steininn tók væntanlega úr þegar Spears mætti á hárgreiðslustofu í miðborg Los Angeles, rakaði af sér allt hárið og bætti síðan um betur á húðflúrunarstofu skammt frá með því að láta skreyta á sér hnakkann og úlnliðinn.

Samkvæmt vefsíðunni TMZ.com og glanstímaritinu People fór Spears sjálfviljug í meðferð en ekki er liðin vika síðan hún reyndi fyrst að hætta ólifnaðinum. Aðrir vefmiðlar greina frá því að fyrrverandi kærasti Britney, Justin Timberlake, hafi keyrt til Englaborgarinnar og reynt að tala um fyrir henni. „Ef einhver getur komið fyrir hana vitinu þá er það Justin," var haft eftir einum heimildarmanni tímaritsins More. Vandræði Spears hófust fyrir alvöru í nóvember á síðasta ári þegar hún sótti um skilnað frá eiginmanni sínum, Kevin Federline. Aðdáendur söngkonunnar gerðu sér vonir um að skilnaðurinn myndi hleypa nýju lífi í feril Spears enda hefur þeim ætíð verið í nöp við dansarann. Britney hóf að stunda skemmtanalífið heldur ótæpilega með partíljónum á borð við Paris Hilton og Lindsay Lohan. Þetta var langur vegur frá hegðun þeirrar ljóshærðu hnátu sem söng sig inn í hug og hjörtu heimsbyggðarinnar með laginu Baby One More Time 1998.

UPPHAF VANDRÆÐANNA Eftir að Spears skildi við Kevin Federline hefur leiðin legið beina leið niður.

Spears féll síðan kylliflöt fyrir Justin Timberlake en samband þeirra varð ekki langlíft og kvaddi söngvarinn spúsu sína með harmrænum tónum lagsins Cry Me a River þar sem hann sakaði Britney um framhjáhald.

Söngkonan hefur margoft komið sér á forsíður slúðurblaðanna og þá ekki bara fyrir nokkra drykki á skemmtistöðum. Á MTV-hátíðinni 2003 kyssti hún Madonnu heldur innilegum kossi í opnunaratriðinu þannig að siðprúðar húsmæður í Bandaríkjunum supu hveljur. Árið 2004 kom Spears heimsbyggðinni aftur í opna skjöldu þegar hún giftist æskuvini sínum Jason Alexander í Las Vegas en hjónabandið stóð einungis yfir í 55 klukkustundir. „Ég vildi bara sjá hvernig það væri að vera gift," var útskýring Spears. Ári síðar var hún trúlofuð Kevin Federline en þau höfðu einungis verið saman í þrjá mánuði. Söngkonan á með honum tvö börn en fjölmiðlar hafa lengi vel efast um hæfni Spears sem móður og þá ekki síst eftir að hún sást keyra með soninn Sean Preston í kjöltu sinni. Talið er að Spears afsali forræði sínu yfir strákunum tveimur til móður sinnar á meðan hún nær aftur fótfestu. Þetta gerir hún til að tapa ekki forræðisdeilu sinni og K-Fed sem nú stendur yfir.

KLÚÐUR Justin Timberlake kom Britney til hjálpar og beindi henni inn á rétta braut eftir vafasama hegðan að undanförnu.

NASA
Gamanleikritið
BAR PAR
–eftir Jim Cartwright
UPPSELT
FRUMSÝNING:
FÖS. 23. FEB. KL. 20
2. SÝN. SUN. 25. FEB.
STÓRDANSLEIKUR
SÁLIN
ÁKI PAIN HITAR UPP
FORSALA MIÐA Á NASA
FÖSTUD. 23. FEB. FRÁ KL. 13-17
HÚSIÐ OPNAR KL. 24.00
MIÐAVERÐ 1900 KR.
ALDURSTAKMARK 20 ÁRA
NASA.IS
RADAR

Bubbi trekkir í Hæstarétti

Bubbi Morthens, rokkkóngur Íslands, var í gær staddur niðri í Hæstarétti þar sem var verið að flytja mál hans á hendur tímaritinu Hér og nú, ritstjóra þess, Garðari Erni Úlfarssyni, og útgefandanum, 365 prentmiðlum.

Bubbi fer fram á 20 milljónir vegna fyrirsagnar á forsíðu tímaritsins þar sem sagði „Bubbi fallinn", myndar sem birtist á forsíðunni þar sem gat að líta Bubba í bíl sínum á götu í Reykjavík og myndaraðar inni í tímaritinu. Þar sat Bubbi í bílnum og var með sígarettu í munni. Í héraði voru Bubba dæmdar 700 þúsund krónur miskabætur vegna þess skaða sem hann telur sig hafa orðið fyrir auk málskostnaðar en málinu var áfrýjað.

Í Hæstarétti í gær var troðfullur salur áhorfenda. Fór þar mest fyrir laganemum en málið var prófmál bæði lögmanns Bubba, Sigríðar Rutar Júlíusdóttur, sem og verjanda í málinu, Gísla Hall. Þegar málflutningi var lokið og dómararnir fimm horfnir að tjaldabaki þrammaði niður á mitt gólf Jónas dómvörður Marteinsson og ávarpaði áhorfendur. Þakkaði hann laganemum fyrir hversu prúð og háttvís þau hefðu verið í sal – skóla sínum til sóma. Hann lagði þá til að viðstaddir myndu klappa duglega fyrir lögmönnum sem þarna voru að flytja prófmál bæði tvö.

Mest mega líða fjórar vikur þar til dómar eru kveðnir upp frá því að mál eru munnlega flutt. Þeir eru einungis kveðnir upp á fimmtudögum og þá klukkan fjögur. - jbg

BUBBI MORTHENS Troðfullur salur þegar mál hans á hendur tímaritinu Hér og nú var flutt í Hæstarétti í gær.

NÝJUSTU MYNDIRNAR

*EF MYNDIRNAR THE DEPARTED EÐA THE DEVIL WEARS PRADA ERU EKKI INNI Þ Á FÆRÐU HANA FRÍA TIL ÚTLEIGU Í EINN SÓLARHRING NÆST Þ EGAR Þ Ú KEMUR GEGN FRAMVÍSUN "100%" KORTS. GILDIR Í EINN MÁNUÐ FRÁ AUGLÝSINGU OG AÐEINS Á Þ EIM SÖLUSTAÐ Þ AR SEM MYNDIN VAR EKKI INNI.

VIDEOHÖLLIN
Á þínu bandi

BÓNUSVÍDEÓ
Leigan í þínu hverfi

FRÉTTIR AF FÓLKI

Sjúkrahús í Kaliforníu og fyrrum konungur poppsins, **Michael Jackson**, hafa verið ákærð fyrir að eiga þátt í dauða konu sem þar lá fyrir tveimur árum. Hin 73 ára Manuela Gomez Ruiz var í febrúar árið 2005 flutt úr gjörgæslu til að rýma til fyrir Jackson sem var lagður inn með flensu. Að sögn fjölskyldu Ruiz var hún alvarlega veik þegar hún var flutt og fékk hún sitt annað hjartaáfall skömmu síðar.



Bjó til forrit sem finnur uppáhaldstónlist fólks

Hjalti Jakobsson sendi frá sér tölvuforritið Peel í byrjun mánaðar. Hann segir megintilgang þess vera að finna nýja tónlist og kynna hana fyrir notendum.

HJALTI JAKOBSSON Maðurinn að baki Peel kveðst vera tónlistar- og tölvunörd í einum pakka. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

„Á undanförnum tveimur, þremur árum hefur mp3-blogg orðið að ákveðnum kúltúr. Þar er fólk að skrifa um tónlist, og setja inn lög eða tengja í lög á heimasíðum hljómsveita. Það sem ég gerði með forritinu mínu er að taka þetta allt saman, svo það sé aðgengilegt á einum stað," sagði Hjalti. Hann stundar nám í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík, og kveðst vera tölvu- og tónlistarnörd í einum pakka.

„Ég er rosalegur tónlistarnörd og var farinn að pirra mig á því hvað ég eyddi miklum tíma í að flakka á milli svona tónlistarblogga til að fylgjast með nýjungum. Inni í forritinu gerist maður áskrifandi að bloggunum, og svo sér forritið sjálft um að fylgjast með nýjungum og finna lögin," útskýrði Hjalti. „Forritið lætur þig vita, nánast eins og póstforrit, þegar það eru komin inn ný lög sem þú átt eftir að hlusta á. Svo ýtirðu bara á play og það spilar lögin, bara eins og önnur tónlistarforrit," bætti hann við.

Með því að ýta á einn hnapp geta notendur Peel jafnframt lesið sér til um lögin, eða hlaðið þeim inn í tónlistarforrit á borð við iTunes. Þegar forritið er sótt er þar þegar að finna nokkur mp3-blogg, en notendur geta auðveldlega bætt við og hent út. „Það eru til svo mörg og ólík blogg, maður getur bara sett það inn sem maður hefur mestan áhuga á," sagði Hjalti. Peel er eingöngu til handa Macintosh-notendum að svo stöddu, en Hjalti segir útgáfu fyrir PC-notendur vera í burðarliðnum.

„Eins og er er forritið í ókeypis prufu á netinu, það er hægt að sækja það á getpeel.com," sagði Hjalti. „En það eru einhverjir smá hnökrar á þessu og lokaútgáfan er væntanleg eftir svona einn, tvo mánuði. Þá sel ég það kannski á svona þúsundkall," sagði Hjalti, sem hefur nú þegar fengið góð viðbrögð frá notendum. „Já, þessu virðist vera mjög vel tekið. Ég er búinn að sjá tvær greinar á Wired og aðeins af viðbrögðum á bloggum," sagði hann kátur. Nafn forritsins vísar aftur í áhuga Hjalta á tónlist. „Peel þýðir náttúrlega að taka utan af einhverju, og komast þannig að einhverju nýju. Og svo er það líka smá skírskotun í útvarpsmanninn fræga John Peel. Þetta er svona aðeins til heiðurs honum," sagði hann.

sunna@frettabladid.is

Q bar kemur út úr skápnum

Q bar kemur formlega út úr skápnum í kvöld, þegar nýjar áherslur í rekstri staðarins verða kynntar. „Við erum að fara að innleiða meiri partí- og stuðstemningu, í staðinn fyrir þá afslöppuðu stemningu sem hefur ríkt hérna. Með því erum við líka að stíla inn á samkynhneigða hópa, þó að staðurinn sé ekki eingöngu fyrir þá," sagði Óli Hjörtur Ólafsson, nýr rekstrarstjóri Q bar. „Markhópurinn verður samkynhneigðir, en auðvitað eru allir velkomnir. Við viljum bara fá alla og búa til eitt stórt partí," sagði hann.

Óli hefur unnið hörðum höndum að því að veita staðnum smávægilega andlitslyftingu síðustu daga. „Við erum búin að setja upp alveg rosalega flott plötusnúðabúr, og ég er ekki frá því að plötusnúðarnir eigi eftir að slást um að fá að spila hérna," sagði hann kátur. „Svo hafa Ásgrímur Már Friðriksson og Haffi Haff líka lagt hönd á plóginn, og Ási bjó meðal annars til listaverk á speglana fyrir mig," bætti hann við. Óli segist finna fyrir gríðarlegri eftirvæntingu og eftirspurn eftir stað á borð við hinn nýja Q bar. „Það vantaði hreinlega klúbb fyrir samkynhneigða, og hefur vantað mjög lengi. Ég hef fundið fyrir alveg gríðarlegri eftirspurn, og við erum að svara henni," sagði Óli. Hann kveðst ábyrgjast að mikið verði um dýrðir í opnunarpartíinu, sem hefst klukkan níu í kvöld. „Kitty, sem hefur séð um nineties-kvöldin ásamt Curver, mun ýta þessu úr vör. Svo verða Natalie og Gísli Galdur hérna annað kvöld, og leynigestur á laugardaginn," sagði hann. „En ég ítreka að það eru allir velkomnir á Q bar og við viljum sjá sem flesta í kvöld. Hér eru öll dýrin í skóginum vinir," bætti hann við.

EFTIRSPURNIN GRÍÐARLEG Rekstrarstjóri Q bar, Óli Hjörtur Ólafsson, segist finna fyrir mikilli eftirvæntingu og eftirspurn eftir stað á borð við Q bar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

- sun







Háskólabíó

LETTERS FROM IWO JIMA	kl. 6 - 9	B.i.16	BLOOD DIAMOND	kl. 6 - 9	B.i.16
PERFUME	kl. 6 - 9	B.i.12	BABEL	kl. 9:30	B.i.16
DREAMGIRLS	kl. 6 - 9	B.i.7	FORELDRAR	kl. 7:50	
			STRANGER THAN ...	kl. 5:50	Leyfð

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

HANNIBAL RISING	kl. 5:40 - 8 - 10:30	B.i.16	BLOOD DIAMOND	kl. 5 - 8 - 10:40	B.i.16
HANNIBAL RISING VIP	kl. 5:40 - 8 - 10:30		BABEL	kl. 8	B.i.16
ALPHA DOG	kl. 8 - 10:30	B.i.16	FORELDRAR	kl. 6	Leyfð
PERFUME	kl. 5 - 8 - 10:40	B.i.12	VEFURINN HEN... M/- Ísl tal	kl. 3:40 - 5:50	Leyfð
MAN OF THE YEAR	kl. 10:30	B.i.7	FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal.	kl. 3:40	Leyfð

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

GHOST RIDER	kl. 5:40 - 8 - 10:30	B.i.12	
HANNIBAL RISING	kl. 5:40 - 8 - 10:30	B.i.16	
ALPHA DOG	kl. 8 - 10:30	B.i.16	
CHARLOTTE´S WEB Ensk tal	kl. 5:50	Leyfð	DIGITAL

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

ALPHA DOG	kl. 8 - 10:20	B.i. 16
ROCKY BALBOA	kl. 8 - 10:20	B.i. 12

Skráðu þig á SAMbio.is

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

HANNIBAL RISING	kl 8 - 10:10	B.i. 16
MAN OF THE YEAR	kl 8 - 10	B.i.7
VEFURINN HEN... M/- Ísl tal	kl. 6	Leyfð
FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal	kl. 6	Leyfð

www.SAMbio.is | 575 8900 | www.SAMbio.is

Nær ekki alla leið

TÓNLIST

Eulogy for Evolution

Ólafur Arnalds

★★★

Mínímalískt tónverk sem hefur að geyma mörg furðu heillandi stef. Vantar þó á nokkrum stöðum almennilegan punkt yfir i-ið.

Góðar plötur með klassískri tónlist frá tónlistarmönnum sem áður reru á önnur mið hafa vakið lukku hér á klakanum að undanförnu. Nægir þar að nefna Jóhann Jóhannsson, Lost in Hildurness (Hildur Guðnadóttir úr múm og Stórsveit Nix Noltes) og Barða Jóhannsson. Nýjasta viðbótin er hinn ungi og efnilegi Ólafur Arnalds sem meðal annars hefur unnið mikið með Þóri, til dæmis með honum í sveitinni Fighting Shit.

Eulogy for Evolution hefst á tregafullum strengjum sem gefa tóninn um það sem koma skal. Í kjölfarið fylgir einfalt píanóspil og má segja að hér sé komið meginstef plötunnar; fallegir og drama-tískir strengir sem fléttast við mínímalíska og brothættan píanóundirleik. Greinilegt að Ólafur hefur leitað í smiðjur annarra mínímalískra tónskálda á borð við Arvo Pärt, Philip Glass og Henryk Górecki.

Platan skiptist í nokkra hluta en spilast þó sem ein heild. Ólafur sýnir og sannar á plötunni að hann er efnilegur tónlistarmaður og hefur yfir miklum hæfileikum að ráða enda semur hann öll lögin, útsetur þau og vinnur. Lagasmíðarnar eiga þó vafalítið eftir að þróast og oft finnst manni eins og Ólafur sé ekki að fara alla leið. Nokkur stef hans byrja undurfallega, byggjast síðan hægt upp en dempast síðan niður og fölna. Heildarútkoman hefur þó að geyma töluvert fleiri plúsa en mínusa.

Undir lokin tekur platan hins vegar óvænta stefnu og allt í einu byrja lostafullar trommur að hljóma, svolítið í anda japönsku sveitarinnar Mono og einnig Explosions in the Sky. Lokamínúturnar innihalda einnig dynjandi rafmagnsgítar. Furðulegt skref hjá Ólafi og í raun illskiljanlegt. Eins og verið sé að brjóta upp formið eingöngu til þess að brjóta upp formið. Virkar ekki alveg nógu vel og er í raun hálf tilgangslaust en þó nokkuð athyglisvert. Platan í heild sinni er samt hin fínasta frumraun og innst inni vona ég og er nærri því viss um að Ólafur eigi meira inni, sem er alltaf gott fyrir tónlistarmenn.

Steinþór Helgi Arnsteinsson

Upptökur í Wales

JAKOBÍNARÍNA Hljómsveitin Jakobínarína lýkur tónleikaferð sinni um Bretland í kvöld.

Upptökum á fyrstu plötu hafnfirsku hljómsveitarinnar Jakobínarínu er að ljúka. Aðeins á eftir að taka upp eitt lag og eftir það á eingöngu eftir að leggja lokahönd á plötuna sjálfa. Stefnt er að útgáfu í maí.

Sveitin hefur verið á tónleikaferðalagi um Bretland að undanförnu og lýkur henni í kvöld með tónleikum á The Buffalo Bar í London. „Það hefur gengið ágætlega," segir söngvarinn Gunnar Ragnarsson um tónleikaferðina. „Við vorum í janúar að taka upp plötuna í Wales og svo höfum við verið að túra nú í febrúar. Þeir eru að fíla okkur ágætlega. Við erum búnir að vera hérna nokkrum sinnum áður, en aðallega í London. Í september förum við í smátúr en þetta er stærsti túrinn sem við höfum farið í," segir hann.

Jan „Stan" Kybert stjórnar upptökum á plötu Jakobínarínu og ber Gunnar hon-um vel söguna. Hefur hann í gegnum tíðina unnið með hljómsveitum á borð við Oasis, Massive Attack og The Verve auk þess sem hann aðstoðaði Björk Guðmundsdóttur á plötunni Vespertine.

Gunnar hefur búið í Bretlandi það sem af er þessu ári og hlakkar mikið til að koma heim í lok mánaðarins. „Þetta er búið að vera ágætt en maður saknar samt Nonnabita og fjölskyldunnar," segir hann.

- fb

FRÉTTIR AF FÓLKI

Tónlistarkonan **Björk Guðmundsdóttir,** Beastie Boys, The Arcade Fire og Interpol eru á meðal þeirra sem koma fram á tónlistarhátíðinni Sasquatch! sem verður haldin í Washington dagana 26. og 27. maí. Björk hefur áður boðað komu sína á tónlistarhátíðir í Hróarskeldu, Glastonbury og á Coachella í Bandaríkjunum.

Rapparinn **Eminem** hefur gagnrýnt fyrrverandi eiginkonu sína, Kim, fyrir að tala illa um sig í útvarpsþætti í Detroit í síðustu viku. Sagði hún Eminem vera hræðilega manneskju sem versnaði með hverjum deginum. „Það er synd að ég skuli hafa haldið áfram með líf mitt en ekki hún," sagði Eminem. „Þessi stanslausa fjölmiðlaherferð hennar skaðar börnin okkar og það finnst mér mjög sorglegt. Þeirra vegna vona ég að hún hætti þessu."

GUERLAIN

Glæsileg snyrtibudda fylgir við kaup á tveimur hlutum úr Guerlain línunni, þar af einu kremi

Snyrtibuddan inniheldur:
Hreinsimjólk 50ml
Rakamaski 30ml
Orichideé krem 3ml
Maskari 3ml
Insolance 1ml

Andvirði gjafarinnar er 6.000 kr.

Útsölustaðir: Hygea Kringlan, Hygea Smáralind, Lyf og heilsa Kringlan, Snyrtivöruverslunin Glæsibæ, Maður og kona Laugavegi, Bylgjan Hamraborg, Laugar spa Laugardal, Snyrtistofan Garðabæ, Snyrtihús Bergdísar og Snyrtistofan Betri líðan Akureyri

> Ólafur Ingi til Svíþjóðar

Félagaskipti landsliðsmannsins Ólafs Inga Skúlasonar til sænska félagsins Helsingborg gengu loks í gegn í gær og hefur Ólafur Ingi þegar skrifað undir þriggja ára samning við sænska úrvalsdeildarfélagið. Ólafur Ingi lék síðast með enska félaginu Brentford. Hjá Helsingborg hittir Ólafur Ingi fyrir sjálfan Henrik Larsson sem gengur aftur í raðir sænska félagsins í næsta mánuði en hann er sem kunnugt er í láni hjá Man. Utd.

sport

sport@frettabladid.is

HÖRÐUR AXEL VILHJÁLMSSON: FJÖLNIR HEFUR EKKI UNNIÐ HEIMALEIK SÍÐAN Í NÓVEMBER

Ætlar að klára tímabilið almennilega

Hið unga lið Fjölnis úr Grafarvogi er á botni Iceland Express-deildar karla en getur komist upp úr fallsæti með sigri á Þór úr Þorlákshöfn á heimavelli sínum í kvöld. Hörður Axel Vilhjálmsson er einn ungu strákanna í liðinu. „Við erum allir að bíða eftir leiknum. Þetta verður hörkuleikur," segir Hörður og það má búast við jöfnum og spennandi leik enda fór fyrri leikur liðanna í framlengingu. „Við höfum ekkert unnið í Dalhúsunum síðan ég kom og við verðum að fara að gera eitthvað í því," segir Hörður ákveðinn. Fjölnir er búið að tapa fjórum heimaleikjum í röð og vann síðast í Dalhúsunum 8. nóvember. „Tapið í síðasta leik á móti Haukum situr ekkert í okkur og kemur bara til með að hjálpa okkur að koma enn tilbúnari í leikinn á móti Þór," bætir Hörður við en leikurinn hefst klukkan 19.15 í kvöld.

Fjölnir hefur tapað mörgum jöfnum leikjum í vetur og það veit Hörður vel. „Okkur hefur vantað að klára leikina, við erum búnir að vera inni í öllum leikjum, oftast yfir fyrstu þrjá leikhlutana en síðan bara gerist eitthvað," segir Hörður en það er enginn uppgjafartónn í stráknum. „Við erum búnir að spila á móti fimm af sex efstu liðunum og við getum unnið alla leikina sem við eigum eftir. Við erum búnir að sýna það að við getum unnið öll liðin í þessari deild og ég held að það sé enginn í liðinu okkar sem trúir því ekki. Það er ekki inni í myndinni að falla en úrslitakeppnin fjarlægist alltaf með hverjum leiknum sem við náum ekki að vinna," segir Hörður en Fjölnisliðið hefur aðeins unnið einn af síðustu ellefu leikjum sínum.

Hörður sjálfur hefur hitt illa í síðustu leikjum og hann er staðráðinn í að bæta úr því í í kvöld. „Ég ætla að reyna að einbeita mér að því að klára tímabilið almennilega því ég er búinn að vera frekar slakur. Ég ætla að koma sterkur inn í leikinn í kvöld og vera grimmari en ég er búinn að vera," segir Hörður sem hefur skorað 13,3 stig og gefið 5,7 stoðsendingar að meðaltali með Fjölni í vetur.

LEYNDIN EKKI AFNUMIN Atkvæðaseðlar íþróttafréttamanna í kjöri íþróttamanns ársins verða ekki opinberaðir.

Kjör íþróttamanns ársins:

Aðilar utan ÍSÍ útilokaðir

ÍÞRÓTTIR Aðalfundur samtaka íþróttafréttamanna, SÍ, var haldinn í gær. Þar bar helst til tíðinda að tillaga um að útiloka íþróttamenn sem eru ekki í sérsambandi innan ÍSÍ frá kjöri íþróttamanns ársins var samþykkt. Það þýðir að kraftlyftingamenn í Kraftlyftingasambandinu koma þar af leiðandi ekki lengur til greina eins og staðan er í dag.

Tillaga um að opna kjör íþróttamanns ársins á þann hátt að allir atkvæðaseðlar væru birtir á heimasíðu SÍ, sportpress.is, var felld með miklum meirihluta. Atkvæðagreiðslan verður því áfram leynileg. **- hbg**

NBA-stjarnan Steve Nash:

Sækist eftir hlut í Spurs

FÓTBOLTI Besti leikmaður NBA-deildarinnar tvö síðustu árin, Steve Nash, er áhugasamur um að kaupa hlut í Tottenham en hann álítur það vera mjög góða fjárfestingu. Nash hefur haldið með liðinu alla sína tíð og er mikill knattspyrnuáhugamaður en hann á ættir að rekja til Englands. Foreldrar Nash koma frá Norður-London en Nash er með kanadískt ríkisfang. Verði af kaupunum mun Nash fara fyrir hópi annarra fjárfesta. **- óój**

Bellamy barði á Börsungum

Craig Bellamy tók sér frí frá því að berja félaga sína í Liverpool í gær og barði í staðinn á Börsungum. Hann skoraði eitt mark og lagði annað upp fyrir manninn sem hann lamdi með golfkylfu á föstudag, John Arne Riise, í 1-2 sigri.

GOLFARI AF GUÐS NÁÐ? Craig Bellamy var maður gærkvöldsins í Meistaradeildinni og fagnar hér marki sínu gegn Barcelona með léttri golfsveiflu við mikla kátínu Steven Gerrard. Sama atvik sést á myndinni að neðan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FÓTBOLTI Fyrri umferðin í sextán liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu lauk í gærkvöldi. Stórleikur kvöldsins var viðureign Evrópumeistara síðustu tveggja ára, Barcelona og Liverpool.

Eiður Smári Guðjohnsen sat á varamannabekk Barcelona sem tók á móti Liverpool á heimavelli sínum. Nou Camp. Félagarnir Craig Bellamy og John Arne Riise voru báðir í byrjunarliði Liverpool en athygli vakti að hinn stóri og stæðilegi Peter Crouch sat á bekknum hjá gestunum.

Leikurinn fór rólega af stað en eftir rúmlega tíu mínútna leik þyngdust sóknir heimamanna verulega og hurð skall nærri hælum að marki Liverpool hvað eftir annað. Eitthvað hlaut undan að láta og það gerðist á 14. mínútu þegar Deco skoraði með skalla eftir sendingu frá Zambrotta en John Arne Riise á sinn þátt í markinu enda stóð hann ekki vaktina gegn Deco nægilega vel og var í raun víðs fjarri þegar þessi smái Portúgali skallaði boltann í netið.

Heimamenn tóku í kjölfarið öll völd á vellinum en náðu ekki að skapa sér almennilegt færi. Liverpool vann sig rólega inn í leikinn og jafnaði þrem mínútum fyrir hlé með marki Bellamys af stuttu færi. Valdes markvörður bjargaði skalla hans inn í markinu, ýtti boltanum út og þá var Kuyt mættur til að sjá endanlega til þess að Liverpool fengi mark. Bellamy fagnaði með því að taka golfsveiflu og gerði þar með grín að umræðu síðustu daga en hann lamdi Riise félaga sinn með níu járni á dögunum.

Liverpool-liðið hafði fært sig enn aftar á völlinn í síðari hálfleik og Barcelona gekk afar illa að skapa sér marktækifæri. Liverpool fékk bestu færin framan af síðari hálfleik og munaði litlu að gestirnir tækju forystuna.

Það var síður en svo ósanngjarnt þegar John Arne Riise kom Liverpool yfir á 74. mínútu eftir sendingu frá „félaga" sínum Craig Bellamy. Sá síðarnefndi bætti þar með að einhverju leyti fyrir barsmíðarnar á hinum norska með sendingunni.

Eiður Smári kom af bekknum þegar tíu mínútur lifðu leiks en hann leysti Saviola af hólmi sem ekkert hafði getað. Það breytti litlu fyrir Barcelona sem var í sömu vandræðunum og Liverpool fagnaði glæstum útisigri af einlægni.

Í öðrum leikjum gerði Chelsea jafntefli, 1-1, á útivelli gegn Porto og Inter og Valencia gerðu 2-2 jafntefli í fjörugum leik á San Siro. Roma og Lyon gerðu að lokum markalaust jafntefli í Róm.

henry@frettabladid.is

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Meistaradeild Evrópu:

BARCELONA-LIVERPOOL	1-2
1-0 Deco (14.), 1-1 Craig Bellamy (43.), 1-2 John Arne Riise (74.).	
PORTO-CHELSEA	1-1
1-0 Raul Meireles (12.), 1-1 Andriy Shevchenko (16.).	
ROMA-LYON	0-0
INTER-VALENCIA	2-2
1-0 Esteban Cambiasso (29.), 1-1 David Villa (64.), 2-1 Maicon (76.), 1-1 David Silva (87.).	

Enska úrvalsdeildin:

EVERTON-TOTTENHAM	1-2
0-1 Dimitar Berbatov (35.), 1-1 Mikel Arteta (42.), 1-2 Jermaine Jenas (89.).	
WATFORD-WIGAN	1-1
1-0 Darius Henderson (24.), 1-1 Caleb Folan (41.)	

SS-bikar karla:

STJARNAN-ÍR	27-24 (13-9)

Mörk Stjörnunnar: Tite Kalandadze 7/2, David Kekelia 5, Arnar Theódórsson 4, Elías Már Halldórsson 4, Volodimyr Kysil 3, Guðmundur Guðmundsson 3, Ólafur Víðir Ólafsson 1.
Varin skot: Roland Valur Eradze 18.
Mörk ÍR: Björgvin Þór Hólmgeirsson 6, Davíð Georgsson 5/3, Jón Heiðar Gunnarsson 4, Ólafur Sigurjónsson 3, Ólafur Sigurgeirsson 3, Ragnar Már Helgason 2, Brynjar Steinarsson 1.
Varin skot: Jacek Kowal 13, Sigurður Sigurðsson 1/1.

HAUKAR-FRAM	

Leik liðanna var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun.

SS-bikar kvenna:

HAUKAR-VALUR	25-18 (14-3)

Mörk Hauka: Sandra Stojkovic 7, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 6, Ramune Pekarskyte 5, Harpa Melsted 3, Erna Halldórsdóttir 2, Nína K. Björnsdóttir 1, Fanney Barkardóttir 1.
Mörk Vals: Drífa Skúladóttir 6, Hafrún Kristjánsdóttir 3, Katrín Andrésdóttir 3, Sigurlaug Rúnarsdóttir 2, Íris Ásta Pétursdóttir 1, Hildigunnur Einarsdóttir 1, Ágústa Edda Björnsdóttir 1, Brynja Steinsen 1.

Iceland Express-deild kvk:

KEFLAVÍK-GRINDAVÍK	86-93

STAÐA EFSTU LIÐA

HAUKAR	**16**	**15**	**1**	**1518-987**	**30**
KEFLAVÍK	17	13	4	1622-1204	26
GRINDAVÍK	**17**	**12**	**5**	**1398-1228**	**24**
ÍS	17	7	10	1103-1224	14

Stjörnumenn og Haukakonur unnu í undanúrslitum SS-bikarsins í gærkvöldi:

Báðir bikarmeistararnir í Höllina

HANDBOLTI Bikarmeistarar Stjörnunnar í karlaflokki og Vals í kvennaflokki tryggðu sér í gær sæti í úrslitaleik SS-bikarsins. Stjörnumenn unnu 27-24 sigur á ÍR-ingum en Haukastúlkur léku sér að Valsstúlkum á Ásvöllum.

Hið unga lið ÍR-inga gafst aldrei upp og gerði Stjörnumönnum lífið leitt allan leikinn en Garðbæingar voru hins vegar með frumkvæðið allan tímann og sigurinn var aldrei í mikilli hættu. Roland Eradze varði vel í marki Stjörnunnar og þeir Arnar Theódórsson og David Kekelia leystu það vel þegar ÍR-ingar tóku Tite Kalandadze úr umferð. Tite Kalandadze hélt annars uppi sóknarleik Stjörnunnar framan af leik og skoraði mörg falleg mörk.

Björgvin Þór Hólmgeirsson var hættulegasti leikmaður ÍR-inga en mátti sín lítils eftir að Stjörnumenn fóru að klippa hann út úr.

STÆRRI OG STERKARI Stjörnumenn voru númeri of stórir fyrir barátttuglatt ÍR-lið. Hér skorar Volodymyr Kysil eitt marka sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Reynsluboltarnir Ólafur Sigurjónsson og Ragnar Már Helgason fóru báðir illa með færin og mátti hið unga ÍR-lið ekki við því.

Haukastúlkur voru aldrei í vandræðum gegn Val og leikurinn var nánast búinn í hálfleik þegar Haukarnir voru komnir ellefu mörkum yfir, 14-3. Valsstúlkur náðu að minnka muninn í seinni hálfleik en sigurinn var aldrei í hættu og bikarmeistaranir er því komnir í úrslitaleikinn á móti Gróttu. **- óój**

ELDHÚS

DESIGNA HÁGÆÐA INNRÉTTINGAR Í ÚRVALI

843.000 kr.

Designa - Sort og hvidt
Svart og hvítt. Einfalt, fágað og hagkvæmt

750.000 kr.

Designa - Multikøkkenet
Rými fyrir allt og alla. Tilvalið fyrir fjölskylduna

325.000 kr.

Designa - Retro Orange
Nútímaleg, falleg og notadrjúg

615.000 kr.

Designa - Drømmekøkkenet
Ljóst og létt yfirbragð fyrir þá sem njóta lífsins

VELKOMIN HEIM
EGG er með allt til að innrétta og fegra heimilið þitt

EGG
SMÁRATORGI

*Verð miðast við innréttingu og sökkul

> KENNETH BRANAGH

Fæddist 10. desember árið 1960 í Belfast á Norður-Írlandi. Hann fékk snemma áhuga á leiklist, byrjaði á sviði en færði sig síðan í kvikmyndir. Hann er þekktur fyrir að sitja ekki auðum höndum og ungur að árum var hann farinn að taka að sér leikstjórn og var kominn með eigið framleiðslufyrirtæki. Hann var giftur leikkonunni Emmu Thompson en þau eru nú skilin. Hann lék í myndinni How to Kill Your Neighbor´s Dog sem sýnd er á Stöð 2 Bíó í dag.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ: BERGSTEINN SIGURÐSSON ENDURHEIMTIR TRÚNA Á MEINAFRÆÐINGA

Dásamlegur Dexter í dimmum draumi

Þótt ekki sé búið að sýna nema fyrsta þáttinn ætla ég samt að fullyrða að blóðslettufræðingurinn og raðmorðinginn Dexter er það langbesta sem boðið er upp á í íslensku sjónvarpi í dag. Ég játa að ég var skeptískur þegar ég heyrði af öðrum þætti um meinafræðing í Miami en mér til mikillar ánægju reyndist Dexter jafn skemmtilegur og CSI: Miami er leiðinlegur. Kannski kaldhæðnislegt að hugsa til þess að mest heillandi karakter í sjónvarpi í dag er með öllu tilfinningalaus. Skjár einn hefur að minnsta kosti séð til þess að ég aflýsi öllu öðru á sunnudagskvöldum, Dexter er minn maður. Það skemmir svo sem ekki fyrir að hafa Boston Legal á undan, þótt þeir þættir séu fróða halda þeir samt enn þá dampi.
Talandi um fróðu, þá tók það mig fjóra þætti að komast að þeirri niðurstöðu að Heroes er lappunnt drasl; mauksoðinn blanda af Lost og X-Men, bara leiðinlegra persónugallerí og lopinn teygður enn þá meira. Lost er reyndar runnið út í vitleysu en má eiga það að fyrsta serían stóðu hetjusullinu langtum framar.

BOSTON LEGAL

EKKI MISSA AF

17.50 Blackburn - Leverkusen SÝN

20.00 Everybody Hates Chris SKJÁREINN

21.05 Studio 60 STÖÐ 2

21.05 Lithvörf RÚV

21.45 Chapelle´s Show SIRKUS

SJÓNVARPIÐ

16.50 Íþróttakvöld (e)
17.05 Leiðarljós (Guiding Light)
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar (e)
18.30 Stebbi strútur (12:13)
18.40 Of margir guðir (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.10 Hálandahöfðinginn (1:6) (Monarch of the Glen) Breskur myndaflokkur um ungan gósserfingja í skosku Hálöndunum og samskipti hans við sveitunga sína. Meðal leikenda eru Susan Hampshire, Richard Briers, Lloyd Owen, Hamish Clark, Alexander Morton, Julian Fellowes og Martin Compston.
21.05 Lithvörf (7:12) Stuttir þættir um íslenska myndlistarmenn. Að þessu sinni er rætt við Helga Þorgils Friðjónsson olíumálara.
21.15 Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives III) Bandarísk þáttaröð.
22.00 Tíufréttir
22.25 Sporlaust (12:24) (Without a Trace IV) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.
23.10 Lífsháski (e) (Lost)
23.55 Kastljós
00.25 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Foyle´s War 2
08.00 Owning Mahowny
10.00 How to Kill Your Neighbor´s Dog
12.00 A Shot at Glory (Stefnt á toppinn)
14.00 Owning Mahowny
16.00 How to Kill Your Neighbor´s Dog
18.00 A Shot at Glory (Stefnt á toppinn)
20.00 Foyle´s War 2 Aðalhlutverk: Michael Kitchen, Anthony Howell, Honeysuckle Weeks. 2002.
22.00 Intacto Stranglega bönnuð b.
00.00 Blind Horizon Stranglega bönnuð
02.00 Moving Target (Í skotlínunni)
04.00 Intacto

STÖÐ 2

07.20 Grallararnir (Tiny Toons)
07.40 Tasmanía (Taz-Mania)
08.00 Commander In Chief (4:18)
08.45 Í fínu formi 2005
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Related (14:18)
10.05 Ganga stjörnurnar aftur?
10.50 Whose Line Is it Anyway?
11.15 60 mínútur (60 Minutes)
12.00 Hádegisfréttir
12.40 Nágrannar (Neighbours)
13.05 Valentína
14.35 Two and a Half Men (20:24)
14.55 Eldsnöggt með Jóa Fel (2:6) Íþróttafréttamenn Sýnar komu í heimsókn.
15.20 Curb Your Enthusiasm (8:10)
15.50 Skrímslaspilið
16.13 Scooby Doo
16.38 Tasmanía (Taz-Mania)
17.03 Myrkfælnu draugarnir (36:90)
17.18 Doddi litli og Eyrnastór (Noddy)
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Nágrannar (Neighbours)
18.18 Íþróttir og veður
18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.00 Ísland í dag
19.40 The Simpsons (10:22)
20.05 Meistarinn Í þessum öðrum þætti eigast við blaðamennirnir Páll Ásgeir Ásgeirsson og Svanborg Sigmarsdóttir. 2007.
21.05 Studio 60 (7:22) Spánnýr bandarískur framhaldsþáttur með Matthew Perry úr Friends í aðalhlutverki sem fengið hefur frábærar viðtökur vestanhafs.
21.50 The Closer (14:15) (Málalok)
22.35 Murder in Suburbia (4:6)
23.25 American Idol (9:41)
00.05 American Idol (10:41)
00.50 The Order (Sin Eater) Hrollvekjandi og dularfull spennumynd. Alex Bernier er uppreisnargjarn prestur í sérstakri trúarreglu. Stranglega bönnuð börnum.
02.30 Medium (3:22) (Miðillinn)
03.15 Studio 60 (7:22) (Bak við tjöldin)
04.00 The Closer (14:15) (Málalok)
04.45 Bones (4:22) (Bein)
05.30 Fréttir og Ísland í dag
06.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tíví

SIRKUS TV

18.00 Insider (e)
18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.00 Ísland í dag
19.30 Seinfeld
19.55 3. hæð til vinstri (21:30)
20.00 Entertainment Tonight
20.30 My Name Is Earl 2 - NÝTT Earl snýr aftur. Önnur serían af einum vinælustu gamanþáttum heims og er þessi fyndnari en fyrri!
21.00 KF Nörd (7:15) (Fjölmiðlafár í Borgarnesi) Nördunum hefur ekki gengið eins vel og þeir vonuðust eftir. Stráknarir eru þó langt frá því búnir að gefast upp. Næsta verkefni þeirra er að mæta landsfrægum fjölmiðlamönnum í sannkölluðum hörkuleik. Meðal leikmanna sem þeir mæta eru Hermann Gunnarsson, Simmi Idol, Ívar Guðmundsson á Bylgjunni og margir fleiri.
21.45 Chappelle´s Show
22.15 Insider
22.40 The Nine (e) Níu manns, allt ókunnugt fólk, eru tekin í gíslingu í banka einum. Þar er þeim haldið í 52 klukkustundir við erfiðar aðstæður. Þegar þau losna úr bankanum og fara að lifa lífi sínu finna þau að ekkert verður eins aftur.
00.20 Seinfeld
00.45 Entertainment Tonight (e)
01.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 N4 Fréttir og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
16.45 og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

07.15 Beverly Hills 90210 (e)
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Melrose Place (e)
13.30 World Pool Championships (e)
15.15 Vörutorg
16.15 Love, Inc. (e)
16.45 Beverly Hills 90210
17.30 Rachael Ray
18.15 Melrose Place
19.00 Everybody Loves Raymond (e)
19.30 Game tíví
20.00 Everybody Hates Chris - NÝTT Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín að uppvaxtarárum sínum. Fyrsti þáttur í nýrri þáttaröð og það gengur á ýmsu hjá Chris og fjölskyldu hans. Whoopi Goldberg leikur gestahlutverk, nýja nágrannakonu sem lætur mikið til sín taka. Chris býður nýrri stelpu í hverfinu á deit og vonast til að fá ekki enn eina neitunina.
20.30 Malcolm in the Middle
21.00 The King of Queens - Lokaþáttur Bandarískir gamanþættir um sendibílstjórann Doug Heffernan, Carrie eiginkonu hans og Arthur, hinn stórfurðulega tengdaföður hans. Arthur kveikir í kjallaranum og Carrie vill senda hann á elliheimili en Doug er ekki alveg á sama máli.
21.30 Still Standing
22.00 House
22.50 Everybody Loves Raymond
23.15 Jay Leno
00.05 America's Next Top Model - Lokaþáttur (e) Það er komið að stóru stundinni og Tyra Banks krýnir sigurvegarann.
01.05 C.S.I. (e)
01.55 Vörutorg
02.55 Beverly Hills 90210 (e)
03.40 Melrose Place (e)

SKJÁR SPORT

18.00 Everton - Tottenh. (frá 21. feb)
20.00 Liðið mitt Spjallþáttur um fótbolta í umsjón Böðvars Bergssonar. Hann fær til sín góða gesti sem ræða um boltann frá ýmsum hliðum.
21.00 Watford - Wigan (frá 21. feb)
23.00 Sheff. U. - Tottenh. (frá 10. feb)
01.00 Dagskrárlok



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.05

Meistarinn

LEITIN að nýjum Meistara hófst formlega fyrir viku síðan. Þá tryggði Helgi Árnason, skólastjóri Rimaskóla, sér fyrstur allra sæti í 8 manna úrslitum, er hann lagði Örn Úlfar Sævarsson í hörkuspennandi einvígi þar sem úrslit réðust ekki fyrr en í síðustu spurningu. Í kvöld mætast tveir nafntogaðir blaðamenn og mannvitsbrekkur hinar mestu; Páll Ásgeir Ásgeirsson, kynningarfulltrúi Þjóðleikhússins, og Svanborg Sigmarsdóttir, blaðakona á Fréttablaðinu. Svanborg er 34 ára gömul og býr í Reykjavík. Hún starfar sem blaðamaður og hefur vakið athygli fyrir greinargóðar og upplýsandi stjórnmálaskýringar. Páll Ásgeir er gamalreyndur blaðamaður og rithöfundur. Hann er fimmtugur, býr í Reykjavík og starfar sem kynningarstjóri Þjóðleikhússins. Hann var um árabil blaðamaður hjá DV þar sem hann var lengstum umsjónarmaður helgarblaðsins. Hann hefur einnig verið dagskrárgerðarmaður á Rás 2 og gefið út ferðabækur.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ MY NAME IS EARL SIRKUS KL. 20.30

Earl er fyrrum smáglæpamaður sem ákvað að bæta upp fyrir syndir sínar. Hann útbjó lista og ákvað að snúa baki við fyrrum lífsstíl. Fyrsta serían af myndafloknum My Name Is Earl sló heldur betur í gegn enda bráðfyndnir þættir með kostulegum persónum. Earl snýr nú aftur í annarri seríu og segir sagan að þessi sé enn fyndnari en sú fyrri. Fylgist með frá byrjun á Sirkus.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45 Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.05** Morgunvaktin **08.00** Fréttir **09.05** Laufskálinn **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd
12.03 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Vítt og breitt
14.00 Fréttir
14.03 Útvarpssagan: Snorrabraut 7 (4:18)
14.30 Hlustir
15.00 Fréttir
15.03 Fallegast á fóninn
16.00 Fréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.00 Fréttir
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
19.00 Vitinn
19.27 Tónlistarkvöld Útvarpsins - Frá tónleikum Gewandhaus-hljómsveitarinnar.
22.00 Fréttir
22.10 Veðurfregnir
22.15 Lestur Passíusálma (16:50)
22.22 Þættir úr íslenskri leikritun: Breyttur heimur (7:12)
23.15 Hlaupanótan
00.00 Fréttir
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður

SÝN

07.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs (Meistaramörk)
15.10 Það helsta í PGA mótaröðinni
15.40 Meistaradeild Evrópu - Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
17.20 Meistaradeildin með Guðna Bergs (Meistaramörk)
▶**17.50 UEFA bikarinn** (Blackburn - Bayer Leverkusen) Bein útsending frá leik Leverkusen og Blackburn í UEFA bikarnum.
19.50 Football Icon
20.35 Augusta Masters Official Film
21.30 PGA Tour 2007 - Highlights Svipmyndir frá síðasta móti á PGA-mótaröðinni í golfi í Bandaríkjunum. Farið er yfir helstu tilþrifin fyrstu þrjá keppnisdagana en svo er efstu kylfingunum fylgt eftir á lokaholunum.
22.25 Meistaradeildin með Guðna Bergs (Meistaramörk)
22.55 UEFA bikarinn (Blackburn - Bayer Leverkusen) UEFA bikarinn.

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
23.00 Nýjar eignir e.
0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð.

DR 1

6.00 Den lille prinsesse **6.10** Peter Pedal **6.30** Det, der med børn **7.00** Magnus og Myggen **7.15** Rubbadubbers **7.30** Hvad er det værd **8.00** Kaptajn og besætning byder velkommen **8.30** Nyheder fra Grønland **9.00** Viden om **9.30** Læs for livet **10.00** DR Derude Svalbard **10.30** Verdens sejeste dansker **11.00** TV Avisen **11.10** Penge **11.35** Grøn glæde **12.00** De moderne familier **12.25** Aftenshowet 1**3.20** Kender du typen **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** SPAM **14.30** Boogie Update **15.00** Liga 1**5.30** Søvnløse nætter **15.35** Frikvarter **16.00** Barda **16.30** Fandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **17.55** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Vores planet **20.00** TV Avisen **20.25** Task Force **20.50** SportNyt **21.00** A Sound of Thunder **22.40** Flemmings Helte **22.55** Det Vildeste Westen **23.10** Den 11. time **23.40** Liga

NRK 1

7.05 VM på ski 2007 **7.30** VM på ski 2007 **8.15** Frokost-tv **9.00** Siste nytt **9.05** VM på ski 2007 **10.00** Siste nytt **10.05** VM på ski 2007 **10.30** VM på ski 2007 **11.00** Siste nytt **11.05** VM på ski 2007 **12.00** Siste nytt 1**2.05** VM på ski 2007 **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra Østfold **14.00** Siste nytt **14.05** Drakejegerane **14.30** Zombie hotell **15.00** Siste nytt **15.03** Pysj-klubben **15.30** Dunder **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** VM på ski 2007: Høydepunkter **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Den lille blå dragen **17.05** Uhu **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt 1**8.55** VM på ski 2007: VM-kveld **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Størst av alt **21.30** Hjerte til hjerte **22.00** Kveldsnytt **22.15** Kulturnytt **22.20** Urix **22.50** Da dikene brast **23.50** MAD TV

SVT 1

8.30 Lilla löpsedeln **8.45** Morfis kod, ett matteäventyr **9.00** Showen Dollar **9.15** Runt i naturen - här kommer äggdjuren **9.20** Mellan raderna **9.25** Bästisar **9.50** Safari Europa **9.55** Runt i naturen - Hönsrumpa och kofötter **10.05** Safari Europa **10.10** Världens fest i Sverige **10.25** Runt i naturen **11.00** Rapport **11.05** Argument **14.30** Packat & klart **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige 16.00 Prins Joachims Schackenborg **16.30** Pi **16.45** Sagoträdet **17.00** Nalle har ett stort blått hus **17.25** Dagens visa **17.30** Undringar **17.35** Ozzy och Drix **18.00** Lilla Aktuellt **18.15** Bobster **18.30** Rapport **19.00** Antikrundan **20.00** Är all strålning farlig? **21.00** Den fjärde stolen **21.55** Rapport **22.05** Kulturnyheterna **22.15** Uppdrag Granskning **23.15** Sändningar från SVT24



Minnum á að við erum þegar farin að taka á móti umsóknum í allar deildir skólans. Því fyrr sem þú sækir um, því meiri möguleika áttu á námsvist. Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu skólans, www.bifrost.is

Lagadeild

Í lagadeild er boðið upp á viðskiptalögfræði sem samsett er úr greinum lögfræði, fjármála og viðskipta. Námið er afar hagnýtt og getur verið góður undirbúningur fyrir atvinnulífið eða frekara nám. Nemendur útskrifast með BS gráðu í viðskiptalögfræði.

Viðskiptadeild

Alhliða viðskiptanám sem ætlað er að búa nemendur undir ábyrgðar-, forystu- og stjórnunarstörf í innlendu og alþjóðlegu samkeppnisumhverfi. Í BS námi í viðskiptafræði eru kennd öll helstu svið stjórnunar, rekstrar og viðskipta.

Félagsvísindadeild

Deildin býður upp á grunnnám til BA í HHS (heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði). Grunnnám í HHS er traustur undirbúningur fyrir hvers kyns framhaldsnám á sviði hug- og félagsvísinda, til meistara- eða doktorsgráðu og fyrir störf á alþjóðlegum vinnumarkaði.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Frekari upplýsingar:
www.bifrost.is 311 Borgarnes | Sími 433 3000

Stjórnenda- og leiðtogaskóli í hartnær 100 ár

MORGUNMATURINN

„Ég reyni nú að hafa morgunmatinn svolítið fjölbreyttan, svo ég verði ekki leiður. En ég útbý kaffi latte handa mér og kærustunni. Hita mjólk og freyði hana upp, set sterkt kaffi út í og geri dýrindis kaffi. Ég get ekki byrjað daginn án þess að fá mér þetta, það er nauðsynlegt.“

Börkur Hrafn Birgisson tónlistarmaður.

Eiríkur Hauksson gefur engum núll

Nýkrýndur sigurverandi í Eurovison, Eiríkur Hauksson, verður áfram meðal álitsgjafa í samnorrænum sjónvarpsþætti um Eurovision-keppnina sem sænska ríkissjónvarpið framleiðir.

Eiríkur fundaði með yfirmönnum Ríkisútvarpsins í gær og ákvað þá að láta slag standa. Segir hann að Svíarnir hafi lagt hart að sér að halda áfram í þættinum. „Það er búið að senda út póst til allra Norðurlandaþjóðanna út af þessu og RÚV hefur ekki fengið nein viðbrögð frá öðrum þjóðum,“ segir Eiríkur. „Við erum búnir að ræða þetta fram og til baka og sjáum bæði kosti og galla á þessu. Það er bara í mínum höndum að gera þetta skemmtilega og fagmannlega, þannig að enginn móðgist og allir geti brosað. Ég var búinn að ákveða að ef ég myndi vinna keppnina hérna heima myndi ég tilkynna það í fyrsta þætti að ég væri svo vel upp alinn að ég myndi þurrka út núllið. Þannig að enginn fær núll og þá er maður orðinn svolítið dipló,“ segir hann í léttum dúr.

Tökur á þættinum fara fram dagana 29. og 30. mars. Fram að því verður Eiríkur önnum kafinn við undirbúning fyrir lokakeppnina í Helsinki og m.a. hefjast upptökur á laginu, Ég les í lófa þínum, á ensku í dag. „Ég og Sveinn Rúnar erum búnir að ákveða að það verður vandað til verks með það. T.d. verður textinn prófarkalesinn af enskumælandi fólki því orð fá oft nýja merkingu á ensku og eitt orð getur eyðilagt ansi mikið.“ - fb

EIRÍKUR HAUKSSON Eiríkur verður áfram á meðal álitsgjafa í samnorrænum þætti um Eurovision-keppnina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SVEINN RÚNAR SIGURÐSSON Höfundur sigurlagsins „Ég les í lófa þínum“ ætlar að vanda vel til verka við upptökur á ensku útgáfunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



LÁRÉTT 2 dekk **6** hvað **8** þyrping **9** hljóma **11** frá **12** fylgsni **14** trufla **16** gríska bókstafur **17** andi **18** kúgun **20** óreiða **21** hnappur.

LÓÐRÉTT 1 ofneysla **3** í röð **4** ógætinn **5** tilvist **7** heimsálfa **10** fæða **13** suss **15** vingjarnleiki **16** ot **19** á fæti.

LAUSN

LÁRÉTT: 2 hjól, **6** ha, **8** kví, **9** óma, **11** af, **12** felur, **14** raska, **16** pí, **17** sál, **18** oki, **20** rú, **21** tala.

LÓÐRÉTT: 1 óhóf, **3** jk, **4** óvarkár, **5** líf, **7** ameríka, **10** ala, **13** uss, **15** alúð, **16** pot, **19** il.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Baldur Gíslason.
2. Nisshin Maru.
3. Gísli Örn Garðarsson .

Í KVÖLD
Hundur í óskilum
Á MORGUN
Múlinn Alex Riel Trio
10 ára afmælistónleikar
domo
RESTAURANT / BAR
ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
SÍMI 552 5588
DOMO@DOMO.IS
WWW.DOMO.IS

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is

PÁLL MAGNÚSSON: ALDREI SÉÐ AÐRAR EINS ÁHORFSTÖLUR

Áramótaskaupið margfaldur heimsmeistari í áhorfi

„Ég hef víða farið og margt séð, marga fjöruna sopið í þessum sjónvarpsbransa, en aldrei séð aðrar eins áhorfstölur,“ segir Páll Magnússon útvarpsstjóri.

Páll er með glóðvolgar áhorfstölur frá Capacent sem sýna ótrúlegar áhorfstölur á leiki íslenska handboltalandsliðsins. En í pakkanum slæddust með fyrir tilviljun tölur sem aldrei hafa verið birtar. Og taka til þess áhorfs sem Áramótaskaup sjónvarps nýtur og hefur notið undanfarin ár. Þær tölur eru með ólíkindum. Síðasta skaup mældist með 93,3 prósent í uppsafnað áhorf sem er aukning um tæpt prósent frá árinu áður. En árið 2002 fór það upp í 95,5 prósent.

ÁRAMÓTASKAUPIÐ Næstum má fullyrða að aldrei hafa aðrar eins áhorfstölur sést og mælast þegar Skaupið er á dagskrá.

HANDBOLTINN VINSÆLL Ótrúlegar áhorfstölur en tæp 80 prósent þjóðarinnar horfðu á æsispennandi en svekkjandi leik Íslands og Danmerkur.

Ísland	Mótherji	Dags.	Uppsafnað áhorf
Ísland	Frakkland	22. jan.	71,3%
Ísland	Túnis	24. jan.	57,5%
Ísland	Pólland	25. jan.	65,0%
Ísland	Slóvenía	27. jan.	52,5%
Ísland	Þýskaland	28. jan.	57,1%
Ísland	Danmörk	30. jan.	79,0%
Danmörk	Pólland	1. feb.	41,2%
Ísland	Spánn	3. feb.	37,5%
Þýskaland	Pólland	4. feb.	35,0%

Áramótaskaup	Uppsafnað áhorf
Áramótaskaup 2002	95,5%
Áramótaskaup 2003	94,6%
Áramótaskaup 2004	94,1%
Áramótaskaup 2005	92,5%
Áramótaskaup 2006	93,3%

PÁLL MAGNÚSSON Einsdæmi að heil þjóð sé að horfa á sömu sjónvarpsdagskrána samtímis.

„Þetta er ótrúlegt,“ segir Páll dolfallinn. Og þorir næstum að fullyrða að svona sjónvarpsáhorf hafi aldrei mælst á Vesturlöndum. Heimsmet.

„Örugglega er einsdæmi að fullyrða megi að heil þjóð sé að horfa á sömu sjónvarpsdagskrána samtímis,“ segir Páll og vísar til þess að allir þeir sem eru sjálfráðir gerða sinna séu að horfa.

Þessar tölur segja sitthvað um þjóðarsálina en ljóst má vera að þegar mikið liggur við sameinast hún fyrir framan skjáina. Þannig geta íþróttaáhugamenn nú blásið á úrtölumenn sem þykir íþróttum allt of hátt gert undir höfði í dagskránni. Á leik Íslands og Danmerkur, sem var á dagskrá 30. janúar, horfðu 78 prósent þjóðarinnar. Lygilegar áhorfstölur eru einnig á aðra leiki íslenska liðsins. (Sjá meðfylgjandi töflu.)

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Mikill atgangur er nú á vefsíðu **Jónínu Ben** sem sendir föst skot í allar áttir. Nema, datt á með dúnalogni við eina athugasemd sem finna má á síðunni, en hún er frá **Guðmundi H. Bragasyni** þul hjá RÚV. Hann segir: „Kæra Jónína bloggvinur, get ég pantað tíma með þér, er þú kemur til landsins, varðandi pínu bisness.“ Jónína tekur vel í það og segir að næsta ferð til Póllands, þar sem hún stendur fyrir stólpípumeðferðum Íslendinga, sé 17. mars. Þannig að aðdáendur Guðmundar skulu ekki gera ráð fyrir honum á skjánum þá.

Ein þeirra sem hefur fengið það óþvegið frá Jónínu Ben er ritstjórinn **Sigríður Dögg Auðunsdóttir** sem þessa dagana er ýmist þögguð, lofuð eða situr undir óbótaskömmum eins og þessum. Víst er að ummæli Jónínu eru langt utan alls velsæmis og hefur Sigríður fengið fjölmargara ásakanir þess efnis að senda Jónínu fyrir dómstóla vegna meiðyrða.

Aðalleikurinn í Meistaradeild Evrópu í fótbolta var háður í Barcelona í gærkvöld þegar Liverpool lék þar við heimamenn. Meðal vallargesta voru íslensku sjónvarpsmennirnir **Auðunn Blöndal** og **Sverrir Þór Sverrisson**, að sjálfsögðu í boði íslenska landsliðsfyrirliðans **Eiðs Smára Guðjohnsen**. Þeir félagar hafa margoft verið gestir Eiðs Smára þar sem hann hefur spilað en ekki fer sögum af því hvort þeir hafi verið fluttir í einkaþotu að þessu sinni eins og Eiður bauð upp á fyrir tveimur árum í leik við Liverpool í sömu keppni.

- jbg/hdm

100 þúsund krónur fyrir klámhvataferð

„Já, ég ætla að vera með og hef borgað hundrað þúsund krónur fyrir,“ segir Sigurður Valdimar Steinþórsson, eigandi vefsíðunnar klam.is, en hann verður meðal hundrað og fimmtíu gesta á kaup- og skemmtihátíðinni Snowgathering sem vakið hefur mikil og sterk viðbrögð í þjóðfélaginu. Þar ætla forkólfar klámiðnaðarins á netinu að hittast til að blanda geði hver við annan og skiptast á upplýsingum. „Það verður örugglega mjög gaman að upplifa þetta,“ segir Sigurður, en þetta verður í fyrsta skipti sem hann sækir slíka ráðstefnu. „Ég hlakka mjög mikið til,“ bætir hann við.

Klam.is er ein örfárra íslenskra vefsíðna sem bjóða eingöngu upp á erótíska afþreyingu og klám á netinu og segir Sigurður að áhuginn og ásóknin í síðuna hafi aukist jafnt og þétt. „Það fjölgar á póstlistanum hjá okkur á hverjum degi,“ segir Sigurður.

Andstaðan við komu þessara aðila hefur ekki farið framhjá Sigurði. Hann segist ekkert skilja í þessari umræðu og tekur undir orð Vestur-Íslendingsins Scott Hjorleifsson, sem sagði í samtali við Fréttablaðið á mánudag að hann skammaðist sín fyrir þjóðernið. „Við erum búin að skjóta okkur rækilega í fótinn með þessu fjaðrafoki,“ segir Sigurður. „Þetta fólk er hvorki tengt barnaklámi né mansali,“ bætir hann við. „Við erum að hleypa inn í landið alls konar fólki en síðan á að meina þeim aðgang, þetta er fáránlegt,“ segir Sigurður, sem hafði heyrt af því að einhverjir ráðstefnugestir hefðu þegar afboðað komu sína hingað til lands sökum andstöðunnar.

Mikil og þétt dagskrá verður fyrir gestina og er ráðgert að fara í Bláa lónið, skoða Gullfoss og Geysi, fara á súlustað og kíkja á sýningu á Broadway. - fgg

SIGURÐUR VALDIMAR Hefur skráð sig til leiks á Snowgathering-hátíðina, sem vakið hefur mikil og sterk viðbrögð í þjóðfélaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

WWW.SVAR.IS

LÆGSTA VERÐIÐ

2.0Ghz

OKKAR ACER VÉLAR HAFA 3 ÁRA ÁBYRGÐ

TILBOÐ: 59.900-

Acer Aspire 5051

AMD Turion 64 2.0Ghz / 512MB DDR2 Vinnsluminni
60GB Harður Diskur / DVD og CD Skrifari / Aðeins 2.4kg.

Acer Aspire 3693

OKKAR ACER VÉLAR HAFA 3 ÁRA ÁBYRGÐ

Intel Celeron M 1.7Ghz / 512MB DDR2 vinnsluminni
80GB harður diskur / DVD og CD Skrifari / Innbyggð vefmyndavél
Windows Vista Basic

TILBOÐ: 69.900-

Acer Aspire 5633

OKKAR ACER VÉLAR HAFA 3 ÁRA ÁBYRGÐ

Intel Core 2 Duo 1.66Ghz / 512MB DDR2 vinnsluminni
120GB harður diskur / DVD og CD Skrifari
Innbyggð vefmyndavél

TILBOÐ: 79.900-

Acer Aspire 5103

OKKAR ACER VÉLAR HAFA 3 ÁRA ÁBYRGÐ

AMD Turion64 X2 Dual Core / 1GB DDR2 vinnsluminni
120GB harður diskur / Innbyggð vefmyndavél
Windows Vista Premium

TILBOÐ: 89.900-

svar:) tækni

3 ára ábyrgð

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.SVAR.IS - SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATOR
- félag laganema við Háskóla Íslands

Ókeypis lögfræðiaðstoð alla fimmtudaga milli 19:30 - 22:00 í síma 551-1012

BAKÞANKAR

DR. GUNNA

Skallafordómar

Söngkonan Britney Spears hefur verið í sviðsljósinu síðustu mánuðina. Hegðun hennar, meðal annars stíft sukk með forhertustu pjásum hins svokallaða skemmtanalífs, hefur bent til þess að ekki sé allt með felldu. Þegar nýjustu fréttirnar flæddu yfir heimsbyggðina má segja að tappann hafi fyrst tekið úr: Britney var búin að snoða sig.

ÉG saup hveljur eins og móðursjúk kerling og hugsaði: Æ æ, nú er Britney alveg búin að missa það. Stuttu síðar læddist sú hugsun að mér að ég væri haldinn stórfurðulegum skallafordómum sem kæmu úr hörðustu átt.

HVAÐ er þetta eiginlega með hár og hárleysi? Almennt má segja að hár sé fullkomlega tilgangslaust fyrirbæri. Það loðir við skrokkinn og gerir ekkert nema að minna á forfeður okkar í trjánum sem voru of vitlausir til að prjóna peysur. Nú til dags er ekkert gagn að hári. Það skiptir í raun engu hvort það sé þarna eða ekki. Samt hafa myndast flóknar venjur og siðir í kringum það.

AFHVERJU er það talið merki um sturlun þegar lokkafagrar konur snoða sig? Er það ekki bara þeirra mál? Er þessi hugsun ekki bara gott dæmi um andlega hlekki kvenna?

Á meðan snoðaður kvenmannshaus telst geðveila finnst velflestum gróskumiklir hárbrúskar undir höndum kvenna dæmi um slóðaskap. Órakaðir leggir fara í sama flokk og hamingjan hjálpi mér ef kona sést með loðna efrivör.

NOKKUÐ er á huldu með samfélagslega ásættanlegan hárvöxt á V-svæði kvenna. Þar setja síbreytilegar tískubylgjur strik í reikninginn en eftir því sem ég kemst næst er retro brúskur að koma sterkur inn aftur.

KARLKYNIÐ fer ekki varhluta af hárfordómunum. Skyndileg snoðun er líka talin merki um geðveiki hjá körlum. Þegar Ingvar E. Sigurðsson var endanlega búinn að missa það í Englum alheimsins snoðaði hann sig og þegar Bob Geldof átti að vera orðinn einna geðveikastur í The Wall var hann látinn raka af sér augabrúnirnar fyrir framan spegil. Það er merki um jafnvel enn meiri sturlun en að snoða sig.

ÞÓTT flest bendi til að Britney greyið sé orðin dálítið ringluð á öllu ruglinu leyfi ég mér samt að vona að skallinn sé róttæk femínísk yfirlýsing. Næst sjáum við hana vonandi með kafloðna krika á rauðsokkufundi.

SHARP
XE-A203
• 32 vöruflokkar
• Allt að 1200 PLU númer
• Sjálfvirk dagsetning og tím
• Hitaprentun
• Íslenskur strimill
• Rafrænn innri strimill
• Mjög auðveld í forritun
• Kr. 49.900,-

SHARP
XE-A213
• Allt að 99 vöruflokkar.
• Allt að 1200 PLU númer.
• Sjálfvirk dagsetning og tími.
• Hitaprentun.
• Íslenskur strimill.
• Rafrænn innri strimill.
• Mjög auðveld í forritun
• Kr. 54.900,-

SHARP

Fáðu þér nýja sjóðvél fyrir mánaðarmót ..!!
Við tökum þá gömlu upp í fyrir 10.000,- kr.

ORMSSON

Þú gengur að gæðunum vísum!
SÍÐUMÚLA 9 · Sími 530 2800 | AKUREYRI · Sími 461 5000 | KEFLAVÍK · Sími 421 1535 | www.ormsson.is